

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS - AKUREYRI

SKÝRSLA 3

HALLDÓR G. PÉTURSSON

SKRIÐUANNÁLL 1925 - 1950

AKUREYRI 1996

INNGANGUR

Með þessum skriðuannál er náð nokkrum áfanga í þeirri upplýsingasöfnun sem ég hef staðið fyrir síðustu árin, en nú hefur verið safnað upplýsingum um það tímabil sem Veðurstofa Íslands hefur verið starfrækt. Þykir mér það eðlilegt framhald að kanna nánar samhengi skriðufalla og veðurfars á þessu tímabili, til að þekkja betur einkenni þess veðurs sem kemur af stað skriðuföllum. Tilgangur þeirrar könnunar væri að gera betri veðurspár, vara við mögulegum skriðuföllum og búa sig undir þau. Þetta var upprunanlega hugmynd okkar (Veðurstofunnar og Náttúrufræðistofnunar) þegar þessar rannsóknir hófust um 1989. Fróðlegt væri einnig að safna frekari upplýsingum um þau skriðuföll, sem fóllu fyrr en árið 1925 og kanna þau betur. Því tímabili (fyrir 1925) gerði Ólafur Jónsson góð skil í riti sínu Skriðuföll og snjóflóð. Sú vinna Ólafs auðveldar mjög allar rannsókir á skriðuföllum hérlandis og er reyndar sá grunnur sem þær hvíla á.

Þessu tímabili (1925 - 1950) hefur áður verið gert skil í riti Ólafs, en þó þótti ástæða til að safna ýtarlegri upplýsingum. Aðalheimildir um skriðuföll og grjóthrun á þessu tímabili, auk rits Ólafs eru dagblöð og Veðrattan. Annállinn var unnninn á þann hátt, að leitað var kerfisbundið í Morgunblaðinu, árin 1925 - 1950. Við þá leit naut ég dyggrar aðstoðar Þóris Haraldssonar, menntaskólakennara, en hann hefur á síðustu árum safnað kerfisbundið upplýsingum um náttúru Íslands úr dagblöðum og öðrum rituðum heimildum. Þær upplýsingar voru notaðar sem grunnur til leitar í öðrum heimildum. Allar upplýsingar um skriðuföll, sem fundust er haldið til haga á Náttúrufræðistofnun Íslands, Akureyri.

Á tímabilinu var mikið um skriðuföll og grjóthrun og fórust af þessum orsökum níu manns á árunum 1925 - 1950. Flestir fórust 19. ág. 1950 á Seyðisfirði, eða fimm. Tveir fórust í Látrabjargi árið 1926, en í Grímsey 1927 og Hornafirði 1941 fórst maður í hvort skifti. Um hluta tímabilsins eru til mjög takmarkaðar upplýsingar, en það eru striðsárin 1940 - 1945. Á þessum tíma var í gildi ritskoðun og veðurfréttir og fréttir tengdar veðri taldar hernaðarleyndarmál. Sérstaklega virðist ritskoðum hafa verið ströng árin 1944 og 1945.

Stærstu skriðuföll á tímabilinu virðast hafa orðið á Austfjörðum og Miðnorðurlandi 14.-17. sept. 1935. Þá fóllu m.a. skriður í Möðruvallasókn í Eyjafirði, en það svæði hefur í gegnum aldirnar orðið alræmt fyrir skriðuföll. Við Eyjafjörð urðu einnig mjög mikil skriðuföll 22.-23. sept. 1946, en þá urðu óhemju skemmdir á jarðvegi og skógi í Höfðahverfi og Dalsmynni, svo miklar að það land verður vart það sama á ný. Miklar skógarskemmdir urðu einnig í Fljótsdal 10. nóv. 1941. Vert er að geta um mikil skriðuföll og flóð á svæðinu frá Mýrdal og vestur í Borgarfjörð 7.-8. sept. 1933 og samskonar atburða á svæðinu frá Suðursveit og að Reyðarfirði, 16. sept. 1936. Fóllu þá miklar skriður á mjóu belti, utarlega í fjörðunum frá Lóni og í Reyðarfjörð. Mikil skriðuföll virðast einnig hafa orðið á sunnanverðum Vestfjörðum í maí 1941, en takmarkaðar upplýsingar eru til um þau vegna ritskoðunar.

Talsvert var um grjóthrun við jarðskjálfta á tímabilinu. Mest var grjóthrunið við stærstu skjálftana, en þeir urðu í Brennisteinsfjöllum á Reykjanesskaga, 23. júlí 1929 og við Dalvík, 2. júní 1934. Þá má geta um mikið grjóthrun úr Drangey 1934 og 1937 og Eldey 1950. Í þessi skifti hrundu stórar spildur úr eyjunum.

Á þéttbýlisstaði og þorp, svo sem Siglufjörð, Akureyri, Seyðisfjörð, Neskaupstað, Eskifjörð, Bildudal, Suðureyri, Flateyri og Ísafjörð fóllu skriður á tímabilinu. Á suma staðina fóllu skriður oftar en einu sinni og má fullyrða að lítið tillit hafi verið tekið til þeirra skriðufalla við skipulag byggðar.

Í nokkur skifti hleypti staðbundið úrhelli, eða jafnvel kröftug regnskúr af stað talsverðum skriðuföllum. Sem dæmi um þetta má nefna skriðuna við bæinn Jökul í Eyjafjarðardal 1931, skriðuföll við Þórarinsstaði í Hrunamannahrepp 1940 og í Þjórsárdal 1949. Stórar skriður fóllu einnig við vorleysingar, svo sem í Eyjafjarðardal og Öxnadal 1939 og við Draflastaði í Sölvadal 1949. Í rigningu og asahláku eyddi skriða tveimur bæjum að Steinum undir Eyjafjöllum, 26. des. 1926.

Þá má geta mjög sérkennilegra skriðufalla við Víllingadal á Ingjaldssandi 1935, við Óspakseyri á Ströndum 1943 og í Austurdal í Skagafirði 1949. Í fyrri tveimur tilvikunum var um að ræða mjög efnismiklar skriður, hugsanlega tengdar gömlum berghlaupum. Í Austurdal virðist aftur á móti hafa orðið lítið berghlaup. Sérstök ástæða er til að kanna aðstæður á öllum þessum stöðum frekar.

Þessum upplýsingum hefði ekki verið hægt að safna ef ég hefði ekki notið velvilja og aðstoðar Amtsbókasafnsins á Akureyri. Kann ég Amtsbókaverði Lárusi Zophoniassyni og öðrum starfsmönnum Amtsbókasafnsins hinar bestu þakkir fyrir.

Að lokum er rétt að geta þess að upplýsingaöflun þessi er samvinnuverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands - Akureyri, Veðurstofu Íslands og Ofanflóðasjóðs.

Halldór G. Pétursson

SKRIÐUANNÁLL

1925

vetur SEYÐISFJÖRDUR (Botnahlíð).

Skriða/skriðuhætta.

...Nýlega varð vart við jarðsprungur allmiklar efst í Botnabréuninni upp af Búðareyrinni. Gerðu þær mönnum nokkurn geig og föru margir þangað um síðustu helgi. Ýmsir hugðu í fyrstu, að sprungurnar stöfuðu af því að jarðvegurinn upp á klettbrúninni hefði sigið fram. Og hefði svo verið, var engin furða þótt mönnum skyti skelk í bringu, þar sem mikil leysing gat orsakað það, að þessi spilda neðan sprungnanna sigi fram af klettabeltunum, þá væri fjöldi húsa á Búðareyrinni í hættu staddir. En við nánari athugun hafa menn séð að þarna er um jarðfall að ræða, samskonar og hin mörgu og aldargömlu, sem eru viðsvegar í fjallinu. Og til tveggja hliða út frá jarðfallinnu hafa, að líkindum við hristinginn sem af því stafaði, opnast smærri sprungur. En melurinn niður undan hefir ekki sjáanlega hreyfst vitund. Virðist því engin ástæða til þess, að hafa ugg um alvarlega hættu, sem af þessu stafi sérstakega. Melurinn getur staðið að mestu óhaggaður í heila öld fyrir þessu, að öðru leyti en því að búast má við að innanvert úr honum losni dálitið ofan í gilið, eins og margoft hefir skeð áður. Þetta er líklegast (Hænir 31.01.).

Heim: Hænir 31.01.

ATH: Svo virðist sem lítil skriða (jarðfall) hafi fallið úr brún Botnahlíðar skömmu áður en fréttin í Hæni er skrifuð. Botnahlíð nefnist þykk setfylla neðst í svonefndum Botnum, sem eru ofan við byggðina á Seyðisfirði. Vatn sem fallið hefur sem úrkoma á fjallshlíðina í Botnum hefur fossað út úr setfyllunni í Botnahlið og komið þar af stað skriðuföllum, t.d. 25.09.1981.

vor EYJAFJÖRDUR (Villingadalur).

Skriða.

...Einhvern tíma á útmánuðum þ. á. hljóp grastorfa allmikil úr Torfufelli vestanverðu, andspænis bænum Villingadal í Saurbæjarhreppi í Eyjafirði. Torfan losnaði undan klettabelti spölkorn upp í hliðinni og hljóp niður í Torfufellsána, sem hún mun hafa stíflað í bili, en síðan ruddi áin stíflunni úr sér, flóði þá yfir allar eyrar og dreifði grastorfunum viðs vegar (Ól. Jóns. '57).

...Jarðfallið er upp frá Steinboganum og Jarðfallsklettarnir þar ofan við. Hafi einhvern tíma verið um nokkra Lágöxl að ræða, hefur hún verið Jarðfallsklettarnir, en nafnið er að likindun ekki gamalt á þeim, því það er til þess að gera ekki langt síðan að jarðföll föru að hlaupa neðan við klettana. Síðasta jarðfallið fór þar sumarið 1924. Var svo mikil ferð á því, að það spýttist yfir gilið og stíflaði ána við Steinbogann, svo að stór uppistaða myndaðist sunnan við. Þegar áin spýtti stíflunni burt, var flóðið svo mikið, að hnausarnir úr jarðfallinu dreifðust niður um Torfufellseyrar (Órnfn. Saurbhr.).

*Heim: Ól. Jóns. '57. Angantýr H. Hjálmarsson, Pálmi Kristjánsson 1957:
Órnfn i Saurbæjarhreppi.*

ATH: Hér er greinilega verið að fjalla um sama skriðufallið, en átal er á reiki. Ól. Jóns. segir 1925, en Órnfn. Saurbhr. segja 1924.

9. júní EYJAFJÖRÐUR (Eyjafjarðardalur, Djúpidalur).

Skriður.

Þ. 4.-10. sunnan átt og sífelldar rigningar og óþurrrkar á Suðurlandi en bliðviðri á Norðurlandi. Síðari hluta dags þ. 10. gengur hann í suðvestrið og verður hvass, einkum á Norðausturlandi. ...Mestur var hitinn um þ. 9., einkum á Norðurlandi (ca. 20°). ...Á Norðurlandi voru óvenjumiklir vatnavextir í þessum mánuði. Þ. 9.-11. hljóp vöxtur í Héraðsvötnin, meiri að sögn en komið hefir í 35 ár.

...Tíðin er einnumagóð þessa dagana, sunnan hlýindi og skúrir. Horfur með grasprettu hinar bestu. Bændur hér í nærsveitum eru að láta hreinsa tún sín og hafa ekki undan sprettunni. Ár og lækir eru í miklum vexti. Frammi í Saurbæjarhreppi hafa skriður fallið á nokkrum stöðum og gert spjöll bæði á túnum og engjum (Dagur 11.06.). ...Í leysingunum á þriðjudaginn félru skriður allviða í Saurbæjarhreppi, beggja megin árinna, og gerðu allmiklar skemmdir. Á Skáldsstöðum og Hleiðargarði skemmdust bæði tún og engi til muna af skriðuhlaupinu, og á Kolgrímastöðum, Vatnsenda, Hólum og Strjúgsá urðu einnig talsverðar skemmdir (Isl. 12.06.). ...Talsverðar skemmdir urðu einnig á engjum á Kolgrímastöðum, Hólum og Vatnsenda. Dagana á undan var rigning og leysingar (Mbl. 13.06.). ...Á Vatnsenda og Skáldsstöðum félru skriður yfir stóran hluta túnanna. Flúði fólkid á Vatnsenda bæinn um tíma vegna yfirvofandi hættu. Einnig félru skriða á túnið í Hleiðargarði og gerði þar spjöll mikil. Á Jórunnarstöðum og Hólum félru skriður á engjar (Verkam. 16.06.) ...Um þ. 9. varð skriðuhlaup í Saurbæjarhreppi í Eyjafirði. Skemmdust tún og engjar töluvert á nokkrum bæjum (Veðr. júní).

Heim: Dagur 11.06. Visir 11.06. 13.06. Isl. 12.06. Mbl. 13.06. Vörður 13.06.

Ísaf. 15.06. Aþb. 15.06. Verkam. 16.06. Veðr. júní. Ól. Jóns. '57.

júní VATNSDALUR.

Vatnavextir/skriða?

Það hefur e.t.v. verið þetta vor, sem hlaup kom í lækinn sunnan við Bjarnarstaði í Vatnsdal í hitaveðri í júní. Ekki höfðu þó áður gengið rigningar. Stóð hlaupið í two daga, svo að mannsöfnuð þurfti til að gæta hans og hindra, að hlaupið færi á bæinn. Líklega hefur vatn stemmt uppi í fjallinu, uppi í Bjarnastaðadöllum eða inni í fjallinu, sem er mjög sprungið og gljúpt og gleypir vatn í sig. Vatn þetta hefur svo skyndilega fengið framrás og orsakað hlaupið. ...Sums staðar eru þarna allmiklar lægðir, þar sem vatn getur staðið uppi, en hvergi eru merki um ofanjarðarrennsli úr þessum lægðum. Allt vatn hripar þarna niður í lausan ruðninginn, er virðist alls staðar undir og í hólum og hryggjum milli kvosanna (þetta eru Bjarnastaðadalir). ...Ekki er underlegt, þótt fjallið þarna sé ótryggt, og virðist hlíðin út frá Tvífossum (norðan við fyrrnefndan læk) einkum varhugaverð, því að þar er mjög mikið af lausum ruðningi og brattinn mikill. Brekkan þarna er þó ekki eins há og þar sem Bjarnastaðaskriða fél (Ól. Jóns. '57).

Heim: Ól. Jóns. '57.

ATH: Lýsingin hér að ofan er athyglisverð í ljósi þeirra miklu skriðufalla/berghlaupa, sem orðið hafa á þessum slóðum. Hugsanleg vatnssöfnun "inni í" fjallinu gæti nægt til að koma berghlaupum af stað.

6. júlí INGÓLFSFJALL.

Skriða.

Þ. 1.-5. suðaustan átt og úrkoma oft á Suðurlandi, en þurrviðri á Norðurlandi. ...Á Austurlandi og sumstaðar á Norðurlandi rigndi mest um þ. 6., 31.0 mm á Teigarhorni, 32.7 mm í Vík í Mýrdal þ. 5. Dagana á undan hafði líka rignt mikið á Suðurlandi. (Ath. skv. töflu var heildarúrkoma í Vík í júlí 259.5 mm, en hámarksúrkoma 32.7 mm, þ. 6., en ekki þ. 5. sem áður er sagt).

Skriða féll úr Ingólfssjalli í gær, og fór yfir þjóðveginn á nálægt 20 faðma svæði. Flutningabifreið var aðeins ókomin á svæði þetta þegar skriðan féll. Var vegurinn ófær bifreiðum í gærkvöldi (Mbl. 07.07.). ...Þ. 6. féll skriða úr Ingólfssjalli og gerði þjóðveginn ófæran á 40 m svæði (Veðr. júlí).

Heim: Mbl. 07.07. Ább. 07.07. Veðr. júlí. Ól. Jóns. '57.

15. júlí SKAGAFJÖRÐUR (Norðurárdalur).

Skriður.

Þ. 9.-23. oftast sunnan átt. ...Rigningar og þokur tíðar á Suðurlandi, en þurrviðrasamt og hlýtt á Norðurlandi.

Þ. 15. tók stórfloð í Kotá í Norðurárdal í Skagafirði brúna af ánni. Álið er að áin hafi fyrst stíflast af skriðum (Veðr. júlí).

Heim: Veðr. júlí. Ól. Jóns. '57.

ATH: Veðr. er eina heimildin um þetta skriðufall og reyndar eina heimildin sem fundist hefur um að flóð hafi tekið brúna á Kotá. Hugsanlega er hér einhver ruglingur á ferðinni og e.t.v. átti þetta sér stað í júní. Þá voru á Norðurlandi óvenju miklir vatnavextir og þ. 9.-11. hljóp vöxtur í Héraðsvötnin, meiri að sögn en komið hafði í 35 ár (Veðr. júní. Mbl. 11.06. 14.06.).

29. ág. VATNSDALUR.

Skriða.

Síðustu daga mánaðarins voru sífelldar rigningar um allt land.

...29. ágúst, mun skriða hafa hlaupið á Másstöðum í Vatnsdal. Hún mun hafa komið úr Másstaðagjánni, gljúfrinu mikla í Hlassinu, sem er hnjúkurinn upp af Másstöðum. ...Hlaup þetta fór niður milli fjóss og bæjar, rétt sunnan við bæinn, og munaði minnstu, að það lenti á bænum (Ól. Jóns. '57).

Heim: Ól. Jóns. '57.

1926

12. jan. AKUREYRI.

Skriða/snjóflóð?

Þ. 5.-13. óstöðugt veður, oftast við suðrið. Þrjár djúpar lægðir komu suðvestan að landinu. Fylgdi þeim hvöss suðaustan og sunnan átt, rigningar og hlýindi um allt land.

Þ. 12. fél aur- og snjóskriða fram af Höfðanum á Akureyri og gerði allmiklar skemmdir á húsi, sem fyrir henni varð (Veðr. jan.). ...Á þriðjudagskvöldið var (12.01.),

var asahláka og hafði verið undanfarna daga. Um kl 23:30 um kvöldið hljóp fram aur og snjóskriða úr Höfðanum á húsið nr. 20 við Aðalstræti hér í bæ. Braut skriðan skúr við húsið, glugga og hurðir og fyllti kjallara hússins vatni. Tvíbýli er í húsinu og brotnaði því nær allt leirtau á öðru búinu, en mikið hjá hinu. Urðu skemmdirnar allmiklar og hefðu meiri orðið, ef skúrinn hefði eigi dregið úr högginu. Fyllti skriðan upp undir þakskegg hússins og er margra daga verk að aka henni burtu. Sumir kenna því um að skriðan féll, að stíflaður hafi verið skurður, sem átti að safna saman vatni á Höfðanum og leiða það norður af honum. Hafi vatnið sigið niður og sprengt fram fylluna. Þess sjást og merki, að vatn hafi komið fram með skriðunni, enda fylltist kjallarinn. Mesta mildi var að eigi hlaust mannskaði af þessu. Tveir menn höfðu nokkru áður verið að flá sel ofan við húsið og að degi til er þar alltaf umferð annnað slagið. Hefðu menn vart getað forðað sér undan skriðunni. Þetta gefur tilefni til að íhuga, hvort ekki væri þörf á því að lagfæra brekkurnar í bænum þar sem þær eru hæstar og brattastar (Verkam. 19.01.).

...Fyrir nokkru féll skriða úr brekkunni í suðurbænum og gerði talsverðar skemmdir á húsi þeirra Adólfs Kristjánssonar og Jónasar Franklíns (Aðalstræti 20). Brotnaði skúr er stóð að húsabaki, gluggar er að brekkunni snéru og urðu talsverðar skemmdir innanhúss. Hafði vatn hlaupið úr skurði uppi á brekkunni og losað um jarðveginn uns fylla allmikil, ásamt snjó, hljóp fram (Dagur 04.03.).

Heim: Verkam. 19.01. Dagur 04.03. Veðr. jan. Ól. Jóns. '57.

ATH: Þ. 20.05. 1990 féll skriða á næsta hús við hliðina, Aðalstræti 18 og gjöreyðilagði það. Aðstæður við bæði þessi skriðuföll virðast hafa verið mjög svipaðar.

16. júní LÁTRABJARG, (banaslys).

Grjóthrun.

Um síðasta slysatilfellið, sem varð úr bjarginu 16. júní sumarið 1926, er það að segja, að þann dag (Sunnudbl. Vísíss 29.08 1943). ...fórust tveir menn í Látrabjargi af grjóthruni (Kristján Erlendsson og Ástráður Ólafsson). Þeir fóru saman í bjargið og höfðu með sér stuttan vað til hjálpar. Félagar þeirra tveir voru að veiðum á öðrum stað, en þoka var, svo að eigi sáu þeir hvorir til annarra. Heyrðu þeir þá hrún og fóru að grennslast um félaga sína, en fundu þá ekki. Snéru þeir þá heim, og var safnað mönnum til leitar. Fannst Ástráður rotaður í bjarginu og mun ekki hafa hrapað mikið, en Kristján fannst niðri í fjörugrjóti, mjög limlestur og illa útleikinn (Ól. Jóns. '57).

Heim: Sunnudbl. Vísíss 29.08 1943. Ól. Jóns. '57. Magnús Gestsson 1971: Látrabjarg.

ATH: Magnúsi Gestsson 1971, segir einungis að mennirnir hafi hrapað, minnist ekki á hrún.

24. ág. EYJAFJÖRÐUR (Látraströnd, Möðruvellir fremri, Sölvadalur, Hörgárdalur, Öxnalur, Barkárdalur)

Skriður.

Þ. 22.-25. gengur lægð að vestan, austur eftir sunnanverðu landinu og austur fyrir það. Fyrri 2 dagana var suðlæg átt sunnanlands, en austan- og norðaustanátt norðanlands. Síðan snérist hann alls staðar í norðrið.

Aðfaranótt briðjudagsins 24. ág. brast á aftaka norðaustanveður með afsprymnuúrfelli um miðbik Norðurlands. Urðu af veðri þessu hin mestu spjöll til lands og sjávar. Ár allar runnu fram með feikna vatnsgangi og aurburði, og gerði skaða á slegnu grasi og óslegnu. Eyjafjarðará og allar þverár hennar flæddu og ullu spjöllum, svo og einnig Hörgá og Svarfaðardalsá.

...Skriðuhlaup urðu víða hér í grennd. Hefur blaðið heyrт um þessar skemmdir af völdum þeirra. Á Helgastöðum í Eyjafirði hljóp skriða á túnið og tók af nálaегt þriðjungi þess. Á Möðruvöllum (fremri) og Kálfagerði hljóp skriða og urðu af miklar skemmdir á engjum. Þá hefur og heyrst að skriður hafi hlaupið í Öxnadal og Hörgárdal, en ekki hafa borist um það greinilegar fregnir (Dagur 26.08.). ...A Steindyrum á Látraströnd hljóp stór skriða og eyðilagði mikinn hluta af enginu og er álitid, að fé hafi farist í þeiri skriðu (Ísl. 27.08.). ...Skriða hljóp í Sölvadal og gerði stórskaða á túni (Dagur 03.09.) ...það var Kerhóll. Til viðbótar áður töldum hrakfallasögum skal geta þess, að skriður gerðu stórkostlegt tjón á Neðstalandi, Efstalandi og Efstalandskoti í Öxnadal, sérstaklega síðast töldum bæ. 30 skriður stærri eða smærri fíllu í landi þverár í Öxnadal þennan dag, en eigi orkuðu þær skaða á túni eða engi (Dagur 09.09.).

...Sumarið 1926 fíllu miklar skriður á Helgastöðum, og barst þá svo mikið stórgryti á túnið sunnan við lækinn, að það mun seint gróa (Örnefn. Saurbhr.).

Barkárdalur: ...Þá er Urðalækur. Hann var allmikill fyrr, eða fram til ársins 1926, en 24. ágúst það ár í dæmafáu vatnsveðri, urðu víða stórfelld skriðuföll. Sprakk þá spilda úr fjallsbrúninni við upptök Urðalækjar, og síðan er hann aðeins smásitra (Örnefn. Skriðuhr.). ...Við suðausturenda Barkárjökuls er stuttur dalur, nafnlaus, sem endar í jökulskál og liggur þaðan grjótjökull út í dalsmynnið, og hefur tunga hans náð fram á stallinn sem þarna er í fjallinu. Þann 24. ágúst 1926 varð þarna framhlaup úr urðartungunni eða hausnum í mynni dalsins, og fíll niður í botn Barkárdals á um 1 km breiðu svæði, sem síðan er þakið grjóþróngli og stórbjörgum, og kallast þar nú Stórusteinur. Lækur sem þarna var fyrir, Urðarlækur, hvarf þá að mestu, en annar kom upp fyrir utan skriðuna sem Nýlækur nefnist (Helgi Hallgrímsson 1985).

Heim: Dagur 26.08. 03.09. 09.09. Ísl. 27.08. Mbl. 29.08. 31.08. Verkam. 29.08.

Visir 01.09. Veðr. ág. Ól. Jóns. '57. Angantýr H. Hjálmarsson, Pálmi Kristjánsson 1957: Örnefni i Saurbæjarhreppi. Jóhannes Óli Sæmundsson - handrit: Örnefni í Skriðuhrepp. Helgi Hallgrímsson 1985: Náttúrumiñjaskrá Eyjafjarðarsýslu.

25. okt. REYKJANES.

Grjóthrun við jarðskjálfta.

Þ. 14.-29. okt. gekk jarðskjálftahrina yfir Reykjanes. Snörpustu kippirnir í hrinunni komu þ. 25. Miklar breytingar urðu á hverasvæðinu á Reykjanesi við jarðskjálftana.

...Niður við sjóinn hefir myndast stór sprunga afarlöng, um alin á breidd. Klettarnir niður við sjóinn hafa hrunið að nokkru og fjaran umrótast (Aþb. 27.10.).

Heim: Aþb. 27.10. Kjartan Ottósson 1980: Jarðskjálftar á Íslandi 1900-1929.

26. des. ÖLFUS (Ingólfssfjall), AUSTUR EYJAFJÖLL (Steinar), MÝRDALUR, HORNAFJÖRÐUR (Almannaskarð).

Skriður.

Suðlægar áttir voru ríkjandi frá því um þ. 20. Þessa daga var úrkamusamt á Suður- og Vesturlandi og hiti fyrir ofan meðallag. Mest rigndi þ. 25. og 26. og mældist sólarhringsúrkoma í Vík í Mýrdal 215.8 mm. Af þessu úrfelli urðu víða miklir vatnavextir, flóð og skriðuföll. Að auki hafði snjó kyngt niður fyrir jólin. Fylgdi rigningunni asahláka og urðu því vatnavextirnir enn meiri.

Mikil flóð urðu í Borgarfirði og Norðurárdalur var sem eitt beljandi straumhaf hlíða á milli (mestu flóð síðan 1882). Ekki ullu þessir vatnavextir neinu tjóni á skepnum eða bæjum, en allmiklar skemmdir urðu á vegum (sjá Mbl. 31.12.). Flóð í Þjórsá eyðilagði flóðgátt Miklavatnsmýraráveitunnar (Veðr. des.).

...Skriður hefðu nokkrar fallið á vegi, t.d. ein úr Ingólfssjalli yfir veginn upp að Sogi (Mbl. 31.12.).

...Vatnsflóð og skriðuhlaup grandaði tveimur bæjum að Steinum undir Eyjafjöllum.

...Bærirnir stóðu í dálitilli kvos undir brattri fjallshlíð. Umhverfis bæina var alþakið grjóturð, sem borist hefur niður með smálækjarsprænu er rennur niður fjallshlíðina (aurkeila/skriðukeila). Lækur þessi er þó ekki meiri en það, að i þurrtatið á sumrin er hann þurr, og er þá erfitt að ná í vatn. En öðruvísi er þetta í leysingum á vetrum og vorin. ...Kl. nál. 03 aðfaranótt sunnudags (26.12.) vaknaði fólkid á Steinum við það að vatnsflóð mikið skall á bæinn. Fylgdi flóðinu kolmórauð moldarleðja og stórgrytisurð. Flóð þetta skall yfir með ógurlegum hraða og varð fólk með naumindum bjargað úr bæjunum. Bærirnir báðir og földi útihúsa er stóðu í þyrpingu heima, fóru undir flóðið. ...Auk þessarar eyðileggingar á húsum og munum heima, hefur skriðuhlaupið farið yfir tún og engjar og valdið stórkostlegu tjóni. Er það minnst 200 hesta slægja af túni sem skriðan hefur eyðilagt og annað eins af ágætu engi. Hljóp skriðan alla leið fram í Holtsós, er þar er fyrir framan (Ísafold 27.12. Mbl. 28.12.). ...Vatn og skriða fyllti bæina báða á Ytri-Steinum og jafnaði aðra baðstofuna við jörðu ásamt bæjardyrum og flestum útihúsum. Fylltust bæjarstæðin og umhverfið af stórgryti og aur, ...Bærirnir eru nú hrundir að mestu. Það sem eftir stendur er á kafi í stórgrytisurð (Vörður 30.12.).

...Bærirnir í Steinum hafa löngum verið í talsverðri hættu vegna grjóthruns og skriðufalla og ganga af því sögur frá ýmsum tínum. Mesta hættan hefur þó staðið af Steinalæk, sem kemur ofan af fjalli eftir gili næstum því beint upp af bæjarhúsunum í gömlu Steinum. Þar uppi á fjallinu er mikil lægð eða dalverpi og er það vatnasvæði lækjarins. Fyrir kom að framrás Steinalækjar teppist á sjallsbrúninni sakir ísa og snjóa og safnaðist þá gjarna mikið vatn þar efra í leysingum og stórrigningum. Fyrirstaðan efst í gilinu átti það til að bresta skyndilega og komu þá óskapleg hlaup í lækinn, sem fátt gat fyrir staðið. ...Veðri var svo háttáð þennan dag, að það var ákaflega milt og kyrrt. Nokkur snjór hafði verið skömmu áður, en var tekinn upp hið neðra, þótt eitthvað væri eftir í fjallinu og þá sjálfsagt mikið fyrir ofan brúnir. Frosthörkur höfðu og verið undanfarið og gaddur í jörðu, þrátt fyrir hlýindin. ...Það var byrjað að rigna, er við fórum til þeirra í uppbænum (um kl. 21:30), og rigndi síðan látlautst allt kvöldið. Létum við það síður en svo nokkuð á okkur fá, enda var besta veður. Þegar við kvöddum í uppbænum og gengum heim (um kl. 24), var enn sama ausandi rigningin (Svipast um á Suðurlandi 1978).

...Steinafólkið sofnaði nú út frá buldri lækjarins og regnhljóðinu á baðstofuþekjunni. En kl. 02 um nóttina vaknar það við vondan draum. Vatnshljóð ógurlegt buldi á bæjarhúsunum. Á svipstundu var bærinn allur umflotinn vatni og barst grjót með flaumnum. ...Lækurinn hafði breytt stefnu, í stað þess að renna venjulega leið fyrir austan bæinn hafði hann grafið sér farveg gegn um margra mannhæða hátt barð og stefndi nú beint á Steinabæ. ...Það var óhugnanleg sjón er blasti við Steinafólkini, þegar birti af degi. Allir kálgarðar voru gersamlega eyðilagðir, þar var urð ein. Matvæli og húsmunir lágu eins og háviði út um alla myri, raftar úr sumum útihúsunum og máttarviðir höfðu jafnvel borist alla leið fram á fjöru eða út á sjó. Obbinn af engjunum var eyðilagður af grjót- og malarburði, annar veggurinn af lambhúsínu horfinn, en fjárhúsið hékk enn uppi. Fjósið var hálffullt af sandi og vatni og kýrnar hörmulega leiknar. Tvær heyhlöður voru eyðilagðar og allt hey flotið burt, um 600 hestar. Tjónið allt var metið á 3500 kr, og þótt það væri allmikið fé í þá daga, fór því fjarri að tjónið væri að fullu bætt. Var hafist handa um samskot handa fjölskyldunum í Steinum og safnaðist talsvert fé, einkum í Reykjavík (Heima er bezt 1951).

...Talsverðar skemmdir urðu annars staðar undir Eyjafjöllum í þessu rigningakasti. Í Hlið (Austur-Eyjafjöllum) hlupu niður miklar skriður og stórskemmu tún og engi. Mikið flóð kom í ána austan við Þorvaldseyri og skemmdi það garða o.fl. (Ísafold 27.12.).

...Mikið tjón varð í Mýrdal og Eyjafjallasveit í þessari rigningu. ...Skriður féllu víða og skemmdu engjar, tún í Skammadal og ef til vill viðar (Veðr. des.).

...Austur í Hornafirði voru einnig miklir vatnavextir, þar fóll allmikil skriða á veginn í Almannaskarði (Mbl. 31.12.).

Heim: Ísafold 27.12. Mbl. 28.12. 30.12. 31.12. Visir 28.12. 29.12. Ápb. 28.12.

29.12. Vörður 30.12. Veðr. des. Tím 03.01.27. Ísl. 07.01.27. Lesb.Mbl. 02.09.28.

Árni Óla 1944: Landið er fagurt og fritt. Heima er bezt (nr.10) 1951. Ól. Jóns.

'57. Jón R. Hjálmarsson 1978: Svipast um á Suðurlandi.

ATH: Greinargóð frásögn af hlaupinu og björgun fólks og skepna úr því, er í bókinni *Svipast um á Suðurlandi* (Örlaganótt undir Eyjafjöllum, bls 124-135). Er frásögn sú eftir Sigríði Björnsdóttur, en hún bjargaði ásamt föður sínum flestum skepnum úr flóðinu. Önnur frásögn er í *Heima er bezt*, 1951 (Hræðileg jólanótt, bls 295-296). Er hún skráð eftir frásögn Ólafs Símonarsonar frá Steinum.

...Steinar undir Eyjafjöllum hafa svo lengi, sem menn muna, verið nafntogaðir fyrir aur- og grjótskriður þær, sem þar hafa fallið við og við. Segir umhverfið eftir um það, því kringum bæina er einlæg urð. Steinabæirnir voru til forna margir, en hafa smásaman lagst af nema þrír, en ekki sýnist skriðuhættan, stöðugt yfirvofandi, hafa vakið þá Steinabændur af tómlætinu um val á nýum bæjarstæðum, nema hvað Magnús bónið Tómasson flutti bæ sinn austar fyrir nokkrum árum, þangað sem hættulaust er. Að vísu hafa skriður þær sem hingað til hafa hlaupið, ekki verið stórhættulegar, en nú er svo komið á daginn, að vart er því treystandi, að ekki komi einhvern tíma að stórtjóni, þótt svo hafi aldrei verið fyrr (Ápb. 28.12.). - Eftir þetta voru bæirnir á Steinum færðir, en samkvæmt gamalli þjóðtrú hvíldu þau álog á Steinum, að bæirmir skyldu eyðast ef kirkja sem þar hafði verið frá fornu fari yrði rifin og lögð af. Kirkjan var lögð af um 1890 og þar með örlog Steina ekki umflúin. Þessi klausu úr Ápb. segir þó meira en mörg orð um sofandahátt Íslendinga gagnvart náttúruöflunum.

Ekki er óliklegt er að skriður hafi í þetta skiftið fallið viðar um land, t.d. í Borgarfirði.

1927

4. apr. GRÍMSEY, (banaslys).

Grjóthrun.

Á föstudaginn var (04.04.) vildi það hörmulega slys til, að Willard Fiske, sonur séra Matthíasar í Grímsey var á fuglaveiðum undir Miðgarðabjargi og beið bana af grjóthruni, er hann var á uppleið eftir gjá í bjarginu. Hann var hinn mesti efnismaður, aðeins 25 ára að aldri (Ísl. 08.04.).

Heim: Ísl. 08.04. Tím. 16.04. Ól. Jóns. '57.

sept. FÁSKRÚÐSFJÖRÐUR.

Skriða/jökulhlaup?

Um miðjan sept., er fólkid í Dölmum í Fáskrúðsfirði kom á fætur, veitti það því athygli, að Dalsáin, er rennur þar rétt neðan við túnið, var kolmórauð og að ísmolar lágu hér og þar meðfram henni, en inn á dalnum, alveg inn við dalsbotninn, þar sem Ármót heita, sást dökk rönd niður fjallið sunnan árinnar.

Við nánari athugun kom í ljós, að þarna hafði orðið hlaup mikið. Upptök þess voru í jöklum norðan í fjallstindi þeim, sem er á milli Lambatinds og Gagnheiðarhnjúks. Jökullinn er á klettabjalla norðan í tindinum og mun vatn hafa safnast þar í

jöklusprungu og sprengt neðan af jöklinum. Breidd hlaupsins mun hafa verið minnst hálfur km, en lengd þess um tveir km. Frá Döllum fram að hlaupsstaðnum eru um fjórir km.

Hlaupið fór yfir Dalsána og dálitið upp í brekkurnar hinum megin, neðan við Skógarmanagil. Ekki var vitað um fjártjón af völdum skriðunnar, en þó voru fjárheimtur í Döllum með lakara móti þetta haust.

Ekki munu neinar óvenjulegar úrkomur hafa verið um það bil er skriðan féll.

Heim: Ól. Jóns. '57.

ATH: Ekki er ljóst af þessari lýsingu hvort frekar á að flokka þetta sem skriðu, vatnsflóð eða jafnvel sem jökulhlaup.

des. FLJÓTS DALUR.

Skriður.

Í desember þetta ár mun hafa orðið mikil úrkoma og leysing í Fljótsdal. Þá félru skriður úr Valþjófsstaðafjalli á nokkrum stöðum. Ein kom niður norðan við Valþjófsstað, skammt sunnan við samkomuhúsið. Önnur fór niður á túnið sunnan við bæinn, og ein kom niður í Hvamminn, sem kallaður er, nokkru sunnar, en þar eru beitarhús frá Valþjófsstað.

Heim: Ól. Jóns. '57.

ATH: Hugsanlega hefur þetta verið þ. 5. og 6. des. en þá kom mikill vöxtur í Lagarfljót og Jökulsá á Brú og tók Jökulsá 5 ferjur (Veðr. des.).

1928

ATH: Engar heimildir hafa fundist um skriðuföll á þessu ári.

1929

23. júlí REYKJANESSKAGI, ÖLFUS (Ingólfssfjall), MÝRDALUR.

Skriður/grjóthrun við jarðskjálfta.

Dagana 23.07-01.08 voru miklir jarðskjálftar á Suðvesturlandi og virðist sem öflugustu skjálftarnir í hrinunni hafi átt sér upptök í Brennisteinsfjöllum á Reykjanesskaga, eða þar í kring. ...Landskjálftiinn kl. 17:43 þ. 23. var lang mestur og fannst á Suðurlandi allt austur að Skeiðarársandi, um allt Vesturland og sumstaðar vestantil á Norðurlandi, austast á Sigrufirði. Mestur varð hann um innanverðan Faxaflóa og í sveitunum þar upp af. Í Reykjavík duttu sumstaðar myndir af veggjum og hlutir úr hillum og á fæeinum stöðum komu sprungur í loft og steinveggi. Mest bar á þeim í veggjum hlöðnum úr grágrýti, en steinsteypuveggir holdu betur. Landskjálftamælnir fóru úr lagi við fyrstu hræringu, og sýndu því eigi, hve langt í burtu upptök landskjálftans voru, en þau hafa verið í grennd við Reykjavík og eftir fyrstu hræringunni að dæma annaðhvort norðaustan eða suðvestan við borgina, og er hið fyrra sennilegra. Flestir hinir kippirnir hafa átt upptök sunnan og suðaustan við Reykjavík, í fjallgarðinum milli Grindavíkur og Hengils (Veðr. júlí). ...Eysteinn Tryggvason telur upptök allra þessara skjálfta á svipuðum slóðum og aðalskjálftans þ. 23., í nágrenni Brennisteinsfjalla (Kjartan Ottósson 1980)

...Skriðuhrun viða í fjöllum. ...Viða hrundu skriður úr fjöllum hér nærlendis (Rvík.) og grjót úr björgum (Mbl. 26.07.).

Brennisteinsfjöll: ...ég (Guðmundur G. Bárðarson) gekk upp á Vörðufell ...en Finnur (Finnur Guðmundsson) gekk austur fyrir fellið ...við héldum svo beint að eldborginni ...sá ég rykmökk mikinn leggja upp úr gígnum ...af hraunpallinum sá hann stór stykki falla úr gígbörmunum, molna og hrynga ofan í gíginn, gaus þar upp leirmökkur, því að leirinn milli steinanna, og moldin undir mosanum var svo skraupþurr. ...Sáum við þá háa rykmekki þyrlast upp um skagann í vestur og norðvestur átt, en þar á eftir sáum við rykmekki í norðaustri og austri, má vera, að það hafi stafað af því að þeir mekkir hafi átt upptök sín lengra í burtu, og því síður sést frá okkur. ...Voru þó barmar annars gígsins þverhníptir, og sást það glögt, að stór hraunstykki höfðu fallið úr börmum hans í stærstu hviðunum. ...Allmikið jarðrask sáum við á leið okkar, eftir aðalkippinn. Í öllum gígunum, sem urðu á leið okkar, hafði grjóðhrun orðið, niðurföll höfðu sumstaðar myndast í sjálbum hraununum og nýjar sprungur, en engar voru þær breiðar, en gamlar sprungur höfðu hrundið saman á köflum. Úr hömrum, sem viða eru í hlíðunum milli brennsteinsnámanns gömlu og Grindaskarðs, hafði viða hrundið stórgryti, og allmikið stórgryti hafði hrundið úr móbergshömrúnunum norðan í skarðinu að vestan. Vegurinn um Grindaskarð hefir alveg nýlega verið ruddur, en nú voru viða komnir allstórir steinar í götuna af völdum landskjálftans (Vísir 25.07.).

...Skriða hljóp úr Ingólfssjalli í jarðskjálftanum á þriðjudaginn var. Hrundi hún niður undir beitarhúsin frá Leikskálum, sem eru skammt fyrir ofan þjóðveginn. Tveir stórir steinar liggja niðri við veginn, en aðrir við vegg hússanna. Húsin sakaði ekki, enda segir sagan að Guðmundur góði hafi vígt þau í fyrndinni (Mbl. 31.07.).

Mýrdalur: ...Að kveldi þess 23.07. fundust hér (Mýrdalur) tveir allsnarpir landskjálftakippir, en ekki varð tjón af þeim, en á nokkrum stöðum hrundi grjót úr fjöllum (Vísir 06.08.).

Heim: Mbl. 24.07. 25.07. 26.07. 31.07. Vísir 24.07. 25.07. 06.08. Veðr. júlí. Ól. Jóns. '57. Kjartan Ottósson 1980: Jarðskjálftar á Íslandi 1900-1929.

23.-24. ág. SKÍÐADALUR, UPSASTRÖND.

Skriður.

Þ. 23.-24. er norðanátt, sumstaðar allhvöss, stórvíðri og hellirigning norðanlands (73 mm á Akureyri þ. 24.). Lægð fyrir austan land.

...Vatnavextir og stórrigningar hafa valdið skaða á fjórum bæjum í Svarfaðardal fyrir síðustu helgi. Tún eyðilagðist í Sauðaneskoti og engjar spilltust mikið í Sauðanesi, vegna skriðuhlaups. Allmargar kindur urðu fyrir skriðunni, sem hljóp í sjó fram. Síðan hefur dauða skrokkana rekið á fjörur. Nýræktarspildur ónyttust á Dæli í framsveitinni, sömuleiðis hafa engjar spillst á Másstöðum (Mbl. 01.09.). ...Skriðuhlaup það, er varð í Svarfaðardal fyrir nokkrum, olli meira tjóni, en jarðspellum einum. Tók skriðan með sér kindur í sjó fram, og hafa fundist ræflar af 5 eða 6, en búast má við, að margar fleiri hafi farist (Mbl. 12.09.).

Heim: Verkm. 27.08. Mbl. 01.09. 12.09. Vísir 01.09. Tím. 07.09. Vörður 14.09. Veðr. ág. Ól. Jóns. '57.

ATH: Sauðanes og Sauðaneskot eru á Upsaströnd, en Dæli og Másstaðir í Skíðadal.

ág. HNAPPADALUR.

Skriður.

Seint í mánuðinum hlupu þrjár stórar skriður úr Fagraskógarfjalli í Kolbeinsstaðahrepp. Eyðilagðist partur af túminu á Ytri-Skógum (Veðr. ág.).

Heim: Veðr. ág. Ól. Jóns. '57.
ATH: Veðr. er hér eina heimildin.

1930

1.-2. mars. ÖRÆFI (Svínafell).

Skriður.

Hlákan og rigningin síðustu daga febrúarmánaðar og fyrstu dagana í mars olli miklum vatnavöxtum í mörgum stórám landsins. Flóðið var mest í Hvítá syðri, og muna elstu menn ekki jafnmikinn vöxt í henni. Hún flæddi yfir Skeið og Flóa, og sumir bær urðu umflostir. Um 170 fjár og 1 hestur fórust, og mikið af heyjum skemmdust. Hvítárbrúin á Brúarhlöðum fór í flóðinu, og miklar vegaskemmdir urðu við Ölfusábrú og Tungufljótsbrú. Í Borgarfirði skolaðist vegurinn yfir Ferjukotssíkið burtu á 12 m svæði. Miðfjarðará í Húnaþingi hljóp yfir allt Melsnesið. Leysingarvatn skemmdi Vaðlaheiðarveginn, mest hjá Eyrarlandi.

...Frá Svínafelli í Öræfum bárust landsímanum þau tíðindi í gær, að aurskriða hefði tekið með sér hesthús, sem í voru sex hestar. Fjórir hestanna fórust. Að minnsta kosti tvær aurskriður komu á Svínafelli. Þar er margbýli og stefndi aurskriða á einn bæinn, en sveigðist litið eitt til hliðar, svo eigi kom að sök. Fólkid hafði rétt áður flutt sig úr bænum. - Látlaus úrkoma og lofthiti í Öræfum að undanförnu. Hefur því snjó leyst upp og jörð gegnblotnað niður að klaka (Mbl. 04.03.). ...Fyrstu 3 daga þ. m. gerði afarmiklar rigningar í Öræfum. Eina nóttina sprakk stór grastorfa úr brattri brekku í Svínafelli, og lenti gras- og moldarskriðan á hesthúsi, sem í voru 6 hestar. Um morguninn, er komið var á fætur, voru tveir hestarnir allir moldugir og blautir standandi þar alllangt frá, en hinir 4 fundust dauðir í moldarskriðunni, þegar farið var að moka og leita eftir þeim. Tún á Svínafelli hlutu mikið tjón af moldar- og skriðuhlaupum, og einnig skemmdust þar hús og heyhlöður. Líka skemmdust þá mikið engjar á Hofi af grjótframburði vatna (Dagur 03.04.).

Heim: Mbl. 04.03. Dagur 03.04. Veðr. mars. Ól. Jóns. '57.
ATH: Þó nokkur skriðuföll virðast hafa verið í Öræfum, skriðan sem drap hestana féll að nóttu til, en sú sem féll í átt að bænum virðist hafa fallið að degi til.

20. ág. NESKAUPSTAÐUR.

Skriður.

Um þ. 20. voru óhemjurigningar, einkum á Austurlandi (45.3 mm á Teigarhorni þ. 20.), og ollu þar miklum skemmdum. Þessa dagana (þ. 18.-22.) voru lægðir yfir landinu eða fyrir suðaustan. Óþurrtkasamt, einkum norðanlands og stundum allhvassst á austan eða norðaustan.

Þessa dagana urðu viða flóð og vatnagangur austanlands. Þ. 20.-21. fórust t.d. 40-50 kindur í flóði á Starmýri í Álfatáfirði og á Héraði tóku vötn talsvert af heyi.

...Neskaupstaður: Óhemjurigningar hafa verið undanfarið. Í gær (20.08.) hlupu þrjár aurskriður í sjó fram og ollu miklum skemmdum á túnum og vegum. Ein skriðan lenti á útgerðarhúsi og braut það og skemmdi mikið af fiski. Tveir menn, sem voru við vinnu í húsinu björguðust með naumindum. Í dag er hér fjöldi manns önnum kafinn við að hreinsa vegina og moka upp fiskstakka af reitum. Tjónið er talið mörg þúsund krónur (Mbl. 22.08.).

Heim: Mbl. 22.08. Veðr. ág. Ól. Jóns. '57.

5. sept. LOÐMUNDARFJÖRÐUR.

Skriður.

Rigningasamt á Suður- og Austurlandi (3.-13.).

Talið er, að 5. sept. þetta ár hafi hrunið skriðufylla mikil úr Miðfellinu niður á dalinn og stíflað Kirkjuána á um 150 m kafla (Kirkjuá rennur hjá Klyppsstað). Skriðan féll hátt úr fjallinu, sem er úr ljósleitu, linu og öskukenndu efni. Þegar áin náði að renna yfir skriðuna, reif hún sér fljótlega farveg í hana, og varð þá vatns- og aurflóð mikið, er fór alveg umhverfis bæinn á Klyppsstað, bar mikinn leir þar á túnið, svo að sumt af því ónyttist að fullu, og tók af fjárhús, er stóð norðan við ána.

Í sama sinn mun hafa hlaupið mikil skriða austan við Sævarenda í Loðmundarfirði, í svokölluðum Sævarendakrók. Skriðan fór niður eftir gili í fjallinu og gerði tanga út í sjóinn, en síðan hefur sjóinn brotið skriðuna og eytt henni að nokkru. Úr fleiri giljum á þessum slóðum munu hafa hlaupið skriður um þetta leyti (Ól. Jóns. '57).

Heim: Ól. Jóns. '57.

? DRANGEY?

Grjóthrun.

Fyrir nálægt 20 árum hljóp fram úr Gafli vestanverðum. Sést enn heljarmikil fylla niðri við sjó á þessu svæði. Slík framhlaup nefndu Drangeyjarmenn jafnan hauga. Áður en þetta varð var hilla vestast í Gafli, uppi undir brún, sem nefnd var Krókhilla. Dró hún nafn af lögum sinni. Voru í vestanverðum Gafli nokkur fuglasetur, þó aldrei þétt, en nú nær því engin, fyrr en austar kemur um Ólafssig (Skagfísk fræði 8).

Heim: Kolbeinn Kristinsson frá Skriðulandi 1950: Örnefni í Drangey. Skagfísk fræði 8. Ól. Jóns. '57.

ATH: Ól. Jóns. '57 hefur af einhverjum ástæðum skráð þennan atburð árið 1930, en rétt er að minna á hin miklu skriðuföll í Drangey árið 1934 og svo aftur 1937. Lýsingarnar af grjóthruninu 1937 líkjast mjög lýsingunni að ofan.

1931

14. okt. LUNDARREYKJADALUR.

Skriða.

Alldjúp lægð var fyrir norðan landið 14.-16. á hreyfingu austur eftir. Vestanátt með regni og hlýindum. Þ. 14. var víða stórrigning og hryðjuveður.

Féll þá aurskriða austanvert við bæinn Skarð í Lundarreykjadal í Borgarfirði, drap tvö hross og gerði skemmdir á engjum (Dagur 22.10.). ...Ár og lækir flæddu yfir bakka sína þar í grennd og gerðu usla á túnum og engjum (Veðr. okt.).

Heim: Dagur 22.10. Veðr. okt. Ól. Jóns. '57.

23. ág. INGÓLFSFJALL, HENGILL.

Grjóthrun við jarðskjálfta.

Þennan dag fundust jarðskjálftar víða um Suðurland og voru upptök þeirra sennilega í Henglinum. Þrír kippir voru allsnarpir.

...Blaðið hefir fengið þær fréttir, að grjóthrun hafi orðið nokkuð úr Ingólfssfjalli, en ekki mun það hafa valdið tjóni (Aþb. 24.08.).

...Í Henglinum varð talsvert mikið grjóthrun (Mbl. 25.08.).

Heim: Aþb. 24.08. Mbl. 25.08. Eysteinn Tryggvason 1978: Jarðskjálftar á Íslandi 1930-1939.

21.-22. des. BÍLDUDALUR.

Skriður.

Víðáttumikil lægð var fyrir vestan landið þ. 20.-23. Mjög var úrkamusamt og stundum slydduél vestanlands. Þ. 22 var aftakaveður með stórrigningu á Vesturlandi.

Á Bíldudal urðu stórfelld skriðuhlaup, þrjú alls, og ollu þau talsverðum skemmdum á húsum. Fólk flúði úr húsum, en engin slys urðu (Mbl. 23.12.). ...Féllu 3 aurskriður á Bíldudal og ollu skemmdum á húsum, túnum og görðum og brutu two rafmagnsstólp (Veðr. des.). ...Ein skriðan féll að húsinu sem nú er Dalbraut 15 (Björn Jóhann Björnsson 1990).

Heim: Mbl. 23.12. Veðr. des. Ól. Jóns. '57. Björn Jóhann Björnsson 1990: Bíldudalur. Skriðuföll og skriðuvarnir.

ATH: Nákvæm dagsetning eitthvað á reiki. Veðr. nefnir 22. des., Mbl. og Ól. Jóns. '57 segja 21. des.

1932

14. jan. MÝRDALUR (Reynisfjall).

Grjóthrun (berghlaup?)

Tíðarfari mun hafa verið umhleypingasamt.

Kl. á 7. tímanum á föstudagsmorgun (rétt, fimmtudagsmorgun 14.01.) vakna allir íbúar í kauptúninu Vík í Mýrdal við ógurlegan gný, er mest líktist stórfelldum þrumum. Húsin í þorpinu skulfið og nötruðu. En er menn fóru að aðgæta, hvað hér væri um að vera, kom í ljós, að stórkostlegt hráp hafði komið úr Reynisfjalli, skammt vestan við kauptúnið. Þegar bjart var orðið, sáu menn, að hráp þetta var stórkostlegra en dæmi eru til áður, þar um slóðir. Reynisfjall er þarna hátt, yfir 200 m, og hafði stórt stykki klofnað úr fjallinu og hrapað niður á sand. Heitir það Breiðuhlið, þar sem fjallið klofnaði, var bergið þar grasi gróið og hvannstóð mikið á sumrum og fugl mikill. Eftir fyrsta hrapið komu mörg smærri hröp hvert af öðru og hélt þannig áfram mestan hluta dags. Undir fjallinu, þar sem hrapið kom, voru stórir matjurtagarðar, sem þorpsbúar áttu. Þeir geryðilögðust á stóru svæði, einnig girðingin umhverfis garðana (Mbl. 16.01.).

...Hafði klofnað úr Reynisfjalli, sem er rétt vestan við þorpið, og fjallið rifnað ofan frá brún og niður í gegn. Hefir sílkt hráp ekki komið þar í grennd í manna minnum og höfðu menn alls ekki búist við öðru en að þarna væri óhætt fyrir hrapi. Eru það feikna björg, sem fallið hafa niður, en undir var almannafæri, og er hætt við manntjóni, ef hrapið hefði orðið þegar fólk var á ferð (Aþb. 16.01.).

...Hröp eins og þetta síðasta eru eigi óvanaleg hér í sveit, þó að þetta sé það stærsta í tið nýlifandi manna. Fjöllin eru há og að sumu leyti úr móbergi, sem er fremur laust í sér og næmt fyrir áhrifum frosts og regns. ...Næstum því árlega koma smáhröp hér og hvar úr fjöllunum hér. ...Þetta síðasta hráp hefir fallið niður sem næst 200 metrum frá veststu húsum í Víkurkauptúni. ...Í fjallinu fyrir neðan hrapið gengur stór hilla mikið

til lárétt. Er þar lag í fjallinu úr sandbergi mjög lausu, náði hillan þó eigi eins langt norður eftir fjallinu og hrapið, en sennilegt er að hún hafi átt einhvern þátt í því að fjallið sprakki. En oftast mun þó ástæðan vera sú, að vatn kemst niður í bresti og frýs og sprengir frá sér, líklega þar sem það kemur út aftur. Þar sem hrapið hefur komið niður tekur það yfir nálega 3 hektara. Þykkt er mismunandi, allt að 10 metrum sums staðar (Mbl. 24.03.).

...Og enn er þess að gæta, að sumar stórkriður, sem heimildir eru til um, hafa haft verulegan svip af bergskriðu, t.d. hrún úr Reynisfjalli í Mýrdal 1932 (Guðmundur Kjartansson 1967).

Heim: Mbl. 16.01. 24.03. Ább. 16.01. Ísaf. & Vörður 21.01. Dagur 21.01. Ísl. 22.01. Veðr. jan. Ól. Jóns. '57. Guðmundur Kjartansson 1967: Steinsholtshlaupið 15. janúar 1967. Náttúrufræðingurinn 37, bls. 120-169.

ATH: Dagsetning er ýmist sögð fimmtudagurinn 14. eða föstudagurinn 15., allt bendir til að 14. jan. sé sú rétta. Hugsanlega má flokka þetta sem berghlaup.

2. júlí STRANDIR.

Skriða.

...Á Grænhól (Grnh) var óvenjumikil rigning (39.9 mm) og vatnagangur aðfaranótt þ. 2 og hlupu þá skriður úr fjöllum (Veðr. júlí).

Heim: Veðr. júlí. Ól. Jóns. '57.

ATH: Veðr. er eina heimildin fyrir þessu skriðufalli, en þessi veðurathugunarstöð var á Grænhóli, sem var einn af bæjunum á Gjögri í Strandasýslu.

30.-31. ág.? HVALFJÖRÐUR (Þyrill).

Skriða.

Djúp lægð við vesturströnd landsins olli allhvassri sunnanátt og regni um allt land. Aðkvöldi þ. 31. var lægðarmiðjan yfir Faxaflóa.

...Síðustu daga mánaðarins voru víða miklar rigningar. Um þetta leyti hljóp skriða yfir veginn skammt frá Þyrli við Hvalfjörð (Veðr. ág.). ...Umferð á veginum fyrir Hvalfjarðarbotn hefir tepst vegna skriðuhlaups. Hljóp skriðan yfir veginn skamt frá Þyrli. Er nú unnið að því að ryðja veginn (Vísir 02.09.).

Heim: Vísir 02.09. Veðr. ág. Ól. Jóns. '57.

13. sept. HNAPPADALUR.

Skriður.

Þ. 13.-15. Lægð fyrir suðvestan landið og færðist norðaustur yfir Vestfirði. Suðaustan hvassviðri og rigning um allt land fyrst, en gekk svo í suðvestrið, og loks í norðan og vestanátt, þegar lægðin var komin norðaustur fyrir landið.

...13. sept. var hér stórrigning allan daginn af landsuðri. Hrundu þá skriður margar úr Kolbeinsstaðafjalli. Stærstu skriðurnar breiddust yfir fallegar engjar, sem slegnar hafa verið með sláttuvél, einkum í Kaldárbakkaflóa. Skriðuhlaup úr Kolbeinsstaðafjalli hafa ekki verið nein að heitið geti frá því á öldinni sem leið (Mbl. 04.11.).

...Laust fyrir miðjan mánuðinn féllu margar skriður úr Kolbeinsstaðafjalli vegna stórrigninga og skemmdu engjar (Veðr. nóv.).

Heim: Mbl. 04.11. Veðr. nóv. Ól. Jóns. '57.

ATH: Hér er ruglingur á ferðinni, fréttin birtist í Mbl. í nóv og er tekin upp í Veðr. nóv., þótt atburðirnir hafi átt sér stað í sept. Ól. Jóns. '57 hefur því skráð þetta í nóv.

1933

18. júní VOPNAFJÖRÐUR.

Skriður.

Þ. 16.-17. N-átt. Lægð fyrir austan landið. Gerði slæmt hret norðanlands með kalsaveðri og snjókomu eða slyddu (úrkomuhámark viða norðan og austanlands þ. 18.).

...Þ. 18. féll skriða á túnið í Böðvarsdal í Vopnafirði og eyðilagði um 3 dagsláttur (Veðr. júní).

Heim: Veðr. júní. Ól. Jóns. '57.

ATH: Veðr. er eina heimildin um þetta skriðufall.

23. júlí EYJAFJÖRÐUR (Eyjafjarðardalur, Þormóðsstaðadalur).

Skriður.

Þ. 23. júlí gekk mikil regnskúr yfir mjótt belti í Fram-Eyjafirði. Skúrin stóð aðeins skamma hríð, innan við klukkustund, en var því líkust, sem vatnið streymdi úr loftinu. Hún gekk yfir Þormóðsstaðadal, sem er fram úr Sólvaldal, framan við bæi, og hleypti þar niður skriðu. Síðan kom hún yfir Eyjafjarðardalinn um bæinn Jökul og hleypti þar stóreflis skriðu á bæinn, tún og engi, en ekki var úrfelli teljandi á næstu bæjum fyrir utan og framan. Síðan hélt skúrin áfram vestur yfir mynni Villingardalsins. Var hún þar svo stórfelld, að lækir kolmórauðir ultu fram samstundis hvarvetna og grófu á svipstundu skorninga í þurran og harðan jarðveg (Ól. Jóns. '57.). ...Veðri var svo háttað þann dag, að loft var mjög þungbúið, en milt, þoka í fjöllum og náði hún seinni part dagsins alveg ofan að túni á Jökli og var niðdimm. Ekki var mikil rigning á Jökli, fyrri hluta dagsins, en upp úr hádegi fór rigning að aukast, og upp úr nóni gerði úrhellis rigningu svo að með fädæmum má telja. Náði rigning þessi aðeins yfir lítinn hluta dalsins. Á næsta bæ, Halldórsstöðum, var mikið minni úrkoma og suður á Tjörnum voru piltar úti á skyrtum einum við hestajárningar og urðu ekki gegndrepa. Og í Hólum rigndi mjög lítið þennan dag (Ljúfa vor 1961).

...Á sunnudaginn var hljóp stórfelld skriða úr fjallinu fyrir ofan bæinn Jökul í Hólasókn og breiddist yfir tún og engjar jarðarinnar og eyðilagði hvort tveggja að mestu. Einnig lagði skriðan sumt af bæjarhúsunum á Jökli við jörðu, en skekkti þau, sem uppi standa (Dagur 27.07.). ...Eitthvað af kindum lenti í skriðunni, en óvist hve margar (Ísl. 28.07.). ...Skepnur munu ekki hafa lent mikið í skriðu þessari. Þó fannst þar einn ræfill (Ljúfa vor 1961).

...Skriðan hefur því verið allbreið, líklega nær 300 m. Hafði hún byrjað með smárennum efst uppi í fjallinu, sem er bæði hátt og bratt, en brátt varð hún að samfelldri skriðu, sem breiddi úr sér því meira er neðar dró, fletti af öllum jarðvegi og skóf úr hverri rák og gilskoru. Mestallt túnið og engið fór undir skriðuna (Ól. Jóns. '57.). ...Grjót var mikið í skriðum þessum og enginn kostur að verka það svo nokkru næmi. ...að skriða hljóp í gil nokkuð sunnan við bæinn. ...Sjá þau skriðu ógurlega þjóta fram úr þokunni fyrir ofan túnið, fer hún með krafti miklum og sópar með sér hesthúsinu er nýbúið var að taka hestana úr, einnig hesthúshlöðunni, heldur svo áfram og ræðst á fjósið. Svo fór skriðan þá hratt og með þeim ógnarkrafti að fólkid gat ekki betur séð en hún spýtti fyrst fram veggjunum undan fjósinu, en þakið kæmi á eftir. ...Í gili utan við fjárhús og

hlöðu er stóð fyrir utan og ofan við bæinn, féll allmikil skriða og fór skveta úr henni að húsunum (Ljúfa vor 1961).

Heim: Dagur 27.07. Ísl. 28.07. Mbl. 06.08. Ól. Jóns. '57. Magnús H. Árnason 1961: Ljúfa vor - Skriða á Jökli 1933, Frásögn Jóns Vigfussonar og Þorsteins Magmíssonar.

19. ág. SIGLUFJÖRÐUR.

Skriður.

Grunn lægð færðist austur yfir landið (þ. 14.). Var fyrst tvíáttu en færðist síðan til norðanáttar og birti þá vel á Suður- og Vesturlandi ...þ. 18. og 19. herti mikið á norðanáttinni og rigndi mikið norðanlands og einnig nokkuð á Suðurlandi. ...þ. 17.-20. var óveður og mikil rigning norðanlands.

...Kl. 13 í dag féll aurskriða sunnan við Búðarhólana hér í bænum og fram í sjó. Bar hún aur og möl umhverfis allmög hús og rann inn í kjallara á tveimur stöðum og eitt sjóhússanna neðan við bakkann, en olli engum stórskemmdum (Mbl. 20.08.). ...Rigningar miklar gengu síðastliðna viku og meiri en vanalegt er hér á þessum tíma. Kuldí var ekki mikill og snjóáði aðeins efst í fjöll. Lækir og ár beljuðu fram og það sumstaðar þar sem engrá lækja var von og þeir aldrei hafa sést áður. Aurskriða allmikil hljóp niður eftir gilinu fyrir ofan Skriðuhverfið og alla leið niður fyrir bakka. Lá við að hún færi inn í sum af húsunum, er næst voru leið hennar, stóðu menn viðbúnir er hún fór fram hjá til þess að stemma stigu fyrir skemmdum af völdum hennar (Einherji 24.08.).

Heim: Mbl. 20.08. 03.09. Visir 20.08. Aþb. 21.08. Einherji 24.08. Veðr. ág. Ól. Jóns. '57.

7.-8. sept. BORGARFJÖRÐUR (Norðurárdalur, Lundarreykjadalur), HVALFJÖRÐUR, EYJAFJÖLL, MÝRDALUR.

Skriður.

þ. 2.-11. Lægðir fyrir vestan land, en hæð yfir Bretlandi. Hlýir sunnan og suðvestanvindar, með miklu úrfelli á Suður og Vesturlandi, einkum þann 5.-9.(mest úrkoma á einum sólarhring var í Vík í Mýrdal 150.3 mm þ. 8.). ...Rigningarnar í byrjun mánaðarins (þ. 5.-8.) ollu feikna vatnavöxtum í mörgum ám. Skemmdir urðu mestar í Borgarfirði og Mýrdal. Í Norðurárdal skemmdist vegurinn; 4 brýr brotnuðu og vegurinn sópaðist sumstaðar í burtu. Mikil hey fóru í flóðinu, og fenaður fórst. Vestur í Döllum og víða á Suðurlandsundirlendi urðu einnig miklir heyskaðar.

NORÐURÁRDALUR: Flóðið hér í Borgarfirði stafaði aðallega frá Norðurá ...Svo var flóðið mikið að dalurinn var allur eins og hafsjór. Skriða hljóp yfir bílveginn hér skammt fyrir framan (Dalsmynni), og sér nú ekki örla á hann á löngum kafla hér á milli og Hvamms. Í morgun kom hingað maður ríðandi frá Hvammi. Þræddi hann veginn af því að hann vissi hvar hann lá, en svo var aurinn víða mikill, að hann hélt að hesturinn ætlaði ekki að hafa sig fram úr honum, var sumstaðar kviðhlaup þar sem áður var glerharður og rennisléttur vegur ...og einnig félle skriður yfir veginn (þ.e. í Norðurárdal) á köflum (Mbl. 09.09.).

LUNDARREYKJADALUR: Skriða hljóp á túnið á Gullberastöðum í Lundarreykjadal og mun hafa tekið af því sem svarar 10 dagsláttum (Mbl. 09.09.). ...þar félle skriða á túnið 7. sept. Sú skriða fíll um endilangt túnið og flæddi yfir nær því tíu dagsláttur (Nýja Dbl. 28.02.34).

HVALFJÖRÐUR: Á veginn inn fyrir Hvalfjörð urðu miklar skemmdir, einkum hjá Hvammi, innan við Reynivallaháls. Þar fíllu tvö stór skriðuhlaup á veginn á löngum

kafla, svo umferð teppist algerlega. Einnig má búast við, að skriður hafi fallið úr Pyrilshlíðinni, og teppit veginn þar. (Mbl. 09.09.).

EYJAFJÖLL: Skriðuhlaup urðu víða undir Eyjafjöllum í rigningunni á dögunum og ollu sums staðar miklu tjóni á túnum (Mbl. 12.09.). ...Ennfremur hafa skriður fallið undir Eyjafjöllum og gert skaða á túnum og engjum (Dagur 14.09.).

MÝRDALUR: Um kl. 22 í gærkvöldi (07.09.) féll stórkostlegt skriðuhlaup úr brekkunni ofan við kauptúnið í Vík í Mýrdal. Féll skriðan yfir heyhlöður og gripahús og keyrði allt í kaf. Sum íbúðarhús voru í hættu, en skaði þó ekki og ekkert manntjón varð. Tvær kýr voru í fjósi einu, sem skriðan hljóp yfir og tókst að grafa aðra lifandi upp úr hlaupinu. Hún stóð fast inn við gafhlað og hafði það hlift henni. Hin kýrin var dauð þegar hún náðist (Mbl. 09.09.). ...Hlaupið fór yfir tvær heyhlöður, fjós og 2 hesthús. Hlōðurnar voru fullar af heyi (Mbl. 10.09.).

...Jarðhlaup hafa viðar orðið í nótt í Mýrdal og skemmdir á túnum og görðum, en nánari fregnir af því vantar (Aþb. 09.09.). ...Stór skriða hljóp á nýja veginn hjá Fagradal í austur Mýrdal og tók af veginn á kafla (Mbl. 09.09.). ...Á nýja veginum inn úr brekkunni austan við Fagradal, sem var mikið mannvirki, urðu miklar skemmdir. Braut þar stórt stykki úr veginum á ca. 20 m löngum kafla, en vegkanturinn var þarna 6-7 m hárr (Mbl. 10.09.). ...skemmdist vegurinn þar mikið af hruni á um 20 m kafla (Aþb. 11.09.) ...Skriður og jarðhlaup urðu víða í Mýrdal og ollu talsverðu tjóni á túnum, girðingum og beitarhögum (Mbl. 10.09.).

Heim: Mbl. 08.09. 09.09. 10.09. 12.09. 19.09. Vísir 08.09. 09.09. 10.09. 11.09.

Aþb. 08.09. 09.09. 11.09. Tím. 09.09. Vesturland 09.09. Einherji 13.09. Dagur 14.09. 28.09. Veðr. sept. Nýja Dbl. 28.02. 34. Ól. Jóns. '57.

ATH: Skriðurnar virðast bæði hafa fallið þ. 7. og 8. og skriðuföllin Vestanlands verið fyrr á ferðinni. Mikið jökulhlaup kom í Jökulsá á Sólheimasandi þ. 8. eða 9. Óvist er hvort eitthvert samhengi hefur verið milli rigningarinnar og hlaupsins.

1934

1.-4. febr. EYJAFJÖRÐUR (Vaðlaheiði), BORGARFJÖRÐUR (Lundarreykjadur).

Skriður.

Þ.1.-5. Hlý SV-veðráttá, því nær óslitin (hiti 13.8° Teigarhorni þ. 1.). ...Í hlákunni þ. 1. sópaði Eystri-Rangá burtu uppfyllingunni við brúna á 60 m svæði, Laxá í Hreppum (Stóra-Laxá) braut einnig skarð í veginn, einnig skemmdist vegurinn við Þverárbrú, Þjórsá stíflaðist af jakahönn, flæddi yfir Skeiðin og gerði nokkrar skemmdir á Skeiðaáveituskurðinum. Í Norðurá og Hvítá í Borgarfirði urðu einnig mikil flóð og smáskemmdir á vegum. ...Í Héraðsvötnum og Skjálfandafljóti var einnig feikna mikið flóð með jakahlaupi. Í Bárðardal skemmdust ferjur eða týndust. Fljótið stíflaðist af jakaburði, flæddi yfir láglendið og sópaði burtu smábrúum, girðingum og flóðgörðum og skemmdi hey.

...Asahláka og steypiregn með köflum gekk yfir land allt á miðvikudaginn og fimmtudaginn (31.01. og 01.02.). Urðu sumstaðar skemmdir af vatnavöxtum. ...Frá Blönduósi er símað, að Vatnsdalur hafi verið sem stöðuvatn hlíða á milli, en tjón þó eigi hlotist af svo menn viti. Hér í Eyjafirði er heldur eigi kunnugt um tjón af vatnavöxtum, þótt miklir væru, en skriða fíll úr Vaðlaheiði, hér beint á móti bænum, án þess þó heldur að gera nokkurn skaða (Dagur 03.02.). ...Þetta hefur líklega gerst 1. febrúar (Ól. Jóns. '57.).

Sunnudaginn 4. þ.m. var aftaka veður stormur og rigning. Þann dag félru fimm skriður á land jarðarinnar Gullberastaða í Lundarreykjadal. ...Nú félru tvær skriður á túnið og steypust þær fram beggja megin við íbúðarhúsið og er nú á annað hundrað hesta völlur af túninu hulinn stórgryti, sandi og mold. Skriður þær, er félru utan túns, skemmdu einnig talsvert (Visir 26.02.).

Heim: Dagur 03.02. 27.02. Visir 26.02. Mbl. 27.02. Nýja Dbl. 28.02. Veðr. febr. Ól. Jóns. '57.

15.-16. febr. ÁRNESSÝSLA (Brúarhlöð).

Skriða?

Þ. 12. -17. Hlí SV-átt. Lægðir hreyfðust norðaustur um Grænlandshaf. ...Stórúrkomur og leysing hefur verið viða um land þessa síðustu daga (Nýja Dbl. 17.02.). ...Í flóðinu þ. 15. eyðilagðist aftur uppfyllingin við brúna á Eystri-Rangá. Þá flæddi og Þverá yfir Safamýri og Ölfusá (Hvítá) yfir Skeiðin. Hlaup kom í Varmá í Ölfusi og braut stífluna hjá Reykjam, og brúin á Hvítá hjá Brúarhlöðum skemmdist mikil. Í Borgarfirði og Húnavatnssýslu voru þá einnig miklir vatnavextir. Í Vatnsdal eyðilagðist brú yfir kvísl, og Miðfjarðará sleit símalínuna. Heyskemmdir urðu viða í flóðinu.

...Í mikla vatnsflóðinu er gerði í Hvítá á fimmtudag og föstudag s.l. tók af nokkurn hluta Hvítárbrúar og há vegarfylling beggja megin brúarinnar skolaðist í burtu. ...Hefur nú að því er virðist á ýmsum ummerkjum, mikil skógartorfa skriðið niður í ána nokkru ofar, og stöðvast við brúna ásamt ísreki, og svípt burtu landbrúnni, ásamt stöplunum undir henni og sópað í gljúfrið (Mbl. 23.02.).

Heim: Mbl. 23.02.

2. júní EYJAFJÖRÐUR, SKJÁLFANDAFLÓI, GRÍMSEY, SKAGAFJÖRÐUR, VESTUR HÚNAVATNSSÝSLA.

Skriður, grjóthrun við jarðskjálfta.

Árið 1934 gekk mikil skjálftahrina um utanverðan Eyjafjörð, sem vanalega er kennd við Dalvík, þar sem skemmdir urðu mestar. Hrinan hófst 2. júní með tveimur miklum skjálftum (kl. 13:43 og 14:54, 6.25 og 4.25 á Richter), en kippir komu af og til fram í miðjan ágúst. Jarðrask af völdum Dalvíkurkjálftans var ekki áberandi. Talsvert grjóthrun varð þó úr fjöllum við norðanverðan Eyjafjörð, en ekki mun það hafa valdið tjóni (Eysteinn Tryggvason 1978)

OLAFSFJÖRÐUR: ...Jarðskjálftinn olli almennri hræðslu, ekki síst vegna mikils grjóthruns og skriðna úr fjallinu ofan við kauptúnið (Ólafsfjörður). ...Hringversket: Mikil grjóthrun (og skriður) úr fjallinu ofan við bæinn (Sigurður Þórarinsson 1937).

UPSASTRÖND/LÁTRASTRÖND: ...Bátur er var á sjó frá Dalvík varð landskjálftans var ...Til lands var mikilfenglegt og ógurlegt að líta. Var þar í þykka móðu að sjá til beggja stranda, af moldroki og aurskriðum, er félru úr fjöllunum, samfara gneistandi grjótflugi. Ber þessu saman við sagnir erlendra fiskimanna, er voru á sjó í fjarðarmynninu (Dagur 04.06.). ...Miklar skriður úr Gjögri. ...Aftur á móti félru miklar skriður, einkum úr hinum þverhníptu fjallahlíðum við mynni Ólafsfjarðar (m.a. Ólafsfjarðarmúli) og í Gjögri (Sigurður Þórarinsson 1937).

HRÍSEY: ...Ur vesturströnd Hríseyjar, þar sem þverhníptir klettar eru, hafa á nokkrum stöðum fallið stór stykki úr klettunum (Sigurður Þórarinsson 1937).

SVARFAÐARDALUR: ...Skriða hljóp úr fjalli hjá Dalvík, en gerði lítil spjöll (Nýja Dbl. 03.06.). ...En jarðsig eða slík verksummerki fann Steinþór (Sigurðsson) ekki í fjallinu, nema skriðuföll urðu þar mikil (Mbl. 05.06.). ...Frá fjöllunum heyrðust dynkir og drunur af grjótflugi og öðru jarðraski. Einnig var þar mikinn rykmökk að sjá. ...Í

klettagili nokkru (Hofsárgili) miðsveitis féll fylla mikil af standbergi niður. Áratugum saman var vitað, að þar höfðu hrafnar verpt. Þaðan heyrðist til bæja firna háreysti, grjótkast og hrafnagarg mikið (Sunnudb. Tím. 15.09.68.). ...Efst á Hvarfshnjúki heitir Nibba. Þar stóð drangur eigi alllítill, en hann hrundi í jarðskjálftanum 1934 (Örnefn. Svarfd.). ...Efsti hluti Hvarfshnjúksins sem kallaður var, hnjkurinn fyrir ofan Ytra-Harf, hrundi gjörsamlega niður. Það voru mörg skriðuföll úr hverju einasta fjalli og hávaðinn gífurlegur (Norðurslóð 14.12.94.).

...Fannirnar, sem áður voru skjannahvítar, voru nú sem óðast að verða röndóttar af leirkriðum ...Fannir dökknuðu af leirkriðum, skruðningar og sköll heyrðust, steinryk og moldarkóf fyllti gil og huldi hlíðar. Brátt barst að vitum hitalykt, sem verður þegar þungum björgum lýstur saman. ...Þá heyrðust í fjarska miklar drunur, að mér virtist úr Upsafjallinu, og er ég leit þangað, sá ég moldarmókk og skriður uppi í fjallinu og í Brimnesárgilinu (Saga Dalvíkur 1984).

ÁRSKÓGSSTRÖND: ...og grjót hrundi úr Krossahnjúk (Aþb. 02.06.). ...Stór skriða hljóp úr fjallinu þar fyrir ofan bæinn (Krossa), en hún olli ekki neinu tjóni (Mbl. 03.06.). ...að undanteknum smáskriðum er fallið höfðu úr hæstu klettum í snjóskálar Krossahnjúks og Hámundarstaðafjalla (Dagur 04.06.).

HÖFÐAHVERFI: ...Mikið grjóthrun var hér (Grenivík) í fjöllum (Mbl. 05.06.).

SVALBARÐSSTRÖND: ...Mikil rykský yfir Ystuvíkurhnjúk bentu til hruns (Sigurður Þórarinsson 1937).

EYJAFJARÐARDALUR: ...Háls: Samtímis hrundu steinar úr vesturfjöllunum (Sigurður Þórarinsson 1937).

SKJÁLFANDAFLÓI: ...í Kinnarfjöllum sáust mikil rykský (grjóthrun) (Sigurður Þórarinsson 1937).

GRÍMSEY: ..."Ég leit upp til fuglabjargannia og sá að í björgunum sunnan við staðinn sem ég stóð á, komu niður grjótskriður sem nálguðust mig hratt. Í því augnabliki fór af stað skriða beint fyrir ofan mig. Ég stökk í sjóinn og leitaði skjóls bakvið stóran stein meðan grjóthrunið buldi á honum í a.m.k. eina minútum." (Sigurður Þórarinsson 1937).

SKAGAFJÖRÐUR: ...Frá Málmey er símað, að þar hafi jarðhræring verið allmikil og hrundu björg úr Pórðarhöfða (Mbl. 03.06.). ...Í Málmey fannst hann einnig og var harður og snöggur, svo mikið hrapaði úr Pórðarhöfða (Aþb. 04.06.). ...Mikið hrun í Pórðarhöfða og Drangey (Sigurður Þórarinsson 1937).

VESTUR HÚNAVATNSSÝSLA: ...Bakkakot (Viðidalur): Hér og hvar féll grjót (skriður) úr bröttum fjallshliðum (Sigurður Þórarinsson 1937).

Heim: Aþb. 02.06. 04.06. Mbl. 03.06. 05.06. Nýja Dbl. 03.06. Dagur 04.06.

Sunnudb. Tím. 15.09.68. Norðurslóð 14.12.94. Jóhannes Óli Sæmundsson,

handrit: Örnefnaskrá Svarfaðardals/Skiðadals. Kristmundur Bjarnason 1984:

Saga Dalvíkur III. Eysteinn Tryggvason 1978: Jarðskjálftar á Íslandi 1930-1939.

Sigurður Þórararinsson 1937: Das Dalvik-Beben in Nordisland 2 juni 1934.

Geogr. Ann 19, bls. 232-277.

3.-4. júní ÍSAFJÖRÐUR (Eyrarhlíð).

Skriður.

Þ. 1.-5. SV- og S-veðrátta. ...Hitarnir í byrjun mánaðarins ollu miklum leysingum til fjalla, einkum norðanlands, og urðu feikna vatnavextir í Skagafirði og Eyjafirði.

Skriðuhlaup hafa verið óvenjumikil í fjöllunum við Ísafjörð undanfarið og valda því leysingar og þýðviðri. Er vegurinn milli Ísafjarðar og Hnifsdals ófær, vegna skriðufalls. Einnig hafa skriður valdið allmiklu tjóni á túnum og görðum (Nýja Dbl. 06.06.). ...Á sunnudaginn var (03.06.), féluru 2 skriður til sjávar á Eyrarhlíð. Teptist vegurinn til Hnifsdals fyrir bíla þangað til á mánudag að gert var við veginn. Aðfaranótt móanudagsins (04.06.) kl. að ganga 5 félur skriða yfir tún Bjarneyjar Einarsdóttur og rétt

fram hjá húsi Jónasar Helgasonar í Króki. Munaði minnstu, að skriðan lenti á húsínu, en kálgarður, sem er við húsgaflinn og búið var að setja niður í kartöflur og rófur, eyðilagðist með öllu. Tún Bjarneyjar er stórskemmt og liggar meira en hálf undir skriðunni. Þarf hún nú á hjálp bæjarins að halda til að fá aurinn og grjótið flutt í brott (Skutull 06.06.). ... Skriður runnu á tún Bjarneyjar Einarsdóttur hér á Ísafirði og ollu miklum skemdum þar og á nærliggjandi túnum og görðum. Vegurinn til Hnífsdals frá Ísafirði er ófær vegna skriðufalla. Allar ár eru ófærar (Aþb. 05.06.).

Heim: Aþb. 05.06. Nýja Dbl. 06.06. Skutull 06.06. Veðr. júni. Ól. Jóns. '57.

20. júní FJÖRDUR.

Grjóthrun við jarðskjálfta.

Í kjölfar Dalvíkurkjálftans fylgdi fjöldi eftirskjálfta og voru sumir snarpir. Þann 20. júní kl. 16:40 kom mjög snarpur kippur (Eysteinn Tryggvason 1978).

Af bátum, sem voru úti fyrir Gjögri um kl. 16 á miðvikudaginn (þ. 20.06.) sást bergstykki falla úr fjallinu Blæju, milli Keflavíkur og Þorgeirsfjarðar, og varð af því mikið skriðufall (Mbl. 23.06.).

Heim: Mbl. 23.06. Eysteinn Tryggvason 1978: Jarðskjálftar á Íslandi 1930-1939.

27. júlí VATNSDALUR.

Skriður.

Þ. 25.-31. NV- og N-átt. Lægðin komin austur fyrir landið. Víða hvassviðri, stórrigningar nyrðra en úrkomulitið sunnanlands.

Aðfaranótt þ. 28. (rétt þ. 27.) hljóp skriða á Másstaðatún í Vatnsdal og hjá Aralæk í Húnabingi. Smáskriður hlupu víða fram þar í grennd, en gerðu ekki stórskaða. Kornsá flæddi yfir bakka og sópaði heyi í burt á nokkrum bæjum. Á Stóru-Giljá bar áin sand og leir upp á engin (Veðr. júlí). ... að þar (Blönduós) hafi verið síðastliðna nött (27.07.) feikna úrfelli og vatnavextir. Lækur sem rennur niður úr Vatnsdalsfjalli norðan við Hnausa bar svo mikið af leir og grjóti á þjóðveginn, að vegurinn varð ófær fyrir bíla á 30-40 m kafla (Mbl. 28.07.). ... Fjórar skriður hlupu á tún Másstaða í Vatnsdal aðfaranótt 28. júlí (rétt 27.07.). Hafði þá verið stórrigning. Tvær skriðurnar komu á suðurtúnið, og voru þær mest vatn og leir. Þær hafa vafalaust komið úr Másstaðagjánni. Tvær komu niður úr Hlassinu norðar og fóru á norðurtúnið. Þær voru stórgryttar, dreifðu ekki mikið úr sér og fóru hægt. Þó runnu þær alveg fram í Flóðið. Þær skildu eftir nokkuð beina grjótgarða og urðarhryggi á túnum. ... Sama dag og skriðurnar féllu á Másstöðum fell skriða við Aralæk, rétt hjá Hnausum, og smáskriður féllu víða þar um slóðir. Vatnavextir urðu miklir í Vatnsdalnum, bar leir á engjar, en hey flutu burt (Ól. Jóns. '57.).

Heim: Mbl. 28.07. Visir 28.07. Nýja Dbl. 29.07. Veðr. júlí. Ól. Jóns. '57.

ATH: Dagsetning er nokkuð á reiki en rétt mun vera 27.07.

3. sept. SIGLUFJÖRDUR, SAUÐANES.

Skriður.

Þ. 1.-4. A- og NA-veðrátta. Mjög rigningasamt á Norður- og Austurlandi og stundum hvassviðri á Vestur- og Norðurlandi. Lægðir fyrir sunnan land og austan.

... í fyrrí nött og gærðag (03.09.) var aftaka rigning á Siglufirði og gifurlegt vatnsrennslu úr fjallinu. Eyrin er mestöll undir vatni ofan Lækjargötu. Vatn rennur inn í hús og yfir götur. Margar smáskriður hafa hrunið úr fjallinu, en ekki gert verulegt tjón (Mbl.

04.09.). ... Vatn flóði inn í hús og yfir götur, en smáskriður féllu heim að húsum (Aþb. 04.09.). ... Á mánudag gerði þá mestu rigningu sem komið hefur hér á þessu sumri. Féllu smáskriður hér ofan úr fjallinu og í hverju gili og skorningi fossuðu lækir, kolmórauðir viða af aur og leðju. Á tímabili varð mikið vatnsflóð ofan til á eyrinni svo fossaði yfir götur og sumstaðar var tæplega stígvélatækt kringum hús (Einhverji 07.09.). ... Aurskriða féll í gær (03.09.) á Sauðanesi við Siglufjörð, rétt sunnan við vitann og svo nærrí, að hún rann í kringum skúrinn, sem verkamenn við vitabygginguna búa í og í kringum vitavarðaribúðarhúsið, sem nú er í smiðum. Fór hún yfir land það, sem tekið var til ræktunar handa vitaverði.

Talið er að skriðan sé um 200 m breið og um 1.5-2 m á þykkt. Skriðan rann mjög hægt, ella er talið að hún hefði sópað verkamannaskýlinu og jafnvel íbúðarhúsinu fram af bakkanum, sem þarna er hár og snarbrattur. Hefði hún þá að sjálfsögðu valdið manntjóni.

Heysátur, stóðu á nýræktinni og rann skriðan kringum þær, án þess að flytja þær úr stað. Standa þær þar upp úr aursvæðinu.

Djúpt gil, nefnt Herkonugil, er á veginum milli Engidals, þar sem vitinn stendur og Dalabæjar, sem stendur sunnar. Þar fellu einnig skriður og tóku af veginn á kafla. Grófu þær niður gilið um marga metra og má það nú heita ófært mönnum og skepnum. Skriðuhlaupin ollu eigi slysum, hvorki á mönnum né skepnum svo vitað sé, en tjón af völdum þeirra er mikið (Mbl. 05.09.).

*Heim: Aþb. 04.09. Visir 04.09. 05.09. Nýja Dbl. 04.09. 05.09. Mbl. 04.09. 05.09.
Einhverji 07.09. Veðr. sept. Ól. Jóns. '57.*

18. sept. DRANGEY.

Skriður, grjóthrun.

Þ. 18.-27. fór lægð beint austur yfir landið. Var hægviðri og tvíáttu fyrst, en að kvöldi þ. 18. tók að hvessa á Vestfjörðum og næsta dag var N-hvassviðri um allt land. Fylgdi því hríðaráhlaup svo alsnjóa gerði niður undir sjávarmál á Vestfjörðum og Norðurlandi. ... Á þriðjudagsnóttina var gerði mikið veður og aftaka rigningu. Varð vatnsaginn svo mikill að stórar skriður hröpuðu niður bæði í Heiðnavík og Uppgönguvík og grjóthrun var mikið úr björgunum þar. Skriðan sem fór niður Heiðnavík, sópaði með sér öllum farangri þeirra og bátnum og stóðu þeir (heyskaparmenn) nú þarna bjargarlausir, bátlausir og allslausir svo að segja. ... að ómögulegt var að lenda í Heiðnavík. Hafði skriðan og bjarghrun tekið þar algerlega af undirlendið við lendinguna. Í Uppgönguvík var mikið brim og svo hafði hún umturnast af skriðuhlaupum og bjarghruni að þeir félagar segja að hún sé alveg óþekkjanleg frá því sem hún var áður (Mbl. 25.09.).

Heim: Mbl. 25.09. Aþb. 25.09. Veðr. sept. Ól. Jóns. '57.

ATH: Vert er að minna á meint grjóthrun í Drangey árið 1930, það gæti hafa átt sér stað 18.09.1934.

1935

21. jan. SÚGANDAFJÖRÐUR, ÖNUNDARFJÖRÐUR, DÝRAFJÖRÐUR.

Skriður.

Þ. 14.-21. S- og SV-átt, oftast mjög hlýtt í veðri. Lægðir á hreyfingu norðaustur yfir Grænland. Þ. 22.-23. ... Vegna rigninga urðu sumstaðar skriðuhlaup vestanlands.

SÚGANDAFJÖRÐUR: ...þ. 21. féll skriða á Suðureyartún í Súgandafirði og eyðilagði 1-1½ dagsl. (Veðr. jan.).

ÖNUNDARFJÖRÐUR: ...Síðastliðinn mánudag (21.01.) félle skriður úr fjallinu fyrir ofan Sólbakka í Önundarfirði. Sex túnskikar í Flateyrarbúi urðu fyrir mjög miklum skemmdum. Hlaup kom fram úr tveimur giljum nálægt verksmiðjunni á Sólbakka og ollu miklum skemmdum. Bílabrú ónýttist, báðir síldarpallarnir skemmdust og ræsi fylltist. Innsta síldargryfjan fylltist af grjóti og aur. Smiðjan sligaðist og barst í hana aur og grjót. Grjótið nær upp í glugga að ofanverðu við verksmiðjuna. Talsvert af síldarmjöli hefur skemmt (Mbl. 25.01.). ...Ónýtti hún töluvert af túnum Flateyrarbúa (Nýja Dbl. 26.01.).

DÝRAFJÖRÐUR: ...Um sama leyti félle skriður á tún og engjar í Fremri-Hjarðardal í Dýrafirði og gerðu mikinn usla, og minni skriður félle viða um Vestfirði (Ól. Jóns. '57.).

Heim: Mbl. 25.01. Vísir 25.01. Nýja Dbl. 26.01. 30.01. Veðr. jan. Ól. Jóns. '57.
ATH: Veðr. jan. segir skriðuföllin í Önundarfirði hafa verið þ. 19., en það er rangt.

24.-30. jan. ÖNUNDARFJÖRÐUR (Ingjaldssandur).

Skriða.

...Skriðan í Villingadal á Ingjaldssandi virðist hafa verið með undarlegum hætti og öðrum en þeim er tíðastur er um skriður hérlandis (Ól. Jóns. '57.).

Þ. 14.-21. S- og SV-átt, oftast mjög hlýtt í veðri. Lægðir á hreyfingu norðaustur yfir Grænland. Þ. 22.-23. Lægðin færðist austur fyrir norðan landið og gekk í V-ofsaveður með hríðaréljum vestanlands. - Vegna rigninga urðu sumstaðar skriðuhlaup vestanlands.

...Í gærðorgun hljóp skriða úr fjallinu fyrir ofan Villingadal á Ingjaldssandi. Stefndi hún fyrst á bæinn en breytti svo um stefnu og rann ekki á bænn. Skriðan fór yfir túnið og eyddi miklu af því. Hún er um two metra á þykkt í sporðinn. Allt fólk er flutt úr bænum. Fénaður hefur og að mestu verið fluttur burt. Í gær var skriðan um 200 m á breidd. Hún jókst í alla nótta. Bær og peningshús eru talin í hættu (Vísir 25.01.). ...Jörðin Villingadalur á Ingjaldssandi er nú því nær eydd af skriðufalli. Fólk og fénaður hefur verið flutt á aðra bæi. Hey er í hættu. Skriðan sígur hægt fram (Nýja Dbl. 30.01.).

...Býlið Villingadalur var austan megin í dal þeim, er Ingjaldssandsbærir eru í. Austur og upp frá býlinu er fjall hátt, á sjötta hundrað m á hæð. Ofar en í miðju fjalli er hvilft stór, og gengur djúpt gil úr henni og niður í fjallsrætur. Botn hvilftarinnar er slétt grasflót, um 2/3 ha að stærð, en á barmi hennar er stór að mestu gróin ruðningsalda, er nefnist Bringur. Í sömu hæð og hvilftarbotninn, en sunnar, var graslaut, kölluð Koppur. Laut þessi var svo djúp, að þar gátu vel leynst um 30 fjár, þar til komið var á brún lautarinnar. Þar upp af var stórt aur- og skriðusvæði, er náði upp að standkletti í barmi Villingadalshvilftarinnar, og nefndist hann Kerling. Fjallið þarna var annars klettalítið, en þó hátt klettabelti niður af Kopnum og hvilftinni. Niður af Bringunum rann smálækur, er notaður var sem vatnsból frá Villingadal. ...Svo sem fyrr er sagt, voru í jan. 1935 óhemjuúrfelli þar vestra, svo að mikill vöxtur hljóp í ár og læki. Þann 24. jan. kl. 08:30 ...heyrði hann ógurlegar dunur, ískur og dynki. Dálitið fjúk hafði gert um nóttna, svo að jörð var hvít, en ekki var ennþá ljóst af degi. Sá hann þá í hálfrokkrinu hvar dökkur flekkur eða breiða færðist niður fjallið upp af Villingadal og stefndi á bænn. Óx þetta með skjótri svipan, ...Brátt bar skriðuna að Villingadal, og varð eigi annað séð í hálfrokkrinu, en að hún felli á bænn. ...Varla voru þeir astur komnir í fjárhúsið, er dunur og dynkir kváðu við í fjallinu. Var sem allt léki á reiðiskjálfí, en aur, grjót og vatn byltist niður brekkurnar og fram af klettabeltunum, svo að jörðin titraði. ...Pennan dag félle sifellt skriður, margar á hverjum klukkutíma, og fylgdi þeim mikil vatnsrennsli. Vatnsöldurnar ultu sifellt niður yfir lautina í stefnu á bænn og líktust mest

grunnbrotum við sjávarströnd. Ekkert dró úr skriðuföllunum er á daginn leið, og sýndist öllum ráð að flytja öll lifandi og dauð verðmæti brott af býlinu hið bráðasta, ...Alla nöttina heyrðist skarkið í skriðuföllunum, ...en þá var nokkuð óhlaupið af aurnum niður af Kerlingunni. ...að lárétt rauf eða sprunga, um 100-150 m löng, opnaðist þar uppi í skriðunni. ...skriðan ruddist fram. Var hún ægileg og skarkalinn óskaplegur. Var sem hún risti sundur klettana í fjallinu, er hún fór fram af þeim. Féll það, er fyrir hafði sprungið, í tveimur lotum. Var síðari hlutinn meiri og ein mesta skriðan. ...Pannig héldu skriður áfram að hlaupa meiri og minni í sex daga og hættu ekki fyr, en allt var skafið þarna úr fjallinu niður á fast berg, en klettabeltið í fjallshlíðinni sundur skorið af djúpum geilum og gilskorningum.

Það, sem allir undruðust þó mest, var vatnsrennslíð, sem var geysilegt, virtist lyfta aur og grjóti og fleyta öllu saman fram af klettunum og niður fjallshlíðina. Engum kom til hugar, að bæjarlækurinn fengi valdið þessu. Sumir hugðu, að nýr lækur hefði sprungið fram úr fjallinu, og vissulega félí lækur niður aurinn og bergið, sem skafið var ofan af. Einnig var til getið, að vatn þetta hefði safnast einhvers staðar fyrir í langan tíma og talið líklegt, að það kæmi gegnum fjallið úr Vatnshvilst í Mosdal, en þar er stórt vatn í áþekkri hæð og skriðuupptökum í Villingadal. Fjallið þarna á milli er fremur þunnt, en þó er þetta ekki líklegt.

Framhlaup þetta gerði stóra skál í fjallið og bar fram óhemju af aur og grjóti. Skemmdir á jörðinni urðu miklar. Talsvert af túni, mótkið og nærliggjandi engjar gróf framburðurinn. ...Skriðan hafði sópað niður úr fjallinu alls konar bergrusli, og vatnið bar með sér eitthvað, er líktist málmbrá og loddi við sem gljáandi agnir, ef hendi var difið í það. Mátti jafnvel finna kekki á stærð við handknetti úr þessu gljáandi efni.

Um skriðuna er annars þetta að segja: Hún mun hafa verið um 218 m á breidd, þar sem hún var breiðust. Skriðuföllin fóru ekki mjög hratt, en þó hraðar en svo, að undan þeim yrði hlaupið. Efnið var mest aur og grjót, en lítið stórgrýti. Enginn steinn sjáanlegur stærri en hreyfa mætti með járnkarli (Ól. Jóns. '57.).

Heim: Visir 25.01. Nýja Dbl. 26.01. 30.01. Veðr. jan. Óskar Einarsson 1951: Aldarfari og örnefni í Önundarfirði. Ól. Jóns. '57 (sögn Guðmundar Bernharðssonar, Ástúni, Ingjaldssandi).

ATH: Frásagnir af þessu skriðufalli eru hinrar fróðlegustu en mér virðist vettvangskönnun vera nauðsynleg.

1. febr. MÝRDALUR.

Skriða.

Tíðarfarið (í jan.) var lengst af hlýtt. Úrkoma var lítil og yfirleitt hagstæð veðrátta norðanlands og austan, en óstöðug og tíðar úrkomur á Suðvestur- og Vesturlandi. ...þ. 27.01.-31.01. sunnan- og vestanátt. Lengst af frostlaust, en ýmist rigning eða snjóel á Suður- og Vesturlandi. Að kvöldi þ. 31. gekk loks í norðanátt með talsverðu frosti og snjó norðanlands.

Kl. 07:30 í gärmorgun (01.02.) slokknuðu rafljósin í Bólstað í Mýrdal. Markús, bóninn á bænum, gekk þá niður að rafstöðvarhúsinu, sem er nálægt 100 m frá bænum. Fyrir ofan húsið er snarbrött brekka um 27 m há, og hafði skriða hlaupið þar á nálega 180 fermetra svæði og sópað rafstöðvarhúsinu að mestu leyti í burtu niður að Kerlingardalsá. Húsið var úr steinsteypu og stóð á klöpp. Rör og vatnshreyfill virðast ókemmd og óhöggud, en rafvélin er lítilsháttar skemmd, en þó eigi meira en svo, að gera má við hana. Vélarnar stóðu óhaggaðar á gólfí stöðvarhússins eftir hlaupið. Rúmmál hlaupsins er á að giska 150 til 200 teningsmetrar. ...Orsakir skriðunnar ætla menn hinar miklu rigningar í veturn (Mbl. 02.02.).

Heim: Mbl. 02.02. Visir 02.02. Nýja Dbl. 03.02. Veðr. febr. Ól. Jóns. '57.

14.-17. sept. NORÐFJÖRÐUR, ESKIFJÖRÐUR, SEYÐISFJÖRÐUR, VOPNAFJÖRÐUR, BÁRÐARDALUR, TIMBURVALLADALUR, BLEIKSMÝRADALUR, EYJAFJÖRÐUR.

Skriður.

þ. 13.-20. NA-átt. Djúp lægð fyrir suðaustan Ísland á hreyfingu norðaustur eftir. Gerði NA-hvassviðri um allt land og fylgdi því stórfelld rigning á Austurlandi og víða á Norðurlandi (sólarhringsúrkoma að morgni þ. 15. - 109.7 mm á Seyðisfirði). Snjóaði nokkuð í fjöll á Norðurlandi síðustu dagana, en lægði veðrið. ...Í stórrigningunum um miðjan mánuðinn urðu víða skriðuhlaup norðanlands og austan og ollu þau gifurlegu tjóni á jörðum og mannvirkjum og urðu einnig fínaði að fjörtjóni. Skriðuhlaupin voru aðallega á Seyðisfirði, Norðfirði, Eskifirði, á Möðruvöllum í Eyjafirði og þar í grennd og í Bárðardalnum (Veðr. sept.).

Skriðuföllin hófust á Austfjörðum, á Seyðisfirði seint þ. 14. með því skriður tóku að falla úr Strandatindi. Héldu skriðuföllin þar áfram aðfaranótt þ. 15. Sunnudaginn 15. eru einnig teknar að falla skriður í Norðfirði og á Eskifirði og þar fíllu einnig miklar skriður þ. 16. Á sunnudeginum (þ. 15.) er tekið að rigna óhemjumikið á Norðurlandi og upp úr miðjum mánudegi (þ. 16.) er þar teknar að falla skriður. Héldu skriðuföll þar áfram aðfaranótt þ. 17., en þá fíllu flestar skriðurnar við Möðruvelli í Eyjafirði.

NORÐFJÖRÐUR : ...Fréttaritari úrvarpsins í Norðfirði segir að þar hafi gengið stórrigningar sem orsakað hafa skriðuhlaup, er valdið hafa stórum skemmdum á engjum og túnum á nokkrum bæjum í sveitinni svo sem: Skorrastað, Skálateigsbæjum og viðar. Á Skorrastað eyðilagði hlaupið 30-40 hesta af heyi (Vísir 17.09.). ...Skorrastað, Skálateigsbæjum og Mýbae (Mbl. 17.09.). ...Á Kirkjubóli hlupu margar aurskriður, sem drápu eitthvað af fé. Nokkrar kindur hafa þegar fundist dauðar. En hlaupin eru þykk og getur fleira verið í þeim falið. Tún og engjar skemmdust nokkuð svo og rafstöðin. Á Skálateigi fóru 60-70 hestar af heyi, stórt stykki af túninu lenti undir hlaupið, svo og engjar. Á Skorrastað hlupu 2 skriður sín hvoru megin við bæinn, skemmdu mikið tún og engjar og tóku 20 heyhesta. Vegir mjög skemmdir og vatn flýtur yfir láglendi sveitarinnar (Mbl. 19.09.). ...Stórrigningunni hefur látlauast haldið áfram austanlands, skv. símskeyti, sem fréttaritari útv. á Norðfirði sendi þaðan kl. 10:45 í gærmorgun. Hefur hún valdið frekari skemmdum í sveitinni, sérstaklega á Kirkjubóli og Skálateigsbæjunum. Milli Kirkjubóls og Skálateigsbæja hefur fallið stór skriða, sem eyðilagt hefur engi á Kirkjubóli, og orðið fé að fjörtjóni. Kindur hafa sést dauðar í hrönnum af völdum Kirkjubólsár, og hefur túnið þar allmikið skemmdst, og einnig rafstöðin. Tún og engi á Skálateigsbæjunum hafa einnig orðið fyrir miklum skemmdum af hlaupinu. Heytjón hafa orðið allmikil. Þá hafa vegir um sveitina stórskemdst. Enn hafa ekki fengist gleggri fréttir af tjóninu (Nýja Dbl. 19.09.).

ESKIFJÖRÐUR: ...Fréttaritari úrvarpsins í Eskifirði símar, að þar hafi verið aftaka rigningar síðan á sunnudagskveld (15.09.) og hafa þær valdið stórskemmdum, bæði í kauptúninu og á ýmsum stöðum í Helgustaðahreppi. Rígt hafði og nokkuð síðastliðinn föstudag og laugardag.

Í gærkveldi (16.09.) fíll 40-60 m breið skriða á Hliðarenda yst í kauptúninu og gereyddi two túnskika, sem gáfu af sér um 40 heyhesta. ...Þriðja túnið skemmdist ekki til muna. Vatnsflóð gekk þó yfir túnið og bar á það aur. Hlaup kom í Grjótá vestarlega í kauptúninu síðastliðna mánudagsnótt (15.09.-16.09.). Flúði þá fólk úr næstu húsum, en skemmdir urðu ekki til muna, enda veittu menn ánni frá, til þess að koma í veg fyrir skemmdir. Skriða hljóp á túnið á Svínaskála og eyddi þar 40 heyhesta völl, braut hjall sem stóð neðst á túninu og fyllti hann auri. Önnur skriða fíll fyrir vestan túnið og tók af helming Litlu-Eyrar, sem var gott beitiland. Bílvegur sem skriðan fíll yfir er ófær. Á Innstekk, næsta bæ fyrir utan Svínaskála, urðu allmiklar skemmdir. Þar stíflaðist

Stekksá upp í brúnum. Breytti hún farvegi sínum og hljóp á túnið. Við þessa á voru tvær raflysingarþrær. Braut hlaupið aðra en fyllti hina, svo að raflysing á bænum er stórskemmd. Hlaupið skemmdi bæði tún og kálgarða á Innstekk, en hve mikið er ekki vitað. Hætta er á meiri skemmdum ef rigningin helst, sem útlit er fyrir. Smáhlaup hafa komið á Hólmaströnd svo að bílvegurinn þar er ófær (Vísir 18.09.). ...Til viðbótar fréttum af skemmdum í Helgustaðahreppi í síðustu stórrigningu símar fréttaritari útv. í Eskifirði í dag, að skriðan sem fíll á jörðina Innstekk hafi eytt um 50 hesta töðuvöll. ...Í Sigmundarhúsum, næsta bæ fyrir innan Helgustaði, fíll skriða á tún og engjar og gerði allmikil spjöll. Sú skriða tók og nokkuð af heyi (Vísir 20.09.).

...Frá Svínaskála er skrifað í lok sept. 1935. ...byrjaði að rigna hér á föstudagsmorgun, og rigndi mátti heita hvíldarlaust fram á þriðjudagsmorgun, enda eftir því sem komist verður næst rigndi á þessum 4 dögum, 2 metrar, eða 500 mm á sólarhring. ...Lækurinn fyrir utan bæinn ruddi fram leðju strax á laugardag (14.09.), en á sunnudag (15.09.) var hann ekki búinn að gera neinn skaða, sem teljandi var, og var um miðjan dag slarkandi yfir hann á brúnni á vaðstígvélum, en á sunnudagskvöld heyrðum við þennan voða aðgang, þá hafði skriðið fram stór spilda úr brekkunni. Spildan er líklega 10 faðmar á breidd og meira en alin á þykkt, og byrjaði alveg upp við brúnina. Þegar allt þetta rann, þversum í lækinn, stíflaðist hann í bráð, en ruddi svo öllu undan sér niðureftir, svo farvegurinn er nú líkl. 10 fóðum breiðari og sumstaðar meira en mannhæð á dýpt, ein holgrýtis urð sem helst er ófær yfirferðar. Öllu þessu ruddi svo lækurinn yfir túnið, fyrir neðan gilið og út á sjó, svo það tún er að mestu ónýtt, sömuleiðis allt innan við lækinn, alveg inn að brekku.

Svo kom annað hlaup á allt túnið, sem var fyrir ofan sjóhúsin og tók það alveg af, braut inn hliðarnar úr hjallinum og fyllti hann og húsið fyrir neðan, langt upp á veggi með aur og grjóti. Siðan eru hlaup með litlu og engu millibili alla leið út fyrir Stekk. Meira en helmingur af Leitinu milli sjóhúsanna á Svínaskála og Stekks er ein holgrýtisurð og grjót.

A Stekk komu 2 hlaup á túnið, sitt hvorum megin við íbúðarhúsið og ná nú nokkuð niður fyrir það. Annars var það heppni, að hætti að rigna á þriðjudag (17.09.) ...því þá voru háu hnausarnir upp af bænum byrjaðir að taka í sig þversprungur, alveg upp við brúnir, svo að það munaði minnstu að þeir rynnur niður. ...Rafveitan fór líka illa hjá þeim. Skriða laskaði trérörin, sem lágu að stöðinni ...Af þrem túnum, sem voru á Hlíðarenda, fór eitt alveg og annað til hálfss. Á Sigmundarhúsum tók af 60 hesta engi skammt frá bænum. Yfirleitt eru jarðirnar á þessu svæði meira og minna eyðilagðar. Það merkilegasta er, að það er bara á tveim stöðum, sem lækirnir gjörðu skaða, heldur voru þetta jarðarspildur, sem skriðu fram þó enginn lækur væri nálægt (Mbl. 10.10. úr fréttabréfi frá Árna Jónassyni bónda á Svínaskála í Helgustaðahreppi.).

SEYÐISFJÖRÐUR: ...Eindæma rigning hefur verið á Seyðisfirði og þar í grennd síðan á föstudag. Á Seyðisfirði hafa orðið miklar skemmdir vegna skriðuhlaupa, aðallega úr Strandartindi. Í gærkveldi (14.09.) seint hljóp skriða á íbúðarhús og geymsluhús Einars Einarssonar, útgerðarmanns og oliuport Oliuverslunar Íslands. Neðri hæð íbúðarhússins skemmdist allmikið og geymsluhúsið fylltist af auri og grjóti. Í geymsluhúsinu var ein kýr og varð henni með naumindum bjargað, en nokkur hænsni fórust. Skriðan hljóp fyrir dyr hússins, svo íbúarnir urðu að bjargast út um glugga. ...Oliuport Oliuverslunar Íslands gerónyttist og eitthvað af oliu fór í sjóinn. Aurskriða fíll einnig að geymsluhúsi Fisksölufélagsins, svonefnndri Pöntun, en virðist ekki hafa valdið þar skemmdum. Önnur aurskriða fíll í nótt (15.09.) á fiskverkunarstöð Þóris Jónssonar, útgerðarmanns á Fjarðarströnd. Færði hún í kaf fiskreiti og fiskstakka, braut efri hlið úr fiskskúr og flóði inn um dyr á fiskkjallara þar sem geymdur var allmikill óverkaður fiskur. ...Smærri aurskriður fíllu og víðar, en ollu ekki verulegum skemmdum. Þá urðu og af hlaupum þessum miklar skemmdir á vegum (Nýja Dbl. 17.09.).

VOPNAFJÖRÐUR: ... (myndatexti) Fjallshlíðar norðan við Hof í Vopnafirði. Þær voru algrónar fram til 1935, er miklar skriður hlupu fram eftir rigningar hinn 10.-15. september um haustið (Ársrit Skógrf. Ísl. 1945).

BÁRÐARDALUR: ... Í rigningunum, sem gengið hafa undanfarið hér Norðanlands, fíllu um 20 skriður, stærri og smærri í Bárðardalnum. ... Eitthvað af fé hefur farist í skriðunum, og hafa nokkrar dauðar kindur þegar fundist. Á Hliðskógum í Bárðardal liggar hálf túníð undir aurskriðu og flutti fólkid burt af bænum meðan mest gekk á. Á Stóruvöllum fíllu margar skriður og skemmdu engjar og úthaga. Vegurinn fram Bárðardal, utan Fljótsins, er ófær, vegna skriðuhlaupa (Mbl. 02.10.). ... Tuttugu aurskriður fíllu úr fjallinu sunnanmegin Stóruvalla í Bárðardal í rigningunum miklu í haust og ollu miklum skemmdum og landspjöllum. Eitthvað af fé först í skriðunum (Dagur 17.10.).

TIMBURVALLADALUR: ... Þá fíllu einnig margar skriður í Timburvalladal, á afrétti Fnjóskdælinga, svo þeir gátu ekki gengið á venjulegum tíma. Eitthvað af fé hefur farist í skriðunum og hafa nokkrar dauðar kindur þegar fundist (Mbl. 02.10.).

BLEIKSMÝRARDALUR: ... Þá segir Gunnar Jónatansson á Reykjum, að orðið hafi í þetta sinn mikil jarðföll á framdolum Fnjóskadals, einkum Bleiksmýrardal (Ól. Jóns. '57.).

EYJAFJÖRÐUR: ... Stórfelldar rigningar hafa gengið hér að undanförnu. Hafa þær skemmt bæði eldivið og hey, því hús með torfspökum hafa lítið viðnám veitt og er því víst að öll hey, sem ekki voru undir járnþaki, hafa skemmt meira og minna. Stórfeldastir hafa þó skaðarnir orðið í Möðruvallasókn, fram í Eyjafirði. Tók að rigna þar mjög mikið síðasti. laugardag (14.09.) og herti á rigningunni á manudagsnótt (16.09.) svo með fádæmum varð. Hélst þessi stórrigning alla nótina og manudaginn, var sem vatni væri hellt úr fótum og lækir urðu stórir sem ár, var til að sjá sem öll fjallshlíðin væri nær eitt vatnshaf. Tóku og þá að gerast hinir ægilegustu atburðir, því um miðjan dag föru að falla skriður og jarðföll í hliðinni og fylgdu dunur og dynkir, er heyrðust langar leiðir, en jörðin skalf og nötraði. Hélt þessum ægilega leik áfram með litlum hléum fram undir morgun á þriðjudag (17.09.) (Verkam. 21.09.).

... Sífelldar stórrigningar hafa gengið í Eyjafirði undanfarna daga og valdið miklum vatnavöxtum og skriðuhlaupum. Síðasta sólarhring (16.09-17.09.) fíllu skriður miklar úr fjallinu norður og upp frá Möðruvöllum í Eyjafirði, og hafa þær valdið, stórkostlegum landspjöllum á jörðunum Guðrúnarstöðum, Helgastöðum, Fjósakoti, Möðruvöllum og Skriðu. Fjósakotsland hefur aleyöst að undanteknum nokkrum hluta túnsins. Skemmdir hafa ekki orðið á húsum, en fólk hefur flúið bæina í Fjósakoti og Helgastöðum. Ein jarðspildan gekk alla leið fram í Eyjafjarðará og stíflaði hana og hefur án breytt farvegi sínum og rennur nú út um Melgerðisnes, sem er engi, og veldur þar miklum landskemmdum. Skemmdirnar hafa ekki verið rannsakaðar til fullnustu og tjón hefur ekki verið metið. Dauðar sauðkindur hafa fundist í skriðunum, en ekki er vitað hve mikið brögð hafa orðið af því að fé hafi farist (Mbl. 18.09.). ... Eyjafjarðará færðist úr farvegi sínum og rennur nú vestur yfir Melgerðisnes og Núpá stöðvaðist um tíma (Verkam. 21.09.). ... Mest urðu brögð að skemmdum á Helgastöðum og Fjósakoti, flýði fólkid úr þeim bæjum, og eru þessar tvær jarðir sagðar eyðilagðar að mestu í bráð. Ysta jarðfallið nær frá Helgastöðum og út undir Guðrúnarstaði og eyðilagði nýraekt á þeirri jörð. Nokkur hluti þess fór alla leið vestur fyrir Eyjafjarðará og yfir á Melgerðisnes og olli þar skemmdum. Stíflaði það ána með öllu, svo að hún braut sér nýjan farveg út nesið. Á Möðruvöllum fór jarðhlaup yfir nokkurn hluta túnsins og þar á meðal stóran kartöflugarð, sem ekki var búið að taka upp úr. Ennfremur eyðilagðist ysti hluti Möðruvallaengis. Í Skriðu munu og hafa orðið miklar skemmdir. Kindaskrokkar hafa fundist í jarðföllunum og er talið víst, að margt fé hafi farist. Sunnan Stekkjarflata er lítil árspræna, er nefnist Hlífa. Svo mikið vatnsflóð hljóp í hana, að hún var með öllu ófær yfirferðar (Dagur 19.09.). ... Fjörtán kindur hafa

fundist dauðar í skriðunum og í Eyjafjarðará, neðan við skriðurnar. Óvist er hve margt fé kann að hafa farist þannig (Mbl. 20.09.).

...Á landamærum Guðrúnarstaða og Möðruvalla fíll gríðarmikið jarðfall. Eyðilagði það allmiklar engjar á þeim jörðum og nýrækt frá Guðrúnarstöðum, um hektar að stærð. Þetta jarðfall fyllti upp farveg Eyjafjarðarár og renndi sér yfir á Melgerðisnes ...þar (Helgastöðum) hljóp og skriða mikil á túnið, og klofnaði hún á bænum, en skemmdi hann þó ekki. ...Kálfagerðisland er óskemmt og er það eina jörðin í hlíðinn, sem ekkert hefur fallið á. Þá kemur hið mikla jarðfall, er spennir greipar nær því að bænum á Möðruvöllum, um Fjósakotsland allt og suður fyrir bæ á Skriðu. ...Húsín (Fjósakot) sakadí lítið, þó brotnaði rúða á gamla bænum og fór sletta þar inn. ...Þetta jarðfall náði, eins og áður er getið, suður fyrir bænni í Skriðu. Skemmdi það, ásamt skriðu er fíll sunnar á túnið, engjarnar og eyðilagði rúmlega helminginn af túninu. Talið er af kunnugum, að þessi bær hafi verið í mestri hættu, en ekki varð flúið úr bænum, því skriðurnar voru á tvaer hendur. ...Fyrir sunnan Stekkjarflatir fíll afarbreitt jarðfall og mun það hafa stíflað Núpá, eins og áður segir, og í það jarðfall má telja víst að mikið fíll hafi farist. Fyrir sunnan Björk, sem nú er í eyði, fíll einnig stórt jarðfall, ...Þá fór og allmikið jarðfall fyrir sunnan Finnastaði (Verkam. 21.09.).

...Fjallgarðurinn mikli milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar varð þá sem oftar veðrakljúfur, þannig að meðan regnið dundi úr loftinu í Eyjafirði og þar fyrir austan, var sólskin og þurkur um Skagafjörð, og meira að segja sveitirnar vestan Eyjafjarðar sluppu furðanlega vel. Einna áköfust mun rigningin hafa verið frá laugardegi til mánudags 14.-16. september. Regnið fossaði úr loftinu, og í hverri dæld og gili byltust fram kolmórauðir lækir eins og mest í vorleysingum, smásprænur, sem menn varla vissu af um sumarið, urðu hinir torveldustu yfirferðar. ...Á mánudag (16.09.) og þriðjudagsnótt (17.09.) sprungu fram jarðföll mikil í Eyjafirði austanverðum, ...Skriðuhlaup þessi eða jarðföll urðu mest og mögnuðust í grennd við Möðruvelli í Eyjafirði, höfuðból Guðmundar ríka. Þar er allþéttbýlt, og landrými jarða því lítið. Fjallið fyrir ofan bæina er 971 m yfir sjávarmáli, en í um það bil 900 m hæð, er hamrabrún eða belti eftir endilangri hlíðinni og allmiklir klettaklasar þar niður úr, hingað og þangað. Upp undir kletta er fjallið að mestu gróið, en vitanlega er jarðvegur þar víða grunnur, einkum ofan til í hlíðinni. En í lægðum og slökkum neðan til eru víða mómyrar. ...Aðaljarðföllin eða skriðurnar hafa hlaupið á fjórum stöðum. Hið nyrsta er á milli bæjanna Guðrúnarstaða og Helgastaða. Er það skift hið efra, en sameinast þegar kemur niður á láglendið, en hólar og hryggir standa þar upp úr eins og smáeyjar. Jarðfall þetta mun vera allt að einum km á breidd, þar sem það er breiðast. Það var fyrsta jarðfallið, sem hljóp fram seinnihluta mánudagsins (16.09.). Það fíll niður í Eyjafjarðará, sem rann þar austur undir brekkunum. Fyllti jarðfallið farveg hennar og barst vestur yfir hana út yfir Melgerðisnes, sem er engjasvæði vestan árinna. Breytti áin þar farvegi sínum og rennur nú norður nesið, en lón allmikið hefur skapast sunnan skriðunnar. Skriða þessi, sem mun vera hin stærsta, sem fíll í Eyjafirði, eyðilagði mjög land Helgastaða, auk þess eyddust: engjaspilda, sem tilheyroi Möðruvöllum, nýræktir frá Guðrúnarstöðum og verulegur hluti af Melgerðisnesi. Mun heyfengur af engjum þeim, sem þarna eru eyðilögð og auri hulin skifta nokkrum hundruðum hesta. Mómyrar hafa sprungið þarna fram, og liggr mórinn í hrönum í skriðuhlaupinu. Skammt sunnan við jarðfall þetta hið mikla hefur önnur skriða fallið á Helgastaðatún og eyðilagt það að miklu leyti. Munaði litlu, að hún felli á bæinn, enda flýði flest fólk þaðan á þriðjudagsnóttina (17.09.), meðan mest gekk á.

Annað aðalskriðufallasvæðið er sunnan við Möðruvelli. Hafa þar hlaupið fram skriður, sem að mestu hafa eytt öllu landi milli bæjanna Fjósakots og Skriðu, eru þar einungis smáraemur eftir hið efra í fjallinu. Jarðföll þessi hafa eytt landi Fjósakots að mestu og miklu af landi Skriðu, bæði túni og engjum. Nyrsta jarðfallið af þessum, sem hér um

ræðir, féll niður sunnan við bæinn í Fjósakoti, og rann armur af því í kringum bæinn án þess þó að hann sakði. Það bjargaði bænum, að hann stendur undir ofurlitlum hól. Á hól þessum klofnaði skriðan, meginhluti hennar féll fyrir sunnan Fjósakotsbæ eins og fyrr er sagt, en allveruleg kvísl féll norðan við hólinn og niður á Möðruvallatún og eyddi af því nokkurri spildu og kartöflugarði, sem enn var ótekið upp úr.

Fyrir innan Möðruvelli skerst Sölvadalur suðaustur í fjöllin. Eftir honum fellur Núpá, víðast í gili miklu. Þar félle og skriður miklar þessa daga. Tvær þær mestu eru beggja megin við bæinn Björk. Tekur sú syðri og meiri þeirra yfir mestallt svæðið milli Finnastaða og Bjarkar, sem mun vera hátt í km á breidd. En jarðir þessar eru í eyði, svo að tjónið þar er minna tilfinnanlegt.

Þar sem jarðföll þessi hafa hlaupið fram gína nú við opin sár í grónum hlíðum, þar sem áður voru brekkur grasi vaxnar, blasa nú við sjónum naktir klettar, svo mjög hefur jarðvegurinn sópast brott. Öll eiga jarðföllin upptök sín hátt uppi í fjallinu, ekki ýkja langt fyrir neðan kletta. Enda þótt þau séu mjó efst breikka þau furðufljótt, og eru breiðust eins og áður er getið, allt að km að breidd. (Vegalengdir eru að vísu áætlaðar eftir korti herforingjaráðsins.) Niðri á láglendinu þar sem jarðföllin hafa staðnæmst, er landið hulið aur og leðju. Sú er bót í málí, að fæst jarðföllin hafa borið með sér mikið af grjóti, svo að líkur eru til, að þau grói upp fyrr en ella mætti vænta. Þar sem áður voru sléttar grundir rísa nú upp hólahrúgöld og hnausar, og eru jarðvegstorfurnar ofan úr hlíðunum viða vafðar upp líkt og klæðisstrangar, sjást hin mismunandi jarðvegslög greinilega í sárinu. ...Prjár jarðir, Helgastaðir, Fjósakot og Skriða eru að mestu eyðilagðar, og litlar líkur til, að á þeim verði búið næstu árin. ...Allmargar aðrar jarðir eru og skemmdar til mikilla muna. Þá hefur og skepnutjón orðið nokkurt (Steindór Steindórsson, Sunnudb. Aþb. 27.10.).

...Sjónarvottar segja, að þegar skriða þessi (sú milli Helgastaða og Guðrúnarstaða), kom niður í myrina, neðan við fjallsrótina, hafi verið því líkast sem jarðvegstorfan öll risi á rönd. Skriðan fór undir jarðveginn, reisti upp stórar fyllur og velti þeim fram fyrir sig. ...Stíflaði hún Eyjafjarðará svo rækilega, að talið er að hægt hafi verið að ganga yfir farveginn neðan við hlaupið þurrum fótum í hálfu klst. eftir að skriðan féll, og var áin þó í foráttuvexti. Þá braut áin sér farveg vestan við áðurnefndan hólma og mun hafa runnið þar að mestu 1-2 ár.

Hinar skriðurnar munu flestar hafa hlaupið á þriðjudagsnóttina (17.09.). Á Helgastöðum hljóp aurskriða niður á túnið en klofnaði um hey ofan við bæinn, og hlífði það honum. Mikið af skriðunni mun hafa fallið sunnan við bæinn, eftir lækjarfari, sem þar er, en eitthvað fór niður yfir túnið. Skriðan tók upp undir baðstofugluggana.

Önnur mesta skriðan tók sig upp á þriðjudagsnóttina rétt sunnan við Möðruvallahnjúkinn, hátt í fjallinu. Nokkru neðar, við svokallaðan Möðruvalladal, fór hún fram af hömrum og breikkaði mikið neðan við þá. Við Hríshól, spölkorn upp af Fjósakoti, mun hún hafa verið orðin 200-300 m breið. Þar klofnaði hún. Aðalstraumurinn fór sunnan við hólinn, gróf stórar geilar í Fjósakotsengið og fletti þar af stórum og geysiþykum grastorfum, vafði summar upp í vöndla, en flutti aðrar með sér. Hún fór svo niður sunnan við Fjósakot, þakti mest allt túnið, alveg heim að bæ og umhverfis hann, rann síðan niður á eyrar og fleytti þangað stórum grastorfum og rann að lokum alveg út í Eyjafjarðará. Skriða þessi fór yfir mjög mikið af landi milli Fjósakots og Skriðu. Minni álma skriðunnar fór norðan við Hríshólinn og niður á Möðruvallatún, sunnan við kirkjugarðinn. ...Þá fór skriða niður yfir norðurhluta túnsins í Skriðu, en hún skemmdi aðeins lítið af túni. Þá má og geta um tvö allmikil skriðuhlaup sunnar. Annað í svokölluðu "Logni" sunnan við Hlífa og hitt sunnan við Björk og tók yfir mest svæðið milli Bjarkar og Finnastaða. ...Mjög mikill jarðvegur var í flestum þessum skriðuföllum. ...Gréru þau fljótt eða voru ræktuð upp, svo sem í Fjósakoti. Þó má geta þess, að skriða á Helgastöðum var mjög grjót- og aurborin.

Þegar fjallið var gengið, rétt eftir skriðuhlaupin, kom í ljós, að viða voru sprungur uppi í því, þar sem jarðvegurinn hafði verið kominn að því að hlaupa, þótt ekki yrði af. Kindarskrokkar fundust í jarðföllunum, og var talið, að margt fé hefði farist, en það mun þó hafa verið færra heldur en við var búist (Ól. Jóns. '57.).

...Mjaðmárdalur, liggur til suðurs, að miklu leyti samhliða Eyjafirði. Er fjallið milli þeirra viðast mjótt. Mjaðmárdalur er um 15 km langur. Fjallið milli hans og Þverárdals heitir Tungnafjall, en hlíðin framan í Munkaþverártungur. ...Munkaþverártungur eru vel grónar, en brattlent er þar og skriðuhætt. Féllu þar skriður miklar 1934 (rétt, 1935). ...Viða er skriðuhætt og snjóflóða í Sölvadal. Er þess skemmt að minnast, að hann varð fyrir þungum búsfjum af skriðuhlaupum haustið 1934 (rétt, 1935), einkum að austanverðu (Lýsing Eyjafjarðar 1949).

Heim:

Austurland: Vísir 16.09. 17.09. 18.09. 19.09. 20.09. Mbl. 17.09. 18.09. 19.09. 10.10. Ápp. 17.09. 18.09. Nýja Dbl. 17.09. 18.09. 19.09. Tím. 19.09. Veðr. sept. Hákon Bjarnason 1945: Gróður og menning, Ársrit Skógræktarfélags Íslands 1945. Ól. Jóns. '57.

Norðurland: Mbl. 18.09. 20.09. 02.10. Vísir 18.09. Ápp. 18.09. Nýja Dbl. 18.09. Tím. 19.09. Dagur 19.09. 17.10. Ísl. 20.09. 04.10. Verkam. 21.09. Einherji 21.09. Veðr. sept. Steindór Steindórsson 1935: Skriðuhlaupin í Eyjafirði, Sunnudb. Ápp. 23.10. Steindór Steindórsson 1949: Lýsing Eyjafjarðar. Angantýr H. Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson 1957: Örnefni á Saurbæjarhreppi. Ól. Jóns. '57.

9. okt. HELLISHEIÐI (Hveradalir).

Skriða/grjóthrun við jarðskjálfta.

Jarðskjálftahrina varð á Hellisheiði þ. 9.-12. Fyrsti kippurinn var einnig sá snarpasti og varð hann kl 21:10 þ. 9.

...Skriða dálítil féll hér úr fjallinu í stóra kippnum (við Skíðaskálann í Hveradöllum). ...Í fyrsta kippnum féll stórt bjarg úr hlíðinni ofan við skálann og stefndi beint á skálann. En til allrar hamingju stöðvaðist bjarg þetta í brekkunni ofan við skálann, er það átti ófarna 40-50 m til skálans (Mbl. 10.10.). ...Mikið af smásteinum hrundi úr fjallinu fyrir ofan skálann og stór steinn, sem talinn er um þrjú tonn að þyngd, losnaði úr fjallinu og þeyttist niður hlíðina, en sem betur fór staðnæmdist hann í miðri brekkunni skammt frá eldhúsglugganum (Ápp. 10.10.).

Heim: Ápp. 10.10. Mbl. 10.10. Eysteinn Tryggvason 1978. Jarðskjálftar á Íslandi 1930-1939.

1936

2. maí REYKJAVÍK.

Skriða.

Þ. 1.-11. S-veðrátta með rigningum á Suður- og Vesturlandi.

Laugardagkvöldið 2. maí laust eldingu niður á Melunum fyrir sunnan Íþróttavöll, og varð af ægilegri þrumugnýr en heyrst hefir um langt skeið í Reykjavík. Samtímis skall yfir haglél svo stórfellt að stærri snjóhögl munu sjaldan falla hér á landi.

Um svipað leyti eða jafnvél þetta sama kvöld hefir runnið fram skriða í Öskjuhlíðinni efst, vestanmegin. Undan hábungu hlíðarinnar hefir sprottið upp vatnsból, sem fleytt

hefir melfláka ofan af klettalagi, rutt honum að nokkru leyti til hliðar og steypt hinu fram af klettastöllunum. Þótt skriða þessi nái ekki nema yfir hálfu dagsláttu er hún skoðunarverð í fábreytni nágrennisins (Nýja Dbl. 19.05.)

Heim: Nýja Dbl. 19.05. Veðr. mai. Ól. Jóns. '57.

30. júní VESTUR ÍSAFJARDARSÝSLA (Breiðadalsheiði).

Grjóthrun?

Fréttir herma að kona Óskars Borg lögfræðings hafi slasast á Breiðadalsheiði í fyrradag með þeim hætti, að steinn hrapaði úr brekku og kom í bak konunnar (Nýja Dbl. 02.07.).

Heim: Nýja Dbl. 02.07.

13. ág. ÍSAFJÖRÐUR (Eyrarhlíð).

Skriður.

Þ. 11.-13. Lægðir fyrir sunnan Ísland og yfir Grænlandshafi, SA- og síðan S-átt með nokkurri rigningu einkum vestanlands og sunnan.

Afarmikil rigning var hér 13. þ.m. Mun hún bæði hafa valdið skemmdum á heyjum, og víða orsakað skriðuhlaup. Hér á Eyrarhlíð féllu 12 skriður yfir þjóðveginn til Hnífsdals. Er nú unnið að því að moka þeim í burtu (Vesturland 14.08.).

Heim: Vesturland 14.08. Veðr. ág. Ól. Jóns. '57.

16. sept. SUÐURSVEIT, HORNAFJÖRÐUR, LÓN, BERUFJÖRÐUR, ÁLFTA-FJÖRÐUR, BREIÐDALUR, STÖÐVARFJÖRÐUR, REYÐARFJÖRÐUR.

Skriður.

Þ. 14.-18. Djúp lægð við S-Grænland olli SA-stormi mánudagskv. 14 sept. og næstu nótt um vesturhluta landsins. Þar með fylgdi mikil rigning og 10-12° hiti. Næsta dag lygndi í bili, en þegar um kvöldið gekk á ný í S-ofsaveður vegna stormsveips, sem myndaðist suðvestur í hafi og för með um 100 km hraða á klst. norður eftir skammt fyrir vestan Ísland. Morguninn eftir var stormsveipurinn kominn norður fyrir Vestfirði, og var þá SV-rok víða um land, einkum þó á Vesturlandi. Um nóttina þegar hvassast var, komst vindhraðinn upp í 34 m á sek, þ.e. 12 vindstig. Dagana 17. og 18. sept. hélst svo enn SV-átt og hvassviðri með rigningu vestanlands og hlyíndum. Austanlands var þá þurrat veður og hiti óvenjulega mikill. ...Í þessu ofsaveðri fórst m.a. franska hafrannsóknarskipið Pourquoi Pas? með 39 mönnum. Þá týndist vélbátur frá Ólafsfirði með 6 mönnum og opinn vélbátur frá Bíldudal með 3 mönnum. Ennfremur drukknuðu 3 menn af 2 vélbátum út af Siglufirði og 5 menn af norsku skipi á Faxaflóa.

...Í stórrigningunum suðaustanlands aðfaranótt þ. 16. hljóp feikna vöxtur í ár og læki, og urðu miklar skemmdir á vegum, brúum, túnum og görðum á svæðinu frá Rangárvöllum að Austfjörðum sunnanverðum. Rafstöðvar eyðilögðust einnig sumstaðar, og mikið hey flæddi. Í Hornafirði og víðar fórst fé í flóði og skriðum (Veðr. sept.).

...Í Hornafirði urðu í stórrigningunum 15.-16. þ.m. miklar skemmdir af vatnsflóði. Hey sópuðust af engjum. Sauðfē fórst í vötnum og aurskriðum. Vegir skemmdust. Símastaurar féllu og skriður runnu á tún, einkum í Lóni og Suðursveit (Nýja Dbl. 19.09.).

...Aðfaranótt 16. þ.m. skall á óhemjurigning og sunnanstormur. Skriður hlupu víða á tún og engi. Jörðin Streiti er talin gereydd. Að Núpi á Berufjarðarströnd

stórskemmdust tún og engi og sáðgarðar eyddust. Nýreist fjárhús sökk upp fyrir veggi í skriðunni. Rafmagnsstöðin í Fossgerði stóðvaðist og þriðjungur túnsins eyddist. Viða hlupu skriður á engjar. Á Berunesi stórskemmdust allar engjar, fyrir utan bæ, en af þeim hafa fengist um 200 hestar heys. Á Melrakkanesi (Álfafirði) eyddi skriðuhlaupið miklu af túni og görðum. EKKI er enn kunnugt um hve miklir heyskaðar urðu. Búast menn við að fó hafi einnig farist í hlaupinu. Þjóðvegurinn milli Djúpavogs og Geithellna telst alófær nema gangandi mönnum (Nýja Dbl. 20.09.). ...Jörðin Streiti í Breiðdal, ein af staðri jörðum sveitarinnar, er liggur yst á nesinu milli Breiðalsvíkur og Berufjarðar, er sögð geryðilögð af skriðufalli. Vegurinn frá Djúpavogi til Geithellna er gjörsamlega eyðilagður af skriðuhlaupum úr Búlandstindi. Þá hafa rafstöðvar eyðilagst, brýr skekkst og raskast sakir vatnavaxta (Siglfirðingur 22.09.).

...Í stórrigningunni aðfaranótt 16. þ.m. urðu mikil skriðuhlaup í Snæhvammslandi við Breiðalsvík og í Hvalsneslandi við Stöðvarfjörð. Í Snæhvammi fóllu skriður yfir mikinn hluta af túninu og eitthvað af jarðeplagörðum. Einigur urðu þar stórskemmdir á engum og beitilandi. Á Hvalsnesi fóll skriða yfir túnjaðar og tók burtu tungirðingu og ónýtti mikið engi. Í Snæhvammsskriðunni fóllu svo miklar skriður að götur hurfu, og er leiðin milli Breiðdals og Stöðvarfjarðar alófær hestum og illfær gangandi mönnum. Er ekki sýnilegt að hægt verði að gera þessa leið fára fyrr en á næsta sumri. Milli Hafnarness og Stöðvarfjarðar fóllu svo miklar skriður að ófært er nema gangandi mönnum (Vísir 21.09.). ...Í stórrigningunni aðfaranótt 16. þ.m. vaknaði fólkid í Snæhvammi við gný mikinn. Klæddist það í skyndi og varð þess vart, þótt dimmt væri, að skriða fóll niður beggja megin bæjarins og flæddi vatnið og aurleðjan yfir hlaðið. Taldi fólkid sig ekki óhult í baenum og fór niður í fjárhús, sem stendur neðan í hól á túninu rétt niður af baenum, og hafðist þar við þar sem eftir var nætur. Skriðuhlaupin héldu áfram alla nöttina og fram undir birtingu, og var af þeim gnýr mikill. Þegar birti kom í ljós að fullur helmingur af túninu lá undir skriðunni (Mbl. 29.09.).

...Frá Snæhvammstúni inn að merkjunum (Pverhamar) er um $\frac{1}{2}$ km. Þar voru innri engjarnar. Á þetta svæði höfðu fallið tún hlaup. ...Úr Hökuvíkur- og Færivallafjalli, en þau eru upp af skriðum þeim, er fyrr voru nefndar, hljóp ægilega í sjó fram, en þar er ekkert undirlendi að kalla. Hlaup þessi eru geysibykk, einkum urðarhaugarnir neðan við skriðurnar, en þeir munu tugir metra á þykkt. Fylltust fjörur svo af niðurburði, að slétt varð víða af háum bökkum, en bætur og vogar hálffylltust. ...Vegurinn milli Breiðdals og Stöðvarfjarðar eyðilagðist alveg. Umrótið var mest í skriðunum. Þar urðu gilkinnarnar ókleifar. ...Á Hvalsnesi var tvíbýli og skemmdist tún annars ábuandans, en engjar þó meira. Bæirnir á Kambanesinu standa svo utarlega, að ekki hljóp nærri þeim, en í Kamba(nes)skriðum hljóp og annars staðar undan Hvalsneshlási niður á nesið. ...Þegar komið var í Snæhvammsdal í göngum um haustið, sáust upptök þess mikla grjótfloðs, er fóll umhverfis bæinn og langt í sjó fram. Mörg hlaup höfðu fallið úr Snæhvammstindinum niður í dalinn, síðan spýst fram úr honum þvert yfir hjallann, steypst fram af hengiflugunum upp af baenum með þeim ægikrafti, að djúpt gil er nú á dalnum, þar sem áður var gróin grund. ...Hlaupmörkin milli Snæhvamms og Pverhamars standast á við hlaup, er urðu á Ósleiti, utan við Ós, sunnan megin fjarðarins. Síðan má rekja jarðbytinguna út með firði á Streitishvarf, en þá víkur landi inn til Berufjarðarstrandar, og verður fjallið þeim megin bratt og grýtt inn að Núpi, sem er næsti bær við Streiti. ...Þegar kom yfir Streitishvarfið, urðu hlaupin mjög þétt og stór, allt inn að Streiti. Þar skemmu þau girðingar og túnspildu hjá einum ábuandanum, ...Upp frá Núpsbaenum ris fjall, mikið og hrikalegt. Núpslækur er beint upp frá baenum ...Lækurinn virðist hafa borið fram mikið grjót ...Þessa nött kom ægilegt hlaup í lækinn, og hljóp hann úr farvegi, braut túngarðinn og skall á baenum. ...Þá hljóp umhverfis fjárhús á túninu.

...Innar á ströndinni hljóp ekki, en hlaupa mun hafa gætt allt suður á Lónsheiði, og er sagt, að vegurinn frá Djúpavogi til Geithellna hafi eyðilagst gersamlega af skriðum.

Norðan Stöðvarfjarðar urðu nokkur spjöll af hlaupum úr ám og lækjum. Stóðust hlaupmörkin á beggja megin fjarðar, voru um miðja Hvalsnesströnd og miðja Selströnd, og eitthvað mun hlaupa hafa gætt utarlega í fjörðum, allt norður á Krossanes við Reyðarfjörð.

Þær jarðir, þar sem hlaupin urðu mest, máttu teljast nær óbyggilegar eftir. Einkum voru Snæhvammur og Núpur illa farnar, og hafa tún þar varla komist í sama horf og áður var (Ól. Jóns. '57., eftir frásögn Sigurjóns Jónssonar, bónda í Sæhvammi).

Heim: Visir 19.09. 21.09. Nýja Dbl. 19.09. 20.09. Siglfirðingur 22.09. Dagur 24.09. Mbl. 29.09. Veðr. sept. Ól. Jóns. '57.

1937

jan? DRANGEY.

Grjóthrun.

Úr norðurenda Drangeyjar hefur nýlega orðið eitt hið mesta bjarghrun, er sögur fara af. ...Þegar kom undir eyjuna, sáu bátverjar að fallið hafði sillu um 60 m breið úr norðurenda eyjunnar, en þar er bjargið um 180 m hátt. Af sillu þessari hefur orðið til stórgrytísurð við norðanvert bjargið og nær hún um 80 m norður frá bjarginu. Við eyjuna er urðin um tveir þriðju af hæð bjargsins. Hallar henni til sjávar og er hún yst um 2 m yfir sjó, en áður var þarna við rætur bjargsins 16 m dýpi (Mbl. 04.02.).

Heim: Mbl. 04.02.

ATH: Ól. Jóns. '57 notar eftirfarandi heimild sem staðfestingu á miklu grjóthruni úr Drangey árið 1930. Mér finnst lýsingin passa betur við atburðinn, sem hér er lýst að framan. "Fyrir nálægt 20 árum hljóp fram úr Gafli vestanverðum. Sést enn heljarmikil fylla niðri við sjó á þessu svæði. Slík framhlaup nefndu Drangeyjarmenn jafnan hauga. Áður en þetta varð var hilla vestast í Gafli, uppi undir brún, sem nefnd var Krókhilla. Dró hún nafn af lögun sinni. Voru í vestanverðum Gafli nokkur fuglasetur, þó aldrei þétt, en nú nær því engin, fyrr en austar kemur um Ólafssig" (Skagfísk fræði 8).

Heim: Kolbeinn Kristinsson frá Skriðulandi 1950: Örnefni i Drangey. Skagfísk fræði 8. Ól. Jóns. '57.

1. sept. NESKAUPSTAÐUR, ESKIEJÖRÐUR.

Skriður.

Þ. 1.-10. Tvær lægðir fóru austur með landinu að sunnan og austur fyrir land. Sú fyrri kom þ. 1., en hin þ. 6. Gerði báða þessa daga hvassa A-átt og rigningu um allt land.

...Óhemjurigningardeður hefur verið hér í dag (Neskaupstaður), og urðu stórhlaup í öllum lækjum, sem orsakað hefur flóð í kauptúninu. Miklar skemmdir hafa orðið á vegum og matjurtagörðum af vatnsflóðum. Uppfyllingar og brýr í Miðstræti sprengdi vatnið fram. ...Meiri hluti gatna í bænum eru ófærar vegna flóða. Sumstaðar er hnédjúp aurbleyta. Stórhætta er á frekari skemmdum við Strandgötu ef ekki styttir upp (Mbl. 02.09.).

...Fréttaritari útvarpsins á Eskifirði símar í dag: Í fyrri nótt gerði aftaka rigningu af austri og hélst hún fram á kvöld í gær (01.09.). Þegar fram á daginn kom fóru að falla skriður úr Hólmatindi. Féllu 2 allstórar skriður um miðja Hólmaströnd, en gerðu ekki annað tjón, en það að stöðva umferð um veginn. Þriðja og mesta skriðan fíll skammt fyrir innan fjarðarbotn á tún ...og eyddi það að mestu, en það er nýrækt 60 hesta tún aðallega sáðsléttur og þaksléttur. Huldust þær gersamlega aur og stórgryti.

Hólmamegin féllu úr tindinum að sunnan tvær skriður. Fél önnur þeirra vestan við svonefnda Illukeldu og eyddi 120 m breiða engjaskák frá þjóðvegi og niður að nýrækt. Ennfremur kom hlaup í bæjarlækinn á Hólmum. Stöðvaðið það við brú á læknum og bar aur og leðju inn á túnið. ...Vegurinn á milli Eskifjarðar og Búðareyrar er alófær bílum eins og stendur (Visir 03.09.).

Heim: Mbl. 02.09. Visir 03.09. Nýja Dbl. 03.09. Pyl. 03.09. Isl. 03.09. Veðr. sept. Ól. Jóns. '57.

ATH: Ekki er hægt að ráða í af fréttinni frá Neskaupstað hvort eingöngu var um vatnsflóð að ræða eða hvort skriður voru líka á ferðinni.

1938

6. júní HÖRGÁRDALUR.

Skriða.

Vorleysing.

Það mun hafa gerst þetta ár, á annan í hvítasunnu, 6 júní, að skriða hljóp niður hjá Nýjabæ, eyðibýli andspænis Ásgerðarstöðum í Hörgárdal. Fór hlaupið sitt hvorum megin við beitarhús, sem þar eru nú og yfir túnblett, sem var umhverfis húsin. ...heita þar Einhamraskálar. Leysing var mikil, og hefur safnast vatn og krap í skálarnar og síðan sigið fram í gegnum ruðningshólana framan við þær, gert fjallshlíðina vatnsósa og loks hleypt henni fram. Þetta var allmikil skriða. (Skriða tók Nýjabæ 1805, og hefur hann verið í eyði síðan.) (Ól. Jóns '57.).

Heim: Ól. Jóns. '57.

ATH: Skriðan hefur sennilega fallið þetta ár, en það er alls ekki öruggt.

19. júní EYJAFJARÐARDALUR.

Skriða.

Leysing.

Aðfaranótt sunnudagsins 19. þ.m. hljóp skriða úr Hleiðargarðsfjalli í Eyjafirði og fél skammt fyrir sunnan Hleiðargarð, allt niður í Eyjafjarðará. Skriðan er um 300 m breið sumstaðar og nálægt þriggja metra þykk þar sem mest er. Skemmdirur urðu bæði á túni, engjum og girðingu. Akvegurinn hefur og tekist af, svo að þar er ófært bifreiðum uns við verður gert. Óvist er enn hvort fé hefur farist. Skriðuhlaup og vatnsrennsli hélst alla nóttna og öðru hvoru á sunnudag (Nýja Dbl. 22.06.).

...Veðrið var ágætt, stillilogn og hlýindi, þótt sólin væri fyrir nokkru hnigin að fjallabaki. ...En skyndilega var kyrrðin rofin af óhugnanlegum skuðningi og dynk miklum. Leit ég þá suður og upp í Hleiðargarðskletta, því úr þeirri átt kom hljóðið. Sá ég þá að jarðfall mikið kom niður klettana, og fór það svo hart niður að með ólíkindum var. Álit ég að ferð þess hafi verið álika og þegar valur rennir sér úr lofti að bráð, er hann sér á jörðu niðri. Þó fór það aðeins hægar er það kom niður fyrir giljabotnana. Mökkur mikill stóð upp af jarðfallinu. Hygg ég að hann hafi staðið um 200 m í loft upp. Maður, er úti var staddir í Miðgerði sá mökkinn greinilega, en skildi ekkert í hvaða fyrirbæri þetta var. Miðgerði er um 8 km frá jarðfallinu.

Jarðfallið fíll nokkuð fyrir sunnan tún í Hleiðargarði, yfir svonefnda Laugarskriðu. Gerði það akbrautina alveg ófæra. Var það álit kunnugra manna að nær 2ja metra lag hefði bæst ofan á veginn þar sem þykkað var. ...Uppi í fjallinu hafði jarðfallið klofnað um hæð eina, rann svo í tveim álmum ofan fyrir giljabotna, en náði þar aftur saman. Á

hæð þessari voru fæinar kindur í hnapp og auðsjánlega mjög hræddar. Óttuðumst við að þær mundu freista þess að hlaupa út yfir ytri álmu jarðfallins, þar sem hún var mjóst, en þá mátti búast við að þær festust þar eða yrðu fyrir nýju jarðfalli, því alltaf voru að smáhlaupa skriður í jarðfallið. ...Ekki hafði jarðfallið unnið miklar skemmdir á túni eða engjum, þar sem það lenti að mestu ofan á gamalli skriðu er óslándi var fyrir grjóti. En um nóttina eftir og allan sunnudaginn rann óskiljanlega mikið vatn eftir jarðfallinu, og dreifði aur og leðju út á tún í Hleiðargarði og út fyrir neðan tún og eyðilagðist þá allstórt túnstykki og dálitið engi. ...Ekki er vitað hvað mikið af fé hefur farist í jarðfallinu. ...En eftir heimtum um haustið má telja vísst að ekki hafi margt lent í jarðfallinu. ...Grjót og möl var mikið í framhlaupi þessu, og því erfitt að gera nýja veginn (Ljúfa vor 1961).

Fyrir utan Nesskál er Hrútaskál. Þar tók sig upp jarðfallið, er féll fyrir nokkrum árum sunnan við Hleiðargarð (Örnefn. Saurbhr. 1957).

Heim: Nýja Dbl. 22.06. Aþb. 22.06. Dagur 23.06. Ísl. 24.06. Magnús H. Árnason 1961: Ljúfa vor. Angantýr H. Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson 1957: Örnefn i Saurbæjarhreppi. Ól. Jóns. '57.

1939

27.-29. apr. VESTUR ÍSAFJARÐARSÝSLA (Vatnadalur).

Skriður.

Þ. 27.-29. voru miklar rigningar á Vestfjörðum. Urðu þá sumstaðar skriðuföll, og skemmdirust tún í Vatnadal (við utanverðan Súgandafjörð) (Veðr. apr.).

Heim: Veðr. apr. Ól. Jóns. '57.

ATH: Veðr. er eina heimildin um þetta skriðufall.

21. júní EYJAFJARÐARDALUR, ÖXNADALUR.

Skriður.

Miklir hitar, leysing og miklir vatnavextir.

Við Leyning í Eyjafirði félldi skriða yfir veginn og stíflaði næstum Eyjafjarðará (Veðr. júní). ...Skemmdir urðu nokkrar í firðinum af völdum flóðsins. Við Leyning, sem er einn meðal innstu bæja í firðinum, félldi skriða fram í Eyjafjarðará og hafði næstum stíflað hana. Skriða þessi fór yfir akveginn, svo bílar komust ekki þar um (Visir 28.06.). ...Hjá Leyningi hefur þetta ekki getað verið, en skriða þessi mun hafa fallið norðan við klifið milli Leynings og Jórunnarstaða (Ól. Jóns. '57.).

.. Er leið að hádegi í dag var hitinn orðinn mun meiri, um $25-27^{\circ}$ á Akureyri. Hitar þessir hafa valdið vatnavöxtum og skriðuföllum norðanlands. Er bílvegurinn á Öxnadalsheiði og í Öxnalad ófær á 30 km kafla. Hjá Miðlandi í Öxnalad hefur fallið 100 m breið skriða yfir veginn og fyrir framan Hóla hafa lækir valdið skemmdum. Grjótá á Öxnadalsheiði hefur brotið sér nýjan farveg vestan við brúna (Tím. 22.06.). ...að skriður hefðu hlaupið yfir þjóðbrautina hjá Miðlandi í Öxnalad á átta eða tíu stöðum, þannig að umferð um veginn væri ófær vegna aurs og leðju, enda hefði mikið grjót borist á veginn með aurskriðunum (Visir 22.06.). ...Hjá Miðlandi félle 6 skriður úr gilinu og fóru yfir veginn á um 120 m svæði. Sumstaðar var skriðan allt að metra á dýpt á veginum og innan um var stórgryti, sem sprengja þurfti í sundur með dýnamiti (Mbl. 23.06.).

Heim: Tím. 22.06. Mbl. 22.06. 23.06. 24.06. Visir 22.06. 23.06. 28.06. Pyl. 23.06. 24.06. Ísl. 23.06. Verkam. 24.06. Alpm. 27.06. Dagur 29.06. Veðr. júní. Ól. Jóns. '57.

24. ág. HORNSTRANDIR.

Skriður.

Í stórrigningum þ. 24. félundu viða skriður í Hornvík, og lækir flóðu yfir bakka sína. Urðu nokkur spjöll á engjum (Veðr. ág.).

Heim: Veðr. ág. Ól. Jóns. '57.

ATH: Veðr. er eina heimild um þetta skriðufall.

Haust KJALARNEs.

Skriða.

Skriða féll úr Esjunni, upp af Sjávarhólum á Kjalarnesi þetta haust, samkv. frásögn Haralds Jósefssonar, bónda þar. Fór hlaupið niður undir tún á Sjávarhólum (Ól. Jóns. '57.).

Heim: Ól. Jóns. '57.

1940

maí EYJAFJÖRÐUR (Arnarneshreppur).

Skriða.

Leysing?

Síðustu dagana í maí þetta ár mun skriða hafa hlaupið á Ytra-Kambholi í Arnarneshreppi við Eyjafjörð. Hún tók sig upp í svonefndum Hrossahjalla, rétt sunnan við gamalt skriðufar, sem þar var. Hún fór niður yfir suðurhluta túnsins á Ytra-Kambholi og náði suður í gil, sem er á milli Syðra- og Ytra-Kambholss. Önnur álma fór niður norðan við bæinn og náði að lækjarfarvegi, sem þar er. Skriðan tók um helming túnsins, fór alveg heim að bænum og fjósi, sem var áfast við hann, en skemmdi ekkert hús nema gamalt brunnhús. Síðan hljóp hún niður fyrir brekkur og nam staðar í vegskurðinum ofan við veginn. Skriðan mun ekki hafa verið undir 200 m á breidd á túninu (Ól. Jóns. '57.).

Heim: Ól. Jóns. '57.

20. júní SÚGANDAFJÖRÐUR?

Skriður?

Veðráttan segir úrkomu mikla og vegaskemmdir í Súgandafirði þ. 20 júní, en hvort skriður voru þarna að verki, er ekki tekið fram, en líklegt er það (Ól. Jóns. '57.). ... Samkvæmt símfregn frá Suðureyri við Súgandafjörð hefur undanfarin dægur verið aftakarigning þar um slóðir. Hefur úrkoman verið svo mikil, að nokkrum skemmdum hefur hún valdið á vegum þar í firðinum og sennilega víðar þar vestra (Tím. 21.06.).

Heim: Veðr. júní. Ól. Jóns. '57.

ATH: Vel má vera að skriðuföll hafi fylgt þessum vatnavöxtum eins og Ól. Jóns. '57 stingur upp á.

29. júní LÓN, ESKIFJÖRÐUR.

Skriður.

Þ. 28.-29. Alldjúp lægð kom sunnan af hafi. Hvessti af SA og A víða um land með mikilli rigningu. ...Í stórrigningum austanlands þ. 29. varð feiknamikið flóð á Eskifirði, á Héraði og viðar. ...Margar kindur króknuðu eða fórust í vötnunum í Skaftafellssýslum. Úrkoma á Seyðisfirði mældist 153.8 mm (Veðr. júní). ...Stórfelldar rigningar hafa verið á Austfjörðum síðustu dagana. Snjór var talsverður í fjöllum og kom þess vegna brátt vöxtur í ár og læki (Mbl. 30.06.).

LÓN: ...Síðastliðinn föstudag voru 12 (eða 11) menn úr Lóni í smalamennsku, en aðfaranótt laugardagsins hugðust þeir hafast við í tjaldi. Veðrið var hins vegar svo mikið, rigning og kuldí, að þeir héldust þar ekki við, en héldu til gamals leitarmannakofa og dvöldu þar um nöttina. Farangur sinn allan skildu þeir eftir við tjaldstaðinn, þ. á m. reiðtýgi, matvæli o.fl. Er þeir koma á tjaldstaðinn morguninn eftir, sáu þeir að skriða mikil hafði hlaupið á tjaldið og fært það og allan farangur í kaf (Vísir 01.07.). ...við rúningu sauðfjár í rétt við Eskifell. Var stormur mikill og rigning meiri en dæmi eru til. Urðum við að sleppa fénu úr réttinni og yfirgefa tjald, er við höfðum með okkur, og leita athvarfs í gangnamannakofa, uppi í fellinu. Á laugardagsmorgun, þegar við komum aftur á vettvang, var skriða fallin úr fjallinu yfir réttina og tjaldið (Tím. 02.07.).

ESKIFJÖRÐUR: ...Stórfelldar rigningar hafa verið á Austfjörðum síðustu dagana. Snjór var talsverður í fjöllum og kom þess vegna brátt vöxtur í ár og læki. Tjón hafa orðið víða af völdum flóða, en langmest í Eskifirði. Byrjuðu flóðin þar um kl. 02 aðfaranótt laugardags (29.06.) og stóðu til kl. 10 á laugardagsmorgun. Brúin á Eskifarðará söpaðist í burtu. Var ekkert eftir af brúnni nema grjótgarðarnir beggja megin. ...Í kauptúninu sjálfu urðu einnig stórfelldar skemmdir. Þrjú tún gereyðilögðust af skriðu- og vatnshlaupi. Einig margir fiskreitir og mikið af fullverkuðum fiski, sem var í stökkum á reitunum. Margir kálgarðar eyðilögðust einnig og stórskemmdir urðu á öðrum. Þá urðu einnig miklar skemmdir á götum í kauptúninu. Eru götur víða sundurtættar og stórar gryfjur í þeim, eftir vatnsflóðið. Nokkrar skemmdir urðu einnig á húsum. Kjallrarar fylltust af vatni og eyðilagðist mikið af því sem inni var (Mbl. 30.06.). ...og ollu skriðuföll og vatnsflóð gifurlegum skemmdum í kauptúninu. ...Vatn flóði inn í nokkur hús, einkum hús bankaútibúsins og vélaverkstæði þar skammt frá. Liggur aur og grjót að þeirri hlið bankahüssins, er snýr mótt hlíðinni. Húsaþyrping innan til í þorpinu, er umkringd aurdyngjum og grjóthröngli og djúpir vatnsfarvegir eru hvarvetna. Ennfremur urðu skemmdir á engjum og túni á bænum Eskifirði (Tím. 02.07.). ...Myndin til vinstri er af hinu svo nefnda Útkaupstaðartúni, og myndin til hægri er af fyrerverandi stakkstæði, sem var fyrir ofan túnið: Skriðuurðin sem þarna féll niður, er allt að því 2 m á þykkt. Sést bóla á saltfiskstaflana innan um urðina (Mbl. 16.07.).

Heim: Mbl. 30.06. 16.07. Fvl. 30.06. Visir 01.07. Tim. 02.07. Ísl. 05.07. Veðr. júní. Ól. Jóns. '57.

ATH: Skriðuföll hafa eflaust orðið víðar þó þeirra sé ekki getið. Sjá t.d. fréttir um mikla vatnavexti á t.d. Héraði og viðar.

9. júlí HRUNAMANNAHREPPUR.

Skriður.

Þriðjudaginn 9. júlí mánuðar, um kl. 5 síðdegis, varð skýfall mikið hjá Pórarinsstöðum í Hrunamannahreppi. Dag þennan hafði verið gott veður, en skyndilega kólnaði og gerði

feikilega úrkomu. Fyrst var bleytuhríð eða krapi, og síðan haglél. Voru haglkornin á að giska 6-7 mm í þvermál. Veður þetta stóð yfir í eina klst., og var, er upp stytti, orðið alhvitt og snjór og krap í mjóalegg og meira í lautum. Náði úrkoman yfir svæði, sem er um 3 km á breidd og 4-5 á lengd. Lenti hún aðallega á fjalli, sem bærinn Þórarinsstaðir stendur undir. Olli skyfallið miklum aurskriðuföllum úr fjallinu og skemmdust beitilönd og sömuleiðis land innan túngirðingar, bæði af grjótskriðum og aurburði úr bæjarlæknum, sem venjulega er líttill, en varð að þessu sinni nær ófær yfirferðar. Telja elstu menn í Hreppum sig ekki muna nein dæmi slíkrar úrkomu á svo skammri stundu (Tím. 23.07.).

Heim: Tím. 23.07. Veðr. júlí. Ól. Jóns. '57.

1941

19.-20. maí VESTUR BARÐASTRANDARSÝSLA (Rauðisandur).

Skriður.

Þ. 18.-21. Lægðir fyrir vestan og norðan land. SV- og V-átt, sums staðar hvasst. Rigndi mikið vestanlands.

Í rigningunum þ. 19. og 20. urðu miklar skemmdir á Rauðasandi, í Sauðlauksdal og Kvígindisdal. Á Rauðasandi félle 35 stórar skriður auk margra smærri og skemmdu tún, bithaga, vegi og girðingar. Matjurtagarðar stórskemmdust einnig af vatnagangi. Í Sauðlauksdal tók brú af á. Í Kvígindisdal braut vatnið stiflugarð við rafmagnstöð. Á Lambavatni mældist úrkoma 121 mm yfir 1 sólarhring (þ. 18. kl. 21 - þ. 19. kl. 21). Að sögn athugunarmannsins hefur ekki svo mikil úrkoma á jafn skömmum tíma verið þar um slóðir í tugi ára, og jafn mikið jarðrask varla svo hundruðum ára skiftir. Óveður þetta fór mjög hægt yfir. Athugunarmaður í Kvígindisdal segir, að rigningin byrjaði fullu dægri fyrr á Rauðasandi og í Sauðlauksdal en í Kvígindisdal, og eru þó aðeins 3 km milli Sauðlauksdals og Kvígindisdals (Veðr. maí).

Heim: Veðr. mai. Ól. Jóns. '57.

ATH: Veðr. er eina heimildin um þessi skriðuföll og er ástæðan ritskoðun vegna styrjaldarinnar. Liklegt er að skriður hafi fallið mun víðar eins og næsta klausa hér á eftir ber með sér.

vor. ARNARFJÖRÐUR (Lokinhamradalur).

Skriður.

Í veturna og vor var meira um skriðuföll og jarðrask sumstaðar á Vestfjörðum en dæmi þekkjast til í tíð núlfandi manna. Í fór um nokkurn hluta Vestfjarða, er ritstjóri blaðs þessa fór fyrir skemmtu, sá hann að ekki voru fréttirnar af þessu orðum auknar. Hvergi hafði jarðrask orðið eins mikið og tilfinnanlegt og á Lokinhamradal í Arnarfirði. Sögðu bændur í Lokinhömrum, að dag einn í vor hefðu þau ósköp á gengið, að furðulegt mætti teljast. Regnið helltist úr loftinu, og skriðuföll og vatnavextir urðu með fádænum. Loftið kvað við af dunum og dynkjum, og það var eins og hinir háu tindar léku á reiðiskjálf. Þá félle skriður yfir $\frac{1}{4}$ - $\frac{1}{2}$ af öllu graslendi á Lokinhamradal utanverðum, og allt í á niður. Áin óx geipilega, ruddist yfir bakka sína og reif úr þeim, svo að þar, sem áin fíll áður milli gróninna bakka, eru nú breiðar og gróðurlausar grjóteyrar, en svartir aurbakkar, þegar lengra dregur frá ánni. Áin sópaði burt stöpli undan brúnni, og svo bar vatnið fram mikið af aur og grjóti, að þar sem var allhár foss með djúpum hyl undir, er nú lág vatnsbuna, en hylur er enginn, og fellur bunan ofan í

aur og grjót. Ós árinnar er horfinn, og hún hefur breytt mjög um farveg, þar sem hún fellur til sjávar, og framan við hana er á löngu svæði grjót- og aurrif, þar sem var sandur áður, sorfið fjörugrjót og þangi vaxin sker. En frammi á dalnum sér nú gráar og aurlitar skriðubreiður, þar sem áður voru lynghjallar, starengi og harðvellisbalar (Skutull 16.08.).

Heim: Skutull 16.08.

ATH: Greinilegt er af þessari frétt að mikil skriðuföll hafa verið á Vestfjörðum, sem fáar heimildir eru um sökum ritskoðunar breska hersins. Líklegt er að skriðurnar á Lokinhamradal og á Rauðasandi hafi fallið í sama úthellinu, um 20 maí. Sennilega hafa skriður fallið víðar á Vestfjörðum, a.m.k. í Arnarfirði.

11.-18. ág. VOPNAFJÖRÐUR.

Skriður.

Voru stórrigningar austanlands vikuna 11.-18. ág. Í Vopnafirði urðu miklar skemmdir af skriðuföllum og vatnavöxtum. Ein skriða á Búrfjalli sleit jarðsíma, önnur í Böðvarsdal eyðilagði mikið slægjuland. Brýr tók víða af. Á Fljótsdalshéraði fór svo mikið vatn á engjar, að vonlaust var talið að heyja meira á sléttlendi (Veðr. ág.).

Heim: Veðr. ág. Ól. Jóns. '57.

ATH: Veðr. er eina heimildin um þetta skriðufall.

25.-29. sept. HVALFJÖRÐUR, REYÐARFJÖRÐUR.

Skriður.

Um þ. 25. voru miklar rigningar víða um land, einkum í Skaftafellssýslum var úrkoma stórkostleg. Flóð varð meira í Múlakvísl en dæmi eru til nema í Kötluhlauðum. Brúin var um tíma í mikilli hættu. Ófært var um skeið yfir Mýrdalssand. Kaldaklifsá undir Eyjafjöllum skemmdi veginn, og teptust samgöngur þar. Í Hvalfirði var einnig vegurinn ófær vegna skriðufalla við Þyril. Þá skemmdust vegir milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar (Hólmaströnd/Hólmatindur) og á Fagradal (Veðr. sept.). ...milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar og á Fagradal milli Reyðarfjarðar og Fljótsdalshéraðs. Skriður hafa vafalaust valdið þessu, þótt ekki sé það beint tekið fram (Ól. Jóns. '57.).

...Á Hvalfjarðarveginum féllu skriður yfir veginn, innanvert við Þyril aðfaranott laugardagsins (27.09.). Var vegurinn ruddur á laugardaginn, svo akfært varð, en óstaðfest frétt hermdi, að Hvalfjarðarvegurinn hefði aftur teppst í nótt.

Á Fagradal og fjallveginum (svo!) milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar (Hólmaströnd eða undir Hólmatindi í Eskifirði) urðu skemmdir á veginum fyrir helgina, en hann er um það bil að komast í samt horf aftur (Visir 29.09.). ...Sums staðar hafa minni háttar skriður fallið á vegina og hamlað umferð um stundarsakir (Tím. 02.10.). ...Svo mikil hlýindi hafa fylgt úrkumunum undanfarið af vatnsföllin hafa oltið fram kolmórauð eins og í leysingum að vori til (Tím. 04.10.).

Austur-Skaftafellssýsla: Mikið stórvíðri gerði nóttina milli 26.-27. september og varð af allmikið tjón af völdum þess. Bátar sukku og brotnuðu eða rak á land, peningshús fuku eða skemmdust á nokkrum bæjum. Vötn runnu yfir vegi og nytjalönd og ollu á þeim talsverðum skemmdum, enda urðu vatnavextir meiri og langvinnari en þeir hafa lengi orðið. Talið er að þetta veður sé hið mesta þar um slóðir síðan stórvíðrið seint í jan. 1924, sem þá olli miklu tjóni á húsum og öðrum mannvirkjum (Tím. 09.10.).

Heim: Visir 29.09. Tím. 02.10. 04.10. 09.10. Veðr. sept. Ól. Jóns. '57.

ATH: Enn hamrar ritskoðun fréttum af skriðuföllum og hafa þau eflaust verið enn víðar. Ekki er ljóst hvort "á milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar" á við Hólmaströnd eða undir Hólmatindi í Eskifirði.

12. okt. HORNAFJÖRÐUR, (banaslys).

Skriða.

Síðastliðinn sunnudag vildi það slys til í Hoffellsdal, inn af Hornafirði, að 18 ára piltur, Gísli Sverrisson að nafni, hrapaði og beið bana af. Gísli var þarna í göngum með nokkrum mönnum. Þennan dag var úrkoma þar eystra, en auð jörð og dálítil þoka. Þar sem slysið vildi til er afstaðan þannig, að einstigi liggur framan í hamrabelti og er bergið fyrir neðan tíu mannhæða hátt. Eftir þessu einstigi fór Gísli heitinn. Var hann þar einn á ferð en annar maður var þar skammt frá. Vita menn ekki með vissu hvernig slysið bar að höndum, en talið er líklegt að malarskriða hafi hrifið hann með sér fram af hamrabrúninni. Leitarmenn, sem þarna voru nálagir brugðu strax við, er slysið hafði orðið, og leituðu mannsins fyrir neðan hamrana. Fundu þeir hann von bráðar örendan og mjög lemstraðan (Tím. 14.01.).

Heim: Tím. 14.10.

10. nóv. FAGRIDALUR, FLJÓTSDALSHÉRAÐ.

Skriður.

...og voru víða miklar rigningar suðaustanlands, á sunnanverðum Austfjörðum og Héraði, einkum þ. 10. Þá félle mikil skriða á veginn frá Reyðarfirði og upp á Fagradal, og varð hann ófær. Þá félle og margar skriður úr Suður-Múla milli Jökulsár og Kelduár. Skriða skemmdi mest allt túnið á Arnaldsstöðum, og var talið vafasamt, að jörðin væri byggileg. Aurhlaup ollu skemmdum á 2 öðrum jörðum, Þorgerðarstöðum og Langhúsum. Mikið af skógi sópaðist í burtu af Suður-Múla, Lagarfljót var eins og í mestu vorleysingum (Veðr. nóv.).

...Undanfarið hafa gengið stöðugar stórrigningar hér um slóðir og valdið nokkru tjóni. Meðal annars félle einhver stórkostlegasta skriða, sem menn muna eftir, á veginn frá Reyðarfirði upp á Fagradal. Vegur þessi liggur skáhallað upp eftir hlíðum Grænafells og er undirstaða hans að mestu leyti sandskriður. Á þessum kafla félle þessi stórkostlega skriða, og var vegurinn alveg ófær í bili. Mikill mannfjöldi vann að því að ryðja veginn, en það verk sóttist heldur seitn því að stóreflis björg höfðu hrunið á leiðina og verður að sprengja þau burt með sprengiefni (Tím. 20.11.).

...Þann 10. nóv. gekk hér yfir fárvíðri af suðaustri. Jafnframt rokinu var mikil rigning. Fárvíðri þetta olli nokkrum skemmdum. ...Í Fljótsdal komu aurhlaup mikil í svokölluðum Suður-Múla, sem er á milli Jökulsár og Kelduár. Aurskriðurnar, sem ollu mestum skemmdum, félle á Arnaldsstöðum. Aurskriða félle á túnið og eyðilagðist það mest allt. Eitt fjárhús lenti í skriðunni og hvarf alveg. Mikil hlaup komu á engjar og beitiland og skemmdu mjög. Vafasamt er hvort jörðin er byggileg. Óttast er um að sauðfé hafi farist í þessum skriðuföllum. Stór aurskriða stöðvaðist á hjalla rétt fyrir ofan bæinn á Arnaldsstöðum. Fólkid flýði bæinn til næsta bæjar. Skriðuföllin komu úr fjallinu á meðan fólkid var á ferð, en þó hlaust ekkert slys af þeim sökum. Aurhlaup komu á tvær aðrar jarðir, Þorgerðarstaði og Langhús. Ollu þau töluverðum skemmdum. Fjallið Suður-Múli er mjög bratt og munu aurskriðurnar hafa átt upptök sín í brún fjallsins. Suður-Múli var mikið til allur skógi vaxinn, séstaklega í Arnaldsstöðalandi, og sópaðist sá skógr að mestu í burtu í skriðunum. Regnið olli miklum vatnavöxtum. Meðal annars kom svo mikill vöxtur í Lagarfljót, að það varð eins mikið og það verður mest í vorleysingum. Aldraðir menn á Héraði muna varla eftir slíkum úrkumum (Tím. 02.12.).

...Suðurdalur, Múlamegin, er varla þekkjanlegur lengur. Frá Hrakhamri og inn hjá Dalshúsum eru 20 stór hlaup og mörg minni. Er breidd allra hlaupanna talin vera 5-6

km. ...Hlaupin komu öll á einum sólarhring ...Tvö hlaupin hafa stöðvast á miðri leið, beint upp af bænum á Arnaldsstöðum. ...Það var ógurlegt að heyra þegar hlaupin voru að ryðjast fram, sérstaklega eftir að dimma tók (Dagur 11.12.).

...Í tilefni af hinum miklu og alvarlegu skemmdum er þarna urðu, dagana 10.-12. nóv. s.l. ...En með því að frásöngin er að mörgu leyti röng ...nokkrar leiðréttigar, byggðar á eigin athugunum á staðnum, er ég (Guttormur Pálsson, skógarvörður) gerði nýlega. ...félundu skriður á þremur jörðum sunnan í Múlanum, Arnaldsstöðum, Þorgerðarstöðum og Langhúsum. Urðu mestar skemmdir á Arnaldsstöðum, ...Á túnið á Arnaldsstöðum félundu 3 hlaup, hið mesta rétt utan við bæjarhús og tók það fjárhús af, er stóð eitt sér, uppi á túninu. ...Annað hlaup kom fram á túnið, og hið þriðja, yst á því. Má telja, að nærrí láti, að 2/3 af túninu liggi undir skriðum. Túnið við beitarhúsins skemmdist lítið. ...Engjar fyrir neðan bæinn skemmdust mikið. ...En það er með öllu rangt, er þar segir að skógurinn hafi mestallur sópast með hlaupunum. Arnaldsstöðaskógr var 80-100 ha. að viðáttu. Ég tel, að nærrí láti, að tuttugasti hluti hans hafi farist í þessu mikla jarðraski dagana 10.-12. nóv. s.l. ...Í fjallshlíðinni ber mest á breiðu hlaupi rétt framan við beitarhúsins. Fór sú skriða yfir Kelduá yfir á land Viðivallagerðis. Eins eru mjög áberandi skemmdir á fjallshlíðinni fram við landamörk, utan við svonefndan Markklett. Fóru þau hlaup yfir beitilandið á sléttlendinu og lögðu það undir að mestu. ...Á túninu standa stór björg upp úr hlaupunum, en að öðru leyti eru þau nokkuð slétt, svo er og á engjunum. ...Á Langhúsum urðu mikil spjöll á graslendi, þar með á engjum. Kelduá breytti farvegi hjá svonefndu Klifi, er vegur lá þar yfir (Klifið) þegar áin var mikil. Hlaupin fylltu upp kvísl úr ánni, er rann undir Klifinu. Þar er nú greiðfær vegur, ...Á Þorgerðarstöðum skemmdist graslendi ekki mikið, en fjárhús og hlöðu tók af túninu (Tím. 12.04.42.).

...Regnið, sem orsakaði skriðuhlaupin, stóð í two sólarhringa. Var það úrhellis úrkoma, og fylgdi henni mikið hvassviðri á suðaustan. Stóð veðrið beint á hlið Múlans og blés vatni lækjanna upp á við, svo að það fékk ekki eðlilega framrás. ...Sunnudagskvöldið 9. nóv. sat heimilisfólkid á Arnaldsstöðum í eldhúsi. Klukkan var orðin 18-19 síðdegis og aldimmt. Fann það þá skyndilega titring og heyrði eins og þungan nið. Var þá skriðuhlaup mikið að koma niður milli húsanna norður á túninu, spölkorn norðan við íbúðarhúsið. Tók hlaup þetta nyrðra húsið (fjárhús), ...fór niður með efra húsinu og skemmdi þar hlöðu og fór svo niður yfir túnið, alveg fram í Kelduá. ...alla nöttina og heyrði stöðugt drunur í hlaupunum, sem voru að falla. Mest félundu þau sunnan bæjarins.

...Annað stórt hlaup tók norðan af túninu. Milli Arnaldsstöða og Þorgerðarstaða hlupu mörg skriðuhlaup þessa nótta. Á stóru svæði voru þau svo þétt að þau runnu saman í eitt undir fjallsrótum. ...Þegar birti á mánudagsmorguninn, var ákveðið að yfirgefa bæinn af ótta við skriðuhlaupin. ...að reyna að komast að Langhúsum, er standa norðan í Múlanum og er næsti bær norðan við Arnaldsstöði. Þá var ennþá lítið hlaupið norður á dalnum, ...Seint sóttist ferðalagið, því að bæði voru nokkrar skriður á leiðinni, sem vaða varð yfir, og veðrið svo mikið, að naumast var stætt í rokunum, en úrfellið hið sama. ...Flestar skriðurnar í dalnum norðan við Arnaldsstöði hlupu eftir að bærinn var yfirgefinn og sumar ekki fyrr en á mánudagskvöld, er úrkoman var haett, ...talið var, að um 30 fjár hefði farist í skriðunum. Má það heita vel sloppið, því að margt fjár var í Múlanum, ...Sums staðar höfðu skriðuföllin skafið burtu þykkan jarðveg niður í berg. Bar mest á þessu þar sem skógur var. Rifu skriðurnar þar með sér þykkar jarðvegstorfur, þaktar skógartrjám, og fluttu á eyrar fram eða fram í Kelduá. Flutu þessar torfur með 4-6 m háum trjám á Lagarfljót. ...Skriðuföllin voru langbættust milli Arnaldsstöða og Þorgerðarstaða eða um 40, að talið var. ...Sjónarvottar segja, að hlaupin færðu mjög hratt, væru aðeins andartak niður á jafnsléttu, þar sem mestur var hallinn. Fylgdu oft miklar drunur og geysimikið ryk og gufumekkir. ...Norðan við Arnaldsstöði hafa fallið 18-20 skriður, stórar og smáar. Í norðanverðum Múlanum er jarðvegur þunnur, og hafa hlaupin þar verið stórgrytt, en meira af leir og jarðvegi, er

sunnar dregur, og hafa þau þar skilið eftir greinilegar geilar, enda farið viða í gegnum allstórvaxinn skóg (Ól. Jóns. '57.).

Heim: Tím. 20.11. 02.12. 12.04.42. Dagur 11.12. Veðr. nót. Ól. Jóns. '57.

ATH: Skv. ath. Ól. Jóns. virðast flestar, ef ekki allar skriðurnar hafa átt upptök sín undir svonefndu Efra-Fjalli, en það er klettabjalli ofarlega í Múlanum. Bergið í því er "óhrjálegt" og sundursprungið basalt, sem molnar auðveldlega. Tengd þessu klettabelti virðast allmikil setbergslög, sandsteinn, molaberg og jafnvel leirlög. Lög þessi liggja aðallega ofan á basaltlaginu, en sandsteinslög sjást líka ofan á því.

1942

jan. VESTUR SKAFTAFELLSSÝSLA (Mýrdalur, Fljótshverfi).

Skriður.

Skriðuhlaup urðu hjá Núpsstað í þessum mánuði og ollu nokkrum skemmdum á túni, engjum og bithaga. Þá fíll og skriða á Fell i Dyrhólahreppi. Varð fjárhús með 4 hrútum undir henni (Veðr. jan.). ... Skriðuhlaup komu hjá Núpsstað, bæði á tun og engjar, aðallega útengjar og bithaga og gerðu talsvert tjón. Mest kvað að þeim skemmdum í rigningunum í janúar og astur nokkuð í febrúar síðastl. (Visir 09.05.).

Heim: Veðr. jan. Visir 09.05. Ól. Jóns. '57.

ATH: Einhver skriðuföll virðast einnig hafa orðið við Núpstað í febr.

21.-22. sept. ÍSAFJÖRÐUR (Eyrarhlíð).

Skriður.

Vegurinn milli Ísafjarðar og Hnífsdals skemmdist af skriðufalli í þessum mánuði, líkega í rigningunum þ. 21.-22. (Veðr. sept.). ... Skriðufall varð nýlega við Ísafjörð og urðu af því töluberðar skemmdir. Meðal annars varð vegurinn milli Ísafjarðar og Hnífsdals ófær (App. 24.09.).

Heim: App. 24.09. Veðr. sept. Ól. Jóns. '57.

1943

10.-11. okt. GILSFJÖRÐUR.

Skriður.

Margar skriður féllu á veginn meðfram Gilsfirði í rigningunum þ. 10.-11. (Veðr. okt). ... Hringt var að Stórholti og spurðumst fyrir um hvernig vegurinn væri, fáum við þær fregnir að 13-14 skriður hefðu hlaupið yfir veginn meðfram Gilsfirði, en þar er ýmist ekið í fjöruborðinu eða upp í fjallshlíð (Mbl. 19.10.).

Heim: Mbl. 19.10. Veðr. okt. Ól. Jóns. '57.

24. okt. ÍSAFJÖRÐUR.

Skriða.

Þ. 24.-29. Lægðir fyrir suðvestan eða sunnan landið, stundum yfir því. Vindstaða breytileg. Mikil úrkoma suma dagana. ...Um sama leyti (og skriðuföllin í Gilsfirði) skemmdist brúin á Laugadalsá og skriðuföll ollu nokkrum skemmdum á Vestfjörðum (Veðr. okt.).

Síðastliðið sunnudagskvöld féll aurskriða mikil yfir nokkurn hluta túnsins á Hafrafelli í Skutulsfirði. Olli skriðan miklum skemmdum á túninu. Hún féll alveg í sjó niður, og var ekki bilfært inn fjörðinn fyrr en seinnipart mánudagsins (Skutull 30.10.). ...Allmiklar skemmdirur urðu af völdum vatnavaxta og skriðufalla í námunda við Ísafjörð um miðjan mánuðinn. Meðal annars skemmdist brúin á Laugadalsá allverulega. ...Ymsu tjóni öðru munu flóð þessi og skriðuföll hafa valdið. Hafa skriður fallið á veginn og skemmt gróðurlönd (Visir 28.10.).

Heim: Visir 28.10. Abb. 29.10. Skutull 30.10. Veðr. okt. Ól. Jóns. '57.

12.-13. des. MÝRDALUR, SÍÐA, SUÐURSVEIT.

Skriður.

Stórrigningar og skriðuhauður urðu víða. Þ. 12.-13. félög skriða í Pétursey við Nykhló og braut hlöðu og fjárhús og drap nokkrar kindur (Veðr. des.).

Stórrigningar hafa gengið yfir Suðurland undanfarna daga og hafa víða orðið skemmdir á vegum af völdum vatnsflóða. Skriðuhauður hafa einnig valdið tjóni víða. Undir Eyjafjöllum braust Kaldaklifsá fram aurana fyrir vestan Hrútafell. Holtsá braut einnig skarð í garðinn vestan árinna. Samgöngur teptust í bili á báðum þessum stöðum, vegna vatnsflóðs. En nú hefur fjarðað það mikið, að bílar komast áfram. Austur á Síðu hljóp skriða á þjóðveginn austan í Fossnúp. Svo mikið vatn var í Geirlandsá, að bílar komust ekki á brúna. Ekki skemmdist þó brúin. Í Suðursveit í Austur Skaftafellssýslu urðu víða mikil skriðuhauður og tjón tilfinnanlegt. Þannig hljóp skriða á túnið á Kálfafellsstað og eyðilagði 2/3 af túninu (Mbl. 16.12.)

Heim: Mbl. 16.12. Veðr. des. Ól. Jóns. '57.

18.des. STRANDIR (Bitrufjörður).

Skriða.

Veturinn 1943 var veðrátta mjög mild. Jörð alauð og klakalaus fram undir jól. Fyrrihluta desembermánaðar voru miklar rigningar, svo jörð var gljúp og vatnsós (Strandapósturinn 8).

...Á laugardaginn (18.12.) kl. 15:30 félög aegileg grjót og vatnsskriða á Óspakseyri. Skriðan rann úr holtunum fyrir ofan verslunarhúsin þar á staðnum. ...en það forðaði því frá tortímingu, að fyrir ofan verslunarhúsin, í á að giska 200 m fjarlægð, stóð fjárhúshlaða úr steinsteypu 27x28 álnir að ummáli, er tók af þyngsta höggið. Hlaðan færðist til um 4-5 álnir og mölbrotnaði inn í 200 kinda fjárhús, sem er áfast við hana og gereyðilagðist það einnig. Sem betur fór var ekki fér í húsinu. Skriðan nær yfir 200-300 m breitt svæði og þekur yfir mikinn hluta túnsins, og er allt að 50 álna þykk.

...Hér er um stórkostlega eyðileggingu á jörðinni og tjón að ræða. Ennfremur urðu símaskemmdir miklar. Utlit er fyrir að ný skriða renni fram þá og þegar (Visir 21.12.).

...Skriða félög síðastliðinn laugardag úr fjallinu fyrir ofan Óspakseyri í Bitrufirði og olli miklum skemmdum. ...sópað burtu fjárhúsi og hlöðu, runnið síðan út í sjó, en þá

myndaðist flóðalda er gekk á land og skolaði burtu með sér tveim skúrum, ennfremur braut aldan bát. Er skriðan fíll á hlöðuna, flutti hún hana þar til hún rakst á fjárhús. Við áreksturinn eyðilagðist bæði hlaðan og fjárhúsið, en svo vel vildi til að ekkert fé var í húsinu, en smalinn var á leið til húsa með kindurnar. Er kindurnar urðu skriðunnar varar tvístraðist hópurinn, en smalinn komst með naumindum undan. Þá taldi sýslumaðurinn það hafa bjargað verslunarhúsunum að skriðan hefði fyrst fallið á hlöðuna. Skriðan þekur mikið svæði, eða um 300 m og er mikið af því tún. Ennfremur brotnuðu símastaurar (Mbl. 22.12.). ...Allmargt fólk var í verslunarhúsunum, er atburður þessi gerðist (Tím. 29.12.).

...Veturinn 1943 var veðrátta mjög mild. Jörð alauð og klakalaus fram undir jól. Fyrrihluta desembermánaðar voru miklar rigningarár, svo jörð var gljúp og vatnsósa. Seinnihluta dags um miðjan desember þetta ár, losnaði skriða úr Eyrarhlíð og munu upptök hennar hafa verið um miðja hlíðina. Skriðan mun hafa verið 150-200 m breið. Nokkur hluti hennar lenti í víkinni sunnan við eyrina, en hinn hlutinn rann yfir túnið og för beint á fjárhús og hlöðu sem voru sunnarlega á túninu. Hlaðan var úr steinsteypu og veitti hún nokkurt viðnám, en veggir brotnuðu og félle inn. Fjárhúsin sem voru úr torfi að mestu leyti, félle líka. Svo heppilega vildi til að fíð var ekki í húsunum. Smalinn var kominn með fíð heim á húsa hlaða. En þegar fíð heyrði í skriðunni varð það hrætt og tók á sprett norður túnið, og það bjargaði því. Hrútar voru inni í húsunum, en þeir voru grafnir lifandi og óbrotnir úr rústunum. ...Ég hef ekki ennþá fengið fulla skýringu á því hvernig skriðufall gat myndast þarna. Staðhættir benda sannarlega ekki til sliks. Að vísu var vatnsagi mikill og jörð þíð, en samt er þessi atburður lítt skiljanlegur (Strandapósturinn 8).

...Heimadalur og Heimaklettur - Þannig heitir skál allmikil í Eyrarfjalli upp af Óspakseyri við Bitrufjörð. Þetta er djúpur sveigur, dýpstur og hæstur sunnan til, en nokkuð slapandi og lækkandi norður eða norðaustur. ...Skriður eru ekki mjög miklar eða aðeins 1/3 hæðarinnar og eru þær nokkuð grónar. ...Líklega hefur hlaupið upphaflega gengið lengra fram, en sjór eytt framan af því. Þótt skálin sé furðulítið skriðurunni verður berghlaupið að teljast ellilegt. ...Árið 1943 varð eftirhlaup úr ruðningnum, niður á eyrina. ...fíll úr háhólunum skriða niður á sunnanverða eyrina og í fjörðinn. ...fíll úr um 100 m hæð, (Ól. Jóns. - Berghlaup '76.).

Heim: Visir 21.12. Mbl. 22.12. Tím. 29.12. Veðr. des. Ól. Jóns. '57. Ól. Jóns. - Berghlaup '76 . Jón Kristjánsson 1979: Skriðufall á Óspakseyri árið 1943, Strandapósturinn 8.

ATH: Lýsingu þessari svipar nokkuð til þess sérstaka skriðuhlaups, sem varð úr berghlaupinu Arnbjargarhólum, ofan við Þormóðsstæði, Sölvadal í Eyjafirði 29.06.1995. Til að skera úr um það er vettvangskönnun á berghlaupinu við Óspakseyri nauðsynleg.

1944

17. júní SEYÐISFJÖRÐUR (Bjólfur).

Skriða.

Leysing.

Hann fór að rifja upp sams konar atburð er átti sé stað á Seyðisfirði daginn sem lýðveldið var stofnað eða 17. júní 1944. ...Það var mjög svipað veður þá og nú er búið að vera í dag. Mikill hiti og logn fyrri hluta dagsins, en hvessti nokkuð í eftirmiðdaginn. Menn voru að halda upp á stofnun lýðveldisins, ...Allt í einu kom sterkt vindhviða svo að borðinn slitnaði upp og fauk. Í sama mund tóku menn eftir því að aurskriða var að

renna niður hlíðar Bjólfssins, nokkru norðar en þessi skriða sem nú var að falla (í Jókugili) (Mbl. 28.06.91.).

Heim: Mbl. 28.06.91.

ATH: Aðrar heimildir um skriðuföll á þessu ári hafa ekki fundist.

1945

ATH: 25. febr. MÝRDALUR. - Skriða féll í Mýrdal og drap 3 kindur (Veðr. febr.). Ól. Jóns. '57. hefur þetta eftir Veðr. og telur sem einu heimild um skriðufall á þessu ári. Við nánari skoðun á veðrinu í febr. virðist þó ljóst að hér hafi verið um snjóflóð að ræða.

Heim: Veðr. febr. Ól. Jóns. '57.

1946

13. jan. HVALFJÖRÐUR.

Skriður.

Þ. 10.-24. var lengst af nærrí kyrrstætt lægðarsvæði fyrir suðvestan land, svo að milt og rakt loft steymdi norður yfir landið. Fylgdu því oft mikil hvassviðri. Rigning var mikil um Suður- og Vesturland, en úrkomulítið annars staðar.

Ofsaveður, rigning og stormur, var hér á landi um s.l. helgi. ...Í ofviðrinu félle margar skriður í Hvalfirðinum. Varð vegurinn ófær, en unnið var að því í gær, að opna hann að nýju (Mbl. 15.01.). ...Hafa fjórar stórar grjót- og aurskriður fallið yfir veginn, ein við Fossá, önnur við Brynjudalsá, briðja norðan Botnsár og sú fjórða rétt fyrir innan þyril. Auk þessa hafa svo minni skriður fallið yfir veginn og aðrar skemmdir orðið á honum (Vísir 15.01.). ...Umferð fyrir Hvalfjörð er hafin að nýju og fyrstu bílarnir hafa þegar farið leiðina, en hún hefur verið ófær síðan um helgi vegna skriðuhlaupa. Stórir flokkar manna hafa unnið að því undanfarna daga að ryðja veginn beggja megin fjarðarins og hafa notað til þess jarðýtu. Enda þótt fyrstu bílarnir séu komnir fyrir Hvalfjörð, verður vegarbótum haldið áfram og ekki hætt fyrir en vegurinn hefur verið ruddur að fullu og kominn í varanlegt horf (Vísir 17.01.). ...Þ. 13. félle skriður beggja vegna Hvalfjarðar. Ollu þær miklum skemmdum á veginum, og var hann ófær í nokkra daga (Veðr. jan.).

Heim: Vísir 14.01. 15.01. 17.01. Þvl. 15.01. Ább. 15.01. Mbl. 15.01. Tím. 15.01. 19.01. Veðr. jan.

5.-7. ág. REYÐAREFJÖRÐUR, ESKIFJÖRÐUR, NORÐEFJÖRÐUR, MJÓI-FJÖRÐUR, SEYÐISFJÖRÐUR.

Skriður.

Þ. 4.-11. Lægð fór austur fyrir sunnan land. Vindur snerist úr suðaustur í norðaustur og hvessti talsvert á stöku stað. Miklar rigningar voru um austanvert landið. (Þ. 6. - Dalatangi 63.2 mm, þ. 7. - Teigarhorn 64.0 mm, þ. 7. - Djúpivogur 83.0 mm).

Í rigningunum á Austurlandi þ. 6.-7. urðu miklar skemmdir af völdum flóða, einkum á Eskifirði, Norðfirði og Mjóafirði. Ár brutust úr farvegum sínum og ollu miklu tjóni á mannvirkjum, vegir teptust víða, og engjar og hagar skemmdust af framburði flóðanna (Veðr. ág.).

ESKIFJÖRÐUR/REYÐARFJÖRÐUR: Seint á mánudaginn gerði stórfellda rigningu austanlands og rigndi viða látlauast talsvert á annan sólarhring. Á þriðjudagsnótina brutust lækirnir, sem eiga upptök sín í Lambeyrardal upp frá Eskifjarðarbæ, úr farvegum sínum og tóku að flóa um götur bæjarins, og jókst vatnsflaumurinn sífellt er leið á þriðjudaginn. Mun hafa orðið mestur á þriðjudagskvöldið og fyrri hluta miðvikudagsnætur. Ár þær er mestum usla ollu, eru Grjótá, Lambeyrará og Ljósá. Grjótá fyllti farveg sinn aur og grjóti og flæddi í mörgum kvíslum milli húsanna, sem standa á svonefntri Grjóteyrartungu. ...Tjónið varð gifurlegt. Gróf grunna sums staðar að nokkru leyti undan húsunum, og kjallrar og jafnvel íbúðir á gólfhæðum fylltust af vatni og aur. Gafl á stóru steinhúsi hrundi, dráttarbraut skemmdist og sömuleiðis vélar á tveimur vélaverkstæðum. ...Kartöflugarðar og trjágarðar eru þaktir auri og grjóti eða gróðurmoldin hefur algerlega sópast brott, ...Lambeyrará og Ljósá ollu einnig skemmdum á vegum og mannvirkjum, þótt ekki sé það tjón eins stórkostlegt. ...Bleiksá hljóp einnig úr farvegi sínum og flaut yfir þjóðveginn, svo ófært var á bifreiðum milli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar, auk þess sem skriðuföll urðu á Hólmaströnd sunnan Eskifjarðar gegnt bænum (Tím. 09.08.). ...Götur bæjarins eru alveg ófærar vegna framburðar stórgrytis og vatns, sem rennur eftir þeim. Kartöflugarðar og trjágarðar eru einnig undirlagðir af grjóti (Vísir 08.08.). ...Gata lá frá þorpinu og talsvert upp í fjallið. Þar sem gata þessi var er nú ca. mannhæðar há urð. ...Hólmaströnd er ófær bíum vegna skriðufalla (Þvl. 08.08.).

...Á veginum til Viðfjarðar urðu einnig skemmdir (Tím. 09.08.). ...Þá gerðu skriðuföll veginn ófærar í bili milli Reyðarfjarðar og Héraðs (Fagridalur) og milli Reyðarfjarðar og Viðfjarðar (Ól. Jóns. '57.).

NORÐFJÖRÐUR: (eingöngu flóð?) Miklar skemmdir hafa orðið í Norðfjarðarsveit af völdum vatnsflóða. Engjar og bithagar hafa færst í kaf í sand og stórgryti. Þá urðu talsverðar skemmdir á veginum til Neskaupstaðar. Tók af tvær brýr (Mbl. 09.08.). ...Í Norðfirði urðu tilfinnanlegar skemmdir. Hljóp mikill vöxtur í Norðfjarðará og læki, sem koma úr fjöllunum beggja megin sveitarinnar. Flæddi vatnið yfir engjar og bithaga og bar með sér aur og möl og jafnvel stórgryti. Munu skemmdirnar hafa orðið mestar á Skorrastað og Neðri-Miðbæ, bæjum skammt innan við fjarðarbotninn að norðan. Eitthvað af heyri mun hafa flotið burt. Einnig urðu skemmdir á vegum á þessum slóðum, og tvær brýr á veginum til Neskaupstaðar tók af (Tím. 10.08.). ...Oddsskarðsvegur skemmdist ekkert í vatnavöxtunum (Þvl. 08.08.).

MJÓIFJÖRÐUR: Á Asknesi við sunnanverðan Mjóafjörð varð fólk ið að flýja bæinn aðfaranótt miðvikudagsins. Braust á, sem rennur þar um túnfótinn, úr farvegi sínum (Tím. 10.08.). ...Áin Asknesá flæddi yfir bakka sína og ruddi sér nýjan farveg, og hefur hún grafið undan húsinu svo mikið að ekki verður þar búandi (Mbl. 10.08.). ...Það hafði rígt óhemjumíkið í meira en two sólarhringa með aðeins litlum uppkippum, og vatnavextir því geysimiklir. ...Askneseyrin, sem liggur innarlega við Mjóafjörð sunnanverðan, er mynduð af framburði Asknesárrinnar. Vatnasvæði hennar er tiltölulega mikið, miðað við smáárnar hérrna, enda verður hún vatnsmikil í rigningum. Áin rennur í klettagili niður brekkurnar, en þegar gilinu sleppir er farvegurinn grunnur. Hún hefur þó haldið sama farvegi um nokkurt skeið, enda stundum dálítið að því unnið. ...Upp úr lágnættinu, þegar aldimmmt er orðið, myndast aurstifla við gilsmynnið. Nokkurt vatnsmagn safnast fyrir uns skarð kemur í stífluna, að vestan. Var þá ekki að spryra, leiðin opin beint á bæinn (Gerpír 1949, 3. árg. 7.-8. tbl.). ...Höfðu skriður fallið í ána úr gilbormunum, en vatnsflaumurinn ruddi þeim síðan fram, og fylltu þær farveg árinnar niður eyrina, svo að hún braut sér nýjan farveg, skall á íbúðarhúsinu, gróf undan horni þess og fyllti kjallarann. ...Túnið stórskemmdist af grjót- og auráburði (Ól. Jóns. '57.).

SEYÐISFJÖRÐUR: ...Þá hafa einnig orðið tilfinnanlegir skaðar í Seyðisfirði af völdum rigningarinnar. Þar félru miklar skriður við fjörðinn norðanverðan. Brotnuðu

símastaurar, tók af túnspildu og skák af Dvergasteinsengi, braut hlöður og fjárhús og varð ýmiss usli minni háttar. Við Loðmundarfjörð er símasambandslaust. ...urðu einnig skemmdir á vegum vegna þessa óvenjulega úrfellis, svo sem á Fjarðarheiði (Tím. 09.08.). ...Unnið er nú við veginn yfir Fjarðarheiði með nýtisku tækjum (Mbl. 08.08.).

Víða um Austurland urðu skriðuföll, sem spilltu gróðurlendi, og ýmsar skemmdir af völdum vatnagangsins (Tím 10.08.). ...Skriðuföll hafa orðið mjög víða á Austfjörðum þessa úrkomudaga. Eru nú víða berar klappir og aurskriður þar sem áður var gróðurlendi í hlíðum. Kenna menn það að nokkru leyti því, að gróðurlendinu hafi verið ofboðið með ágangi búfjár (þvl. 09.08.).

Heim: Vísir 08.08. Þvl. 08.08. 09.08. Abb. 08.08. 09.08. Mbl. 08.09. 09.08. 10.08. Tím. 09.08. 10.08. Veðr. ág. Gerpir 1949, 3. árg. 7.-8. tbl. Ól. Jóns. '57.
ATH: Ekki er alltaf ljóst af heimildum hvort um skriðuföll eða vatnsflóð er að ræða.

22.-23. sept. AÐALDALUR, KINN, FNJÓSKADALUR, EYJAFJÖRÐUR.

Skriður.

Þ. 21.-27. Lægðir fóru norðaustur sunnan við landið. Vindátt var breytileg, mest norðaustlæg. Stormasamt var, einkum norðanlands. Mikið rigndi á Norðausturlandi (sérstaklega 22.-23.) og annars staðar rigndi talsvert með köflum (þ. 23. - Akureyri 91.8 mm). Eftir það lækkaði hitastig og þ. 24. urðu nokkrar símabilanir á Norður- og Norðausturlandi vegna ísingar og hvassviðris. Mesta bilunin varð á Vaðlaheiði. Þar bilaði einnig rafmagnslínan til Akureyrar (Veðr. sept.).

Dagana 22.-23. urðu mikil skriðuföll við Eyjafjörð, sérstaklega út með firðinum að austan, í Höfðahverfi og Dalsmynni. Þar urðu m.a. óhemju skemmdir á gróðurlendi og skógi, svo miklar að það land verður vart það sama á ný.

AÐALDALUR/KINN: ... (rætt um austurhlíðar Garðsnúps í Aðaldal): "í mínu minni fíll ein skriða í þessari hlíð, en það var árið 1948 (rétt, 1946) í stórrigningum og á sama tíma fíllu miklar skriður í Dalsmynni og barst þá trjáviður með Fnjóská allt út í Eyjafjörð" (Dagur 09.11.91.). ... (um Staðarfjall í Kinn): Baldvin segist muna eftir skriðuföllum í fjallinu, stórrí skriðu 1946, í miklum haustrigningum (Dagur 05.09.92.).

LJÓSAVATNSSKARÐ: ... Í þetta sinn mun einnig hafa fallið skriða á Litlu-Tjörnum í Ljósavatnsskarði, heim undir bæ (Ól. Jóns. '57.).

FNJÓSKADALUR: Á framdölum Fnjóskadals munu víða hafa fallið skriður, t.d. á Bleiksmýrardal og í Kambfellshnjúki milli Timburvalla- og Hjaltadals (munnlegar upplýsingar frá Lúther Gunnlaugssyni, Veisuseli, Fnjóskadal - gögn H.G.P.).

HÖFÐAHVERFI/DALSMYNNI: Óveðrið, sem hér geisaði um s.l. helgi, olli stórtjóni á nokkrum bæjum í Höfðahverfi, einkum í Dalsmynni. Féllu miklar skriður úr fjöllunum báðum megin Fnjóskár, eyðilögðu tún og engi og sópuðu burtu skógi á stóru svæði. Á stöndinni innan við Laufás varð einnig mikið tjón á nýja akveginum og í Fagrabæ (Dagur 26.09.).

... Á land Höfðabrekku í Grenivík fíll skriða og varð af talsvert tjón. Kom hún úr Höfðanum (Tím. 26.09.). ... Þá losnuðu og margar skriður austan og utan í Höfðanum, en þær komu ekki að sök, nema ein, sem valt ofan yfir eina eða tvær dagsláttur á túni nýbýlisins Höfðabrekku í Grenivíkurlandi (Ísl. 01.11.). ... fíll skriða á Höfðabrekku við Grenivík úr austanverðum Höfðanum. Á Höfðabrekku eyðilagðist talsvert stór nýrækt. Svo þétt fíllu skriðurnar úr Höfðanum austanverðum, að heita mátti ein samfelld skriða. Á Jarlsstöðum tók skriða sig upp í melbrún skammt ofan við bæinn, ... Skriða þessi eyðilagði um 30 hesta engi og 10 hesta tún. Bæjarlækurinn þar bar og fram mikið af aur og möl. Sömuleiðis í Hvammi, næsta bæ við Jarlsstaði (Ól. Jóns. '57.).

... Aðalskemmdirnar hafa orðið í Litlagerði, Miðgerði og Ártúni. Fólk af þessum bæjum og Pálsgerði flýði til Laufáss og Lómatjarnar í aftakaveðrinu á sunnudagskvöldið.

Skriða fíll á nýbýlið Ártún og eyðilagði 1/3 af landi býlisins, en túnið sjálft slapp að mestu leyti. Í Litlagerði eyðilagðist mest allt túnið, nema hóll í kringum íbúðarhúsið. Er jörðin talin óbyggileg. Á Miðgerði fíllu tvær skriður, önnur olli talsverðum skemmdum á túninu, en hin sópaði burtu rafstöð. Skriða fíll einnig á nýrækt í Pálsgerðislandi og stórskemmdi hana (Dagur 26.09.). ...Litlagerði er talið óbyggilegt. Nær allt túnið er á kafi í aur og grjóti. Bæjarhúsin standa á hól og má heita, að þau ein og hlaðvarpinn umhverfis þau hafi sloppið við eyðileggingu. ...Af landi jarðarinnar Ártúns skemmdist þriðjungurinn. Hins vegar er túnið þar óskemmt. Á Miðgerði fíllu tvær skriður. Önnur fyllti farveg bæjarlækjarins og eyðilagði rafstöð, sem þar var. Hin fíll meðal annars yfir túnið og gerði verulegt tjón. Í Borgargerði fíll skriða á allstórt nýræktað land og varð það fyrir verulegum skemmdum. Í Borgargerði varð einnig verulegt tjón. Ekkert tjón varð þó á húsum né gipum svo vitað sé. Sauðfé er ekkert á þessum stöðum, því allsherjar slátrun vegna fjárpestanna var nýlega lokið (Tím. 26.09.).

Litlagerði: Í melbörðunum vestan Grefilsgils taka sig upp tvær skriður er sameinast og breiða úr sér rétt austan og ofan við Litlagerðisbæinn, fara yfir túnið austan við bæinn, yfir nýrækt neðst í túnyaðrinum og alla leið ofan í Fnjóská. Auk nýræktarinnar eru m.k. 3-4 dagsláttur túnsins undir skriðunni.

Pálsgerði: Skammt ofan við Pálsgerði og beint upp af bænum tók sig upp stór skriða og munaði minnstu, að hún rynni á bæjarhúsið og tæki það með sér. Yst í Pálsgerðislandi hefir fallið stór skriða niður túnyaðarinn neðan brautar og sópað burtu girðingunni.

Miðgerði: Skriður hafa fallið sitt hvoru megin við bæinn. Tvær dagsláttur túnsins eru undir skriðunum og girðingar stórskemmdar.

Borgargerði: Skriða hefir skemmt þar nokkuð nýrækt og girðingar.

Ártún: Í fjalllinu ofan við Ártún hafa losnað uppi í brúnum margar skriður, sem hafa svo runnið saman nokkru ofan við þjóðveginn í eina stóra breiðu, sem brýst yfir veginn, yfir engið alla leið ofan á túnið og leggur undir sig af því 2-3 dagsláttur og fyllir mógrafir. Skriða þessi hefir oltið fram með miklu aflí. Ýmist mölbrotið eða skafið klettana, þar sem hún fór um, eða gert í þá stórar hvilftir. Landið er mjög illa farið.

Syðri- og Ytri-Grund: Yfir engið ofan við Syðri-Grund hefir runnið skriða, og önnur fallið á um tvær dagsláttur af túninu á Ytri-Grund. Lækur olli þar miklum usla og var jarðýta fenginn til þess að breyta farvegi hans og stjaka honum burtu (Ísl. 01.11.).

...Norðaustan megin í Dalsmynnini hafa hins vegar aðeins fallið einstaka skriður, og eru spýjurnar allt að 100-200 m breiðar. Stærstu spýjuna þeim megin, þá er fíll rétt sunnan við Ártún, ...Bóndinn í Ártúni, Sigurbjörn Benediktsson, horfði á, er hún fíll. Hann segir svo frá að hún hafi farið með ógurlegum hraða og þvílikum hávaða, sem fjallið væri allt að hrynda. Gufu- og leirstrókarnir höfðu staðið hátt í loft upp og þessum ósköpum hafði fylgt hinn megnasti ódaunn. ...Svo var sem rokhvass stormsveipur færí framhjá um leið og skriðan hrundi rétt framhjá bænum, en er hjá leið, var eftir á enginu og túninu heim undir bæ, þykkur leirelgur, er kyrrðist smásaman. Þessi mikla skriða hefur reynst nálega 2 m þykk á veginum fyrir ofan bæinn, en hún er svo grjótlítill, að talað er um að sléttu hana og hreinsa grjótið, sá í hana síðan og gera þannig að túni (Tím. 24.10.). ...Um kl. 16 síð. umræddan sunnudag tóku aurskriður að falla úr fjalllinu. Ekki voru þær stórvægilegar, en smáspýjur úr þeim náðu þó heim á túnið í Ártúni. Á fimmta tímanum ...heyrir það þá drunur ægilegar ...sá það þá, að skriða um 250-300 m breið geystist niður fjallið beint upp af bænum ...og fór skriðan hratt sem vatn rynni í mesta brattanum. Fleytti vatnsflaumurinn með sér stórum jarðvegstorfum og björgum, er vógu margar smálestir, ásamt leir og möl. ...Þegar skyggja tók, sást ekki lengur til skriðuhlaupanna, en sífellt kváðu við drunur, því alltaf voru skriður að falla. ...Í fjalllinu upp af Ártúni komu í ljós stórir klettar í skriðufarinu neðanverðu, en áður örlaði þar varla á hamrabeltum, því að þau voru hulin djúpum jarðvegi (Ól. Jóns. '57.).

...Vegurinn um Dalsmynni er viða á kafi og ófær með öllu (Dagur 26.09.). ...Skriður félum einnig að austanverðu í Dalsmynnini, aðallega milli Skarðs og Þverár, en ekki mjög miklar eða til stórskemmdar (Ól. Jóns. '57.). ...Skriðan, austan í Þverárfjalli, er ekki nema á 2. hundrað metra á breidd. En hún er geysiprykk ...Skammt norðan við hana, í Þúfulandi, er önnur skriða álika breið, en tæplega eins efnismikil, og margar skriður eru þarna nærrí, allar smærri, flestar í Þverárlandi. Mikill meirihluti gróðurlendisins í brekkunni er þó eftir, en því líkast, sem brekkan sé öll rifin og tætt (Tím. 24.10.).

...Vestan Fnjóskár, í Dalsmynni, félum skriður á svonefndan Gæsaskógi, sem var fallegur og bróttmikill, og eyðilögðu hann að mestu (Dagur 26.09.). ...Stórfelldastar eru skriðurnar í Laufásfjallinu, er við Dalsmynni horfir, og hefur meiri hluti alls jarðvegs hrunið úr fjallinu frá því skammt utan við Skuggabjörg allt út undir Fnjóskárbrú. Skriðurnar hafa átt upptök sín í ca. 500 m hæð og fallið ofan í Fnjóská. Allt undirlendið sem var þarna handan árinna er þakið þykkum aur- og grjótruðningi, en niður við ána, þar sem aftur er nokkur brekka, er allt sleikt ofan í berg (Tím. 24.10.). ...Auk eyðileggingarinnar á Gæsaskógi, hefur um það bil 1/3 hluti Skuggabjargaskógs, vestan Fnjóskár, í Dalsmynni, eyðilagst. Skógur þessi var eign Skógræktar ríkisins ...að skriða hafi fallið á ca. 20 hektara svæði í fjallinu og rutt skóginum með sér. Skriðan félum allt niður í slétt gróðurlendi á Fnjóskárþökkum og hylur þar 20-30 hektara. Sums staðar er skriðan 5-8 m á hæð þar niður frá. Skuggabjargaskógor var ungskógor í örum vexti. Meðalhæð trjánna þar mun hafa verið um 3 m. Mikið af rótslitnum hríslum úr Gæsaskógi hefur rekið á fjörur hér inn með firðinum, allt inn á Akureyrarpoll. Skriðan, sem félum á skógin, sópaði trjánnum út í Fnjóská, og bárust þau þannig til sjávar (Dagur 03.10.). ...Margar þessar skriður félum í Fnjóská, sem var í feiknavexti. Urðu af því boðaföll svo mikil, að þau gengu upp á 10 m háan bakka austan megin árinna og brutu flóðgarð fyrir norðan Skarð. Skriðurnar stífluðu ána í bili, en hún ruddi þeim fljótlega úr sér (Ól. Jóns. '57.).

...Innan við Laufás félum skriður á nýja akvegginn út ströndina, og er hann á kafi viða á svæðinu frá Saurbrúargerði að Fagrabæ. Skriða félum og á túnið í Fagrabæ og olli talsverðum skemmdum og eyðilagði 20 tunna kartöflugarð (Dagur 26.09.). ...Enn félum skriður úr Kjálkanum, fjallinu milli Svalbarðsstrandar og Dalsmynnис. ...Nýlokið var á þessum slóðum vegarkafla. ...Má segja, að allur nýi kaflinn sé ýmist á kafi í aur- og grjótruðningi eða sundurtættur af vatni og skriðum (Tím. 26.09.).Nýi vegurinn á Svalbarðsströnd eyðilagðist á löngum kafla af vatnagangi og skriðum (Alþm. 01.10.). ...Yst í Fagrabæjarfjalli, rétt sunnan við Fagrabæjargil hefir runnið fram mikil skriða, sem hefir ásamt annarri, talsvert minni, er losnað hefir nokkru sunnar, farið yfir veginn á löngum kafla, sem nú er búið að laga, alla leið ofan á túnið á Fagrabæ, og lagt undir sig af túninu 3-4 dagsláttur, part af engi og jarðeplagarð (Ísl 01.10.).

VAÐLAHEIÐI: ...Vaðlaheiðarvegurinn rofnaði af völdum vatnavaxta (Tím 26.09.). ...og flóðu lækir nú á mörgum stöðum yfir vegi. Vegurinn yfir Vaðlaheiði var við risinn í sundur (Aþb. 26.09.). ...Þá mun skriða hafa fallið úr Kaupangssveitarfjalli, skammt sunnan við Bíldsárskarð. Þetta var nokkuð stór skriða, sem félum niður á efstu túnum frá Kaupangi og skildi eftir sig djúpar geilar í þykkan jarðveg utan á fjallshlíðinni. Önnur skriða félum syðst í Vaðlaheiði, rétt norðan við Bíldsárskarð. Hún var minni og félum niður undir túnum Fifilgerðis, en olli ekki spjöllum. Báðar töku skriðurnar sig upp ofarlega í fjallinu (munnlegar upplýsingar frá Herði Kristinssyni, Arnarhóli, Eyjafjarðarsveit, - gögn H.G.P.).

EYJAFJARÐARDALUR: ...Þá sprakk fram mikið jarðfall, í námunda við Stekkjarflatir (í mynni Sölvadals) í nágrenni við Möðruvalla. ...félum skriður í fjallinu á bak við bæina Vatnsenda, Hóla og Nýjabæ, en skemmdirur urðu þar ekki tilfinnanlegar (Aþb. 26.09.). ...að Vatnsenda í Saurbæjarhreppi félum þó skriða á túnið og olli talsverðum skemmdum (Tím. 26.09.). ...félum allmiklar skriður á þremur stöðum. Á

Tjörnum tók af allgóða engjaspildu og var töluvert hey á henni. Á Halldórsstöðum félle tvær skriður á engi, önnur þeirra tók skika af túninu. Á Vatnsenda skemmdist engi mjög tilfinnanlega og tún einnig nokkuð og þar mun hafa tapast talsvert af heyi (Dagur 10.10.). ... (Um land Vatnsenda): Haustið 1946 félle skriður yfir mestallar Grundirnar, svo að nú er tæpast hægt að kalla þær grundir lengur (Órnefn. Saurbhr. 1957). ... Skriðurnar á Vatnsenda tóku sig upp neðarlega í fjallinu (Ól. Jóns. '57.).

AKUREYRI: ... að þjárf skriður hafi fallið úr höfðanum við innanvert Aðalstræti þar í bæ. Féll aur og leðja á húsin nr. 32, 35 og 67 við Aðalstræti, og náði leðjan upp á efri hæð aftan við eitt húsanna. Þá sprungu kartöflugarðar fram úr brekkunni og niður yfir veg. Viða frammi á Eyrinni kom vatn í kjallara og urðu þar ýmsar skemmdir (Aþb. 26.09.). ... Síðari hluta sunnudagsins gekk flóðbylgja yfir malarkambinn norðaustan á Tanganum og yfir Oddeyrina neðanverða. Neðri hluti Gránufélags götu hvarf undir vatn, og viða flóði inn í kjallara og eyðilagði það sem í þeim var. ... Hér og þar sprungu skópleiðslur og vall vatnið upp á yfirborð gatnanna, og göturæsin urðu að lækjarfarvegum. Skriða félur úr brekkunni bak við húsið nr. 35 við Hafnarstræti og náði aurinn upp á glugga efri hæðar. Kartöflugarðar sprungu fram úr brekkunni ofan við nr. 32 og 76 við Aðalstræti, og vall leðjan austur yfir götuna. Viðar félle smáskriður úr brekkunni. ... Vegurinn yfir Hólmana lá lengi undir sjó og vatni, ófær (Alþm. 01.10.). ... Hér á Akureyri urðu viða nokkrar skemmdir í kjöllurum vegna vatnsrennslis og stórir lækir runnu eftir götum og má nú viða sjá farvegi þeirra. Skriður félle úr höfðanum ofan við Aðalstræti 70 og sömuleiðis úr höfðanum, sem kirkjan stendur á (Ísl. 27.09.). ... og einnig úr höfðanum austan kirkjunnar, gegnt Versluninni Eyjafjörður (nú Hafnarstræti 81) (Ól. Jóns. '57.).

HÖRGÁRDALUR: ... og sömuleiðis lenti skriða á túninu á Möðruvöllum í Hörgárdal og gerði nokkurn usla (Tím. 26.09.). ... Að Möðruvöllum í Hörgárdal félle skriða yfir Nunnuhólstúnið (Aþb. 26.09.). ... Skriður félle úr fjallinu milli Möðruvalla og Bjarga í Hörgárdal, og fór ein langt niður á Möðruvallatún og skemmdi nokkrar dagsláttur af ræktuðu landi (Ól. Jóns. '57.).

ÁRSKÓGSSTRÖND/ÞORVALDSDALUR: Við bæinn Hátún á Árskógsströnd rann skriða úr melhól við þjóðveginn neðan við bæinn (munnlegar upplýsingar frá Halldóri Arasyni, Akureyri - gögn H.G.P.).

Á Þorvaldsdal félle viða skriður. Ein félle í Staðarskál austan Hávarðarstaða og rann sú niður Þorvaldsdalsá gegnt Grund. Stór skriða félle í framanverðu Hestahrauni og grjótskriða í Hrafnagilshrauni. Smáspýjur félle t.d. viða í Kötlufjalli og utan við Kleif (munnlegar upplýsingar frá Sveini Jónssyni á Ytra-Kálfskinni, Árskógsströnd - gögn H.G.P.).

SVARFAÐARDALUR: ... í Svarfaðardal munu þá einnig hafa fallið skriður á nokkrum stöðum. Á Ytra-Hvarfi kom skriða niður á svokallaðan Skriðukotsvöll og skemmdi um einn ha. af túni. Á Sælu hljóp skriða og drap einar tvær kindur, og á Hnjúki fór skriða í bæjarlækinn og olli nokkrum skemmdum (Ól. Jóns. '57.). ... Að morgni hins 23.09. 1946 urðu menn þess varir að allmikil skriða hafði hlaupið um nóttina úr fjallinu sunnan Skriðulækjарins ofarlega. Hafði hún fallið alllangt beint niður og rifið með sér fyrn af jarðvegi og grjóti, en jaðar hennar að sunnan var viða á annan metra á hæð. Síðan hafði hún steypst norður í Skriðugilið og myndað þar stíflu í gilinu. Mikið vatn var í Skriðulæknum ... Stíflan í læknum hefur síðan brostið og skriðan bylst niður gilið. ... En um morguninn blöstu vegsummerkin við - miklar stórgrytis hrannir voru á bökkum lækjárins, séstaklega þar sem klettagilinu lýkur í hliðinni og eru sumir steinarnir fyrnastórir (Norðurslóð 30.06.95).

... Miklu viðar en hér hefur verið getið hafa skriður fallið við Eyjafjörð. En þær hafa yfirleitt lent á úthaga eða engjum og ekki haft eins mikla eyðileggingu í fór með sér og skriður þær, sem hér hefur verið sagt frá (Tím. 26.09.).

Heim: Visir 25.09. Mbl. 25.09. 26.9. 04.10. Dagur 26.09. 03.10. 10.10. 09.11.91. 05.09.92. Tím. 26.09. 24.10. Þvl. 26.09. Áþb. 26.09. Ísl. 27.09. 01.11. Alþm. 01.10. Veðr. sept. Ól. Jóns. '57. Angantýr H. Hjálmarsson og Pálmi Kristjánsson 1957: Örnefni í Saurbæjarhreppi. Norðurslóð 30.06.95. - Gögn H.G.P.

ATH: Þetta eru einhver mestu skriðuföll sem hafa orðið við Eyjafjörð og felli skriðurnar sunnudaginn (22.09.) og aðfaranótt mánudagsins (23.09.), en ekki þriðjudag og miðvikudag eins og sumar heimildir segja. Eitthvað virðist á reiki hvar skriðurnar felli á Akureyri, við Hafnarstræti eða Aðalstræti og við hvaða hús.

30.-31. okt. GILSFJÖRÐUR

Skriða/skriðuhætta

...gekk hvöss sunnanátt, 9-10 vindstig, með rigningu, yfir allt land í fyrrinótt og í gærðag. Rigndi sérstaklega mikið á Suður- og Vesturlandi (Mbl. 31.10.). ...Aftaka illviðri með roki og rigningu, hefur geisað um Suðvesturland undanfarin dægur. Hefur veðrið viða valdið miklum skemmdum, einkum á vegum og símalínum. ...Vegurinn fyrir Hvalfjörð varð ófær í gær vegna þess að vatn braut skarð í veginn við brúna á Brunná í Botnsdal (Tím. 01.11.).

...Vegarsambandið um Gilsfjörð teptist vegna skriðuhlaups um síðustu helgi. Unnið hefur verið að því að ryðja skriðufallið af veginum og er því verki nú um það bil lokið (Visir 06.11.).

...Fréttaritari Mbl. í Kjós símar að þar um slóðir óttist menn að skriðuhlaup verði í fjöllum, ef sama rigningartíðin heldur áfram (Mbl. 05.11.).

Heim: Mbl. 31.10. 05.11. Tím. 01.11. Visir 06.11. Veðr. okt.

1947

19. maí HVERAGERÐI.

Skriður við jarðskjálfta.

Skjálftahrina var í Henglinum í þessum mánuði (17.-20.). Harðasti og lengsti kippurinn kom um kl. 11:30 þ. 19. Olli hann skemmdum á húsum og mannvirkjum í Hveragerði. Miklar breytingar urðu á hverasvæðum í Hveragerði og nágrenni við jarðskjálftana.

...Nokkrar skriður hafa fallið úr Reykjafalli, en þó ekki valdið neinum skemmdum á verðmætum (Mbl. 20.05.).

Heim: Mbl. 20.05.

11. sept. SIGLUFJÖRÐUR.

Skriður.

Lægð dýpkaði skyndilega og olli aftakaverðri á austan um allt land. Verst var þó veðrið á Suður- og Vesturlandi. Samfara ofviðrinu var úrhellisrigning um allt land. Fokskaðar urðu nokkrir, svo sem undir Eyjafjöllum og á Siglufirði. Ölfusá flæddi yfir bakka sína og miklir vatnavextir urðu í Norðfirði.

...Í fyrrinótt urðu tölverðar skemmdir af völdum norðaustanroks á Siglufirði. Tvö sænsk skip rak á land í firðinum, en a.m.k. annað þeirra var talið óskemmt. Vatn lamdist inn um norðurvegg stóru mjölskemmunnar og olli einhverjum skemmdum, steypumót hrundi, þök skemmdust og reynitré hjá kirkjunni brotnuðu. Grjót hrundi á veginn í Siglufjarðarskarði og lokaði honum um tíma (Þvl. 12.09.). ...Á

Siglufjarðarskarði féll aurskriða á nýja veginn þar og varð hann ófær á tímabili (Aþb. 12.09.) ...Í gær var skriðum þeim er féllu í Siglufjarðarskarði rutt í burtu og er vegurinn orðinn fær á ný (Mbl. 13.09.).

Heim: Aþb. 12.09. Pvl. 12.09. Vísir 12.09. 13.09. Tím 12.09. 13.09. Mbl. 12.09. 13.09. Einherji 13.09. Veðr. sept. Ól. Jóns. '57.

2. okt. BOLUNGARVÍK.

Skriða.

...nokkuð verið getið hlaupa úr Skriðugili hjá Geirastöðum í Bolungarvík. Gil þetta er í Erninum, fjalli því, er skilur Tungudal og Syðridal og Geirastaðir standa undir því. ...Þetta sumar hafði aldrei komið neinn vöxtur í gilið, ekki einu sinni þó að rigndi, en síðast í sept. gerði frost í nokkra daga, en enga snjókomu, þiðnaði svo snögglega aftur í byrjun okt., þó án þess að úrkomu gerði. Þann 2. mánaðarins kom skyndilega mikið hlaup úr gilinu, fyllti gamla gripahúsatótt, er var upp af bæjarhúsunum í Skriðu, fór yfir um 2 ha. af túni frá Geirastöðum, fyllti framræsluskurði og rann alveg niður í vatnið, sem þarna er fram undan. Skammt frá vatninu liggur vegurinn, og var skriðan um 100 m breið, þar sem hún rann yfir hann. Neðan vegarins var talsverður ræktaður nesoddi, er skriðan fór að mestu yfir. Grjótið hefur verið hreinsað af túninu að mestu. Á annað hundrað smálestum mun hafa verið ekið burt, en líka miklu rutt í vatnið. Hvað olli þessu skriðuhlaupi, er ekki vitað. Ekki taldi Kristján Ólafsson, bóndi á Geirastöðum, að vatn gæti safnast fyrir uppi á fjalllinu, og virðist þá því einu til að dreifa, að vatn hafi með einhverjum hætti safnast fyrir inni í fjalllinu, en síðan skyndilega brotið sér farveg fram í gilið (Ól. Jóns. '57.).

Heim: Ól. Jóns. '57.

8. nóv. RANGÁRVALLASÝSLA (Landssveit).

Grjóthrun við jarðskjálfta.

Þ. 29.03. hófst eldgos í Heklu og fylgdi upphafi gossins snarpur jarðskjálftakippur. Á meðan á gosinu stóð varð oft vart við jarðskjálfta og voru sumir kippirnir snarpir. Þ. 08.11. um kl. 13 fannst snarpur jarðskjálftakippur í nágrenni Heklu. Í Haukadal í Landssveit féllu hlutir úr hillum og grjót hrundi úr Bjólfelli (Eysteinn Tryggvason 1978).

Heim: Eysteinn Tryggvason 1978: Jarðskjálftar á Íslandi 1940-1949.

1948

1.-2. okt. SKAGAFJÖRÐUR (Norðurárdalur).

Skriður.

Þ. 1.-7. fóru lægðir norðaustur yfir landið og síðar norðaustur Grænlandshaf. Var þá umhleypingasamt og hiti nærrí meðallagi. Fyrst eftir mánaðamótin rigndi mikið um land allt, t.d. mældust viða 30-50 mm þ. 2.

...Í fyrradag (01.10.) rigndi óvenjumikið norðanlands og stóð rigningin að heita má stanslaust þar til í gärmorgun (02.10.) að upp stytti.

...Í fyrrinótt féllu skriður yfir þjóðveginn á löngum kafla milli Silfrastaða og Ytri-Kota í Skagafirði. Var öll bílaumferð stöðvuð þarna í gær og komust bílar frá Akureyri ekki suður, eða norður til Akureyrar að sunnan. Unnið var af kappi í allan gärdag með

tveimur jarðytum að ryðja af veginum ...Orsök skriðufallanna eru því vatnavextir í fjallshlíðinni fyrir ofan þjóðveginn, og reif vatnselgurinn með sér skriðurnar. Fjallshlíðin fyrir ofan þjóðveginn, þar sem skriðurnar félle, er mjög brött og skriðuhætt í henni. ...að mest hefði rígt þar á tímabilinu frá því kl. 17 í fyrradag og fram yfir miðnætti. Skriðurnar hafa aðallega fallið um og eftir miðnættið, nokkuð um svipað leyti. ... Í gärmorgun biðu margir bílar fyrir sunnan skriðurnar ...mun enginn þeirra hafa komist í hættu ...komst bill frá Kaupfélagi Svalbarðseyrar, sem var að flytja sauðfé vestur á fjárskiftasvæðið, úr Þingeyjarsýslu, í mikla hættu, þegar skriða féll á bílinn, þar sem hann ók eftir veginum. Varð það til happs, að sú skriða var þunn og féll hægt, svo bílinn gat rifið sig lausan út úr aurleðjunni, áður en aðalskriðan kom á veginn. ...Skriðurnar félle á veginn á um það bil þriggja km längum kafla. Ein skriðan féll yfir túnið á Silfrastöðum, og önnur rétt utan við það. Lá við að bærinn yrði þarna fyrir skemmdum, því ein kvísl skriðunnar félle heim að bænum og staðnæmdist framan við bæjardyrnar, svo varla var hægt að ganga þar út og inn um bæinn í gær fyrir aur úr skriðunni. Símalínurnar á þessu svæði skemmdust mjög mikið. Slitnuðu viða í sundur og símastaurarnir lágu og stóðu tvist og bast um skriðurnar. Sumir voru algerlega horfnir undir skriðurnar (Tím. 03.10.).

...Fóru skriðurnar á nær 2 km svæði yfir nýja veginn sem er í byggingu utan í hliðum Silfrastaðafjalls ...að stórfelld rigning hefði verið á föstudaginn, en kl. 24 um kvöldið félle skriðurnar. Þær áttu upptök víðsvegar í fjallinu, sumar upp undir brún, og félle sumar niður á jafnsléttu, m.a. félle ein alveg niður í Norðurá. Skriðuhlaupin urðu rétt innan við túnið á Silfrastöðum og munu hafa náð yfir á að giska 2 km svæði, en þó með nokkrum bilum, því hér var ekki um eitt samhangandi skriðuhlaup að ræða, heldur margar skriður en sem félle þó mjög þétt. Aðal skemmdirnar urðu á veginum, en skriðurnar félle yfir hann, lokuðu ræsum og fylltu skurðina meðfram honum. ...Auk þessa runnu skriðurnar yfir töluvert mikið beitiland og annað graslendi og ollu þar nokkru tjóni (Visir 05.10.). ...Vegurinn mun ekki hafa skemmt til muna né sópast burt, en allmiklar lagfæringar þarf við, áður en hann verður jafngóður (Tím. 05.10.). ...Fjallshlíðin er þarna afar brött með smá vatnsfarvegum, sem skriðurnar hlupu eftir (Ól. Jóns. '57.).

Heim: Tím. 03.10. 05.10. Visir 05.10. Ísl. 06.10. Veðr. okt. Ól. Jóns. '57.

ATH: Dagsetning er röng hjá Ól. Jóns. '57.

1949

19. júní FNJÓSKADALUR, EYJAFJÖRÐUR (Sölvadalur, Eyjafjarðardalur).

Skriður.

Vorleysing var mjög sein og tíðarfari óhagstætt fyrri hluta mánaðarins, vorverk töfðust viða allt að 3-4 vikur vegna kulda og snjóa. Þ. 15. brá til batnaðar um allt land, og var einmuna tíð síðari hluta mánaðarins. Gróðri fór óvenju skjótt fram. Vatnavextir voru víða miklir vegna bráðra leysinga.

FNJÓSKADALUR: ...Á Reykjum í Fnjóskadal hljóp jarðfall sama dag ...Hlaupið hófst kl. 21 um kvöldið. Sprakk þá fylla úr fjallshlíðinni, vestur og upp frá túninu, hljóp fram milli hólanna, síðan norður lækjafarveginn og niður yfir túnið sunnan við bæinn. Kl. 22:30 um kvöldið kom nýtt hlaup. Lengdist jarðfallið þá upp í fjallshlíðina, en félle annars í sama farveg og það fyrra. Hlaup þessi fóru svo nærrí íbúðarhúsinu, sem er nýlegt steinhús, að vatns- og leiraldan frá þeim gekk upp á miðja kjallaraglugga, án þess þó að brjóta þá. Bar flóðið fram nokkur klakastykki, en var annars mjög vatnsborið, og ekki reif það upp grassvörðinn á túninu eða raskaði jarðvegi teljandi

neðan við hólana. ... Þegar hlaupið kom fram á milli hólanna, suður og upp frá bænum, fór það í loftköstum (Ól. Jóns. '57.).

... Skriða hljóp í þessum leysingum upp af eyðibýlinu Skuggabjörgum í Fnjóskadal, alveg niður á tún. Hún var mjög grýtt (Ól. Jóns. '57.).

SÖLVADALUR: ... Bærinn Draflastaðir stendur á 200-300 m breiðum hjalla undir vesturhlíð Sölvadals. Að austan takmarkast hjallinn af 50-60 m djúpu gili Núpár, sem rennur eftir dalnum. Fjallshlíðin upp frá bænum er öll grasi gróin og jarðvegur viða djúpur upp að breiðum hjalla ofarlega í fjallinu, er nefnist Heiði. Þar fyrir ofan er grýtt og gróðursnauð fjallsöxl.

... Laugardaginn 18. og sunnudaginn 19. júní 1949 var mjög hlýtt veður um allan Eyjafjörð og raunar gervallt Norðurland, en vegna langvarandi vorkulda var snjór lítið leystur til fjalla. Á heiðinni vestan við Sölvadalinn (fjallið milli Sölvadals og Eyjafjarðards), lá þá mikill snjór, og teygðust skaflarnir niður eftir fjallshlíðinni. Á sunnudaginn var geysileg leysing, og flóði vatnið hvarvetna fram af Heiðarbrúninni. Komst það óvíða niður, því að hjarn lá í lækjarfarvegunum, en vetrargaddur var enn í fjallshlíðinni. Stóð mörgum stuggur af vatnsaganum. ... því að uggur var í henni við skriðuhlaup, er hafði styrkst við það, að fyrr um daginn hafði smáskriða hlaupið niður í skál í austurhlíð dalsins (Ánastaðaskál), og fylgdu því hlaupi, sem þó var mjög smávaxið, drunur miklar. Einnig höfðu hlaupið fram smáslettur utar í dalnum vestanverðum.

Allt í einu heyrir hún hví mikinn og verður þegar litið til fjallsins. Sér hún þá, að skammt neðan við Heiðarbrúnina rís upp jarðfylla mikil og jafnframt gjósa upp háir leir- og vatnsstrókar. Nýjar og nýjar jarðspildur og klakastykki bresta fram úr fjallshlíðinni með ægilegum dunum, og fer hlaupið með geysihraða niður fjallið og stefnir sunnan við bæinn ... Ekki skifti það neinum togum, að hlaupið kom vellandi sem ægilegur kolsvartur brimskafl fram af brekkunni ofan við túnið og steypist í einu vettangi í meira en 200 m breiðu flóði niður yfir allt suðurtúnið og engið sunnan við það, fór nærrí umhverfis hólinn sunnan við bæinn og yfir hann sunnanverðan, reif með sér hænsnahúsið, ... skall það því næst á hlöðunni við herskálann, velti henni að andartaki liðnu um koll og sprengdi skálann í sundur, en bar síðan brakið með sér, brotið og brenglað, fram á gilbarminn. ... Meginhlut hlaupsins stöðvaðist á gilbarminum, en nokkuð rann þó um litlar vatnsrennur niður í ána, sem stíflaðist snöggvast, en hreinsaði sig nær samstundis aftur. Þegar hlaupið skall í ána, gengu leirsletturnar spölkorn upp í gilhlíðarnar hinum megin (Ól. Jóns. '57.).

Upptök skriðunnar eru örskammt neðan við Heiðarbrúnina, í 400-450 m hæð yfir bænum, sem er í 150 m hæð yfir sjó. Þar sem jarðhlaupið hófst, hafði aflöng valllendislægð legið út og suður eftir brekkunni, sennilega orðin til við framsig eða að jarðvegurinn hefur einhvern tíma sprungið, án þess að framhaup yrði úr. Í lægð þessari mun hafa legið hjarnskafi. Liklegt er, að undir skaflinum hafi jörðin verið þið, þótt hlíðin í kring væri að mestu freðin. Vatnselgurinn fram af Heiðarbrúninni hefur fossað niður í skaflinn í lægðinni og í gegnum hann niður í þíðan, gljúpan jarðveginn, sem þarna hefur verið um fjórir metrar á þykkt, niður á möl og berg. Jarðvegurinn var orðinn svo gegnsósa, sem mest mátti verða og vatnsprýstingurinn afar mikill. Þá hefur sprungið fyrir 30 m breiðri spildu, en aðeins helmingur þessarar torfu hefur hlaupið fram. Undirlagið, þar sem þessi jarðvegstorfa hefur sprungið fram, er snarbrattur samruni af leir og möl. Örlítið neðar er stallur, liklega klettabelti hulið jarðvegi. Nokkur hluti af efsta framhlaupinu hefur orðið þar eftir, en neðan við stallinn hefur um 40 m breið spilda spýst fram. Síðan hefur hlaupið farið ört breikkandi niður fjallshlíðina og hefur rist geilar í jarðveginn, en stabbar standa á milli. Hefur skriðan farið yfir þá og talsvert út á barma geilanna sitt hvorum megin. Mun láta nærrí, að geilarnar samlagðar séu um helmingur af breidd hlaupsins þarna í fjallinu. Í brekkunni er viðast djúpur,

leirblandinn moldarjarðvegur, en undirlagið alls staðar malarsamruni, en sums staðar einnig smiðjumór og leirblandinn mór, þegar kemur niður á hjallann. Þar er breidd hlaupsins 200-250 m, og hafa þar aðallega skorist niður tvær breiðar geilar. ...Þarna lágu dreifð um allt hlaupsvæðið stór jarðvegsstykki, sem vafalaust hafa verið freðin, þegar hljóp, en mikið af slíkum frostbrotum bárust alveg niður á tún. Sást á þeim, að jarðvegsklakinn í fjallinu hafði verið allt að $\frac{1}{2}$ m á þykkt. ...Sérkennilegt við þetta mikla jarðhlaup var, að í því sást varla steinn, svo talist gæti. Má segja, að á hlaupsvæðinu neðan við brekkurnar hafi aðeins verið torf og mold. Bar þar mest á móblendingi ofan af myrrahjallanum (Ól. Jóns. '57.).

...Einkennilegt var, hvað mikið af mönnum og skepnum færði sig af því svæði er jarðfallið náði yfir, rétt áður en jarðfallið fíll. ...Kýrnar höfðu að undanförnu haldið sig í höllunum sunnan og ofan við túnið, en tóku á rás um hálfrí stund áður og héldu norður eftir. ...Hún sér höllin ofan við túnið velta fram með ægilegum hraða og stendur mórauður mökkur upp af og ber við loft yfir fjallseggina. ...var jarðskriðan að steypast í árgilið. Hafði hún farið ofan, fyrir sunnan bæinn og tekið með sér að mestu fjárhús, hesthús, geymslubragga og hlöður. Húsaþyrpingin sunnan og ofan við bæinn, sem að vísu eyðilagðist gersamlega, hafði þó staðið svo fyrir að ef þau hefðu ekki verið, hefði jarðfallið fallið á bæinn. En aðeins lítið eitt af því rann út fyrir ofan bæinn og að baðstofuglugga. ...Vonum minna fór af skepnum í jarðfallið (ca. 10 kindur og 28 hænsni) (Ljúfa vor 1961).

EYJAFJARÐARDALUR: ...Einnig skemmdi skriða tún nokkuð í Hleiðargarði í Eyjafirði (Tím. 21.06.). ...Annað jarðfall mun hafa fallið yfir engi í Hleiðargarði um svipað leyti (Dagur 22.06.).

Heim: Tím. 21.06. 22.06. Dagur 22.06. 29.06. Ísl. 22.06. Ább. 22.06. Vísir 22.06. Mbl. 23.06. Veðr. júní. Ól. Jóns. '57. Magnús H. Árnason 1961: Ljúfa vor. Halldór G. Pétursson 1990: Skriðuhætta við Draflastaði, Sölvadal i Eyjafjarðarsýslu, Náttúrufræðistofnun Norðurlands - Skýrsla 5.

26.-27. júní SVARFAÐARDALUR (Grundarlækur).

Skriða/vatnavextir.

Leysing.

Miklir vatnavextir eru víða hér norðanlands af völdum góðviðrisins að undanförnu, en snjór er enn mikill í fjöllum og hálandi. Um síðustu helgi hljóp mikill vöxtur í Grundarlæk í Svarfaðardal. Ruddi lækurinn með sér aur og grjóti yfir hluta af túninu í Brekku í Svarfaðardal og fyllti áveituskurði. Bændur í sveitinni unnu að því að forða tjóni á öðrum bæjum þar í grendinni og mun það hafa tekist. Svarfaðardsá er einnig í miklum vexti og flæðir yfir veginn á kafla, svo að ófært er litlum bifreiðum (Dagur 29.06.).

...kom mikið vatns- og skriðuhlaup úr Grundargili og Brekkugili í Svarfaðardal. ...Uppi í fjallinu milli Grundar og Brekku í Svarfaðardal er tjörn lítil, sem Nykurtjörn nefnist. Rennur úr tjörninni lítil og meinleysisleg lækjarsytra, sem þó hefur gert seykilegt gil í fjallshlíðina í afarþykkan ruðning sem þar er, og heitir það Grundargil. Fram undan gili þessu er fjarska mikill skriðuvængur, sem lagt hefur undir sig mjög mikið land og gerst eftir því sem tímar liðu, meir og meir ásækinn á land Grundar, skemmt túnið stórlæg og ógnað bænum. ...Skyringin er sú að á vetrum leggur háan skafl yfir útfallið úr tjörninni, sem þá er ísi lögð og útfallið botnfrosið. Skafl þessi stíflar upp vatnið, sem að tjörninni fellur, þegar vorleysingar koma, uns það nær að renna yfir skaflinn, og rýfur það þá skarð í hann á skammri stundu til grunna. Beljar þá vatnið, sem safnast hefur fyrir ofan á ísnum í tjörninni, fram af miklu afli og tæmist á fáum klukkustundum. Verður af þessu flóð mikið, sem ryðst niður gilin í fjallshlíðinni, rífur með sér möl og grjót úr hlíðum þeirra og hleypir fram skriðum. Aðalframrás flóðanna

er um Grundargilið. ...Hlaupin koma ekki ætíð á vorin. Þau geta einnig orðið, ef að góða tíð og leysingu gerir að vetrinum. ...Til að koma í veg fyrir hlaupin þarf að fara og rjúfa skaflinn áður en of mikið vatn hefur safnast fyrir ofan hann (Ól. Jóns. '57.).

...Grund: Framan við Brekku slitna ræktunarlöndin sundur af skriðu einni mikilli, sem komið hefur úr stóru, gapandi gili uppi í fjallinu, Grundargilinu. Stærð gilsins og skriðunnar er í engu samræmi við lækjarkrílið, sem úr gilinu rennur og ekki sýnist likegur til að vinna stórvirki í landslagsmótun. Skýringin er sú, að lækurinn kemur úr lítili tjörn, Nykurtjörninni, í kvos uppi undir egg fjallsins. Þessi tjörn var á sínum tíma illraemd fyrir það háttarlag sitt að hlaupa fram á vorin og senda feikilegt vatnsmagn niður gilið og yfir tún og engjar á Grund og jafnvel einnig Brekku. Þjóðsagan sagði, að nykurinn, sem í tjörninni bjó, velti sér á vorin eftir vetrardvalann og væri valdur að þessum voðalegu vatnshlaupum. Um aldamótin síðustu bjó á Grund bóndi, sem hafði annan skilning á fyrirbærinu. Hann grunaði sem sé, og hefur sjálfsagt byggt það á athugunum, að snjóskrafli mikill legðist fyrir útrennsli tjarnarinnar á vetrum. Skaflinn hindraði leysingarvatnið á vorin í að fá eðlilega framrás, og hlæðist það því upp í tjörninni, þar til það var orðið nægilega hátt og þungt til að sprengja skaflinn fram. Væri þá ekki að sökum að spryja. Vatnið steypist fram á skömmum tíma með þeim hroðalegu afleiðingum, sem bæði hann og fyrri ábúendur Grundar þekktu allt of vel.

Samkvæmt þessum skilningi safnaði bóndi saman nokkrum mönnum með rekur og gróf rás í gegnum skaflinn, áður en snjóa tók að leysa að ráði í hnjkunum ofan við Nykurtjörn. Þetta herbragð reyndist svo vel, að síðan má segja, að hlaup í Grundarlæk séu úr sögunni. En þar með var hinum sögufræga nykri líka tortímt (Árbók F.I. 1973).

Heim: Dagur 29.06. Visir 29.06. Ísl. 29.06. Tím. 30.06. Veðr. júní. Ól. Jóns. '57.

Hjörtur Þórarinsson 1973: Svarfaðardalur, Árbók F.I.

ATH: Eflaust er rétt að flokka hlaupin í Grundarlæknunum sem vatnsflóð, en í fornunum annálum eru hlaupanna oft getið sem skriðna.

28. júní GILSFJÖRÐUR, DALIR.

Skriður.

Vorleysing, tíðarfarið var óhagstætt fyrri hluta mánaðarins, vorverk töfðust víða allt að 3-4 vikur vegna kulda og snjóa. Þ. 15. brá til batnaðar um allt land, og var einmuna tíð síðari hluta mánaðarins. Gróðri fór óvenju skjótt fram. Vatnavextir voru víða miklir vegna bráðra leysinga.

...Í Dölu urðu nokkrar skemmdir á vegum og ræsum af vatnavöxtum og skriðuföllum, og í Gilsfirði teptist vegurinn á einum stað af skriðufalli. Var þar ýta náleg svo að hægt var að ryðja veginn fljótt aftur (Tím. 30.06.). ...Þ. 28. teptist vegurinn í Gilsfirði vegna skriðufalla (Veðr. júní).

Heim: Tím. 30.06. Veðr. júní. Ól. Jóns. '57.

1. ág. ÞJÓRSÁRDALUR.

Skriður.

Í fyrradag gerði úrhellisrigningu í uppsveitum Árnессýslu, svo að menn muna varla annað eins steypiregn. Var það mest um kl. 17 (Tím. 03.08.).

...Í gærðag 1. ág. um kl. 15 dundi yfir stórkostleg rigning, sem stóð svo til sleitulaust nokkuð á þriðja klukkutíma. Þetta úrfelli var ekki líkt neinni venjulegri stórrigningu, svo stórfellt var það og þétt, en sem næst í logni. Þegar þetta úrfelli hafði staðið í 5-10 mín. fóru allir lækir að vaxa, og uxu með svo ótrúlegum hraða, að enginn mundi trúa, sem ekki sá. Þannig hélt vöxtur þeirra áfram, þar til að t.d. smá lækjarsytra, var orðin með öllu ófær yfirferðar, þar sem í nokkrum halla var sökum straumþunga og

grjótframburðar. Þannig var um bæjarlækinn hér í Haga, sem stafar frá uppgöngu samdráttum í fjöllunum upp af bænum og venjulega er svo lítill, að leita verður laga, að sökkva í hann fötu. Hann óx svo gifurlega á fáum mínútum, að enginn maður hefði staðið ef út í hann hefði farið meðan hann var mestur. Þessi litli lækur bar mikið grjót og sand, yfir bakka sína innan túns, og á stóra spildu á túninu, þar til hann braust fram yfir veginn, sem meðan vatnið var mest, fór undir vatn á nokkrum kafla. Vegurinn milli Haga og Ásólfssstaða liggur austan undir Hagafjalli, inn fyrir Gaukshöfða og austan undir Bringu. Á þessari leið er Hagafjall mjög bratt, og skiftast þar á grasbrekkur allbreiðar, sem ná viða að hömrum upp og melskriður. Það má segja, að á allri þessari leið, eða frá Haga og inn fyrir Bringu, hafi orðið stórspjöll. Áætlunarbill með fólk, var ófarinn frá Ásólfssstöðum, þegar þetta úrfelli datt yfir, en fór á stað, þegar upp tók en varð brátt að snúa aftur, þar eð vegurinn var ófær, svo langt sem sást. Í sama mund fór Haraldur bóndi í Haga, á 10 hjóluðum herbil, austur með fjalli og komst með herkjum og brögðum inn á Gaukshöfða, og taldi hann að ófært væri þaðan innúr, svo langt sem hann sá. ...taldist að 100 skriður hefðu hlaupið úr Hagafjalli austanverðu. Ég gekk í morgun inn undir Gaukshöfða og þótti ljótt umhorfs. Á einum stað, frá svonefndum Líkneyjarbrekkum og inn undir Lækjarholt, sem er framan Hagalækjar á Hagasandi, er þegar niður fyrir bröttstu brekkurnar kemur, um 300 m samfelld skriðubreiða, sem á upptök í mörgum afardjúpum, en þróngum farvegum ofan frá hömrum, en hafa svo runnið saman, þegar úr hallanum dró. ...Nú hef ég gengið inn með Hagafjalli að vestan, og eru þar ekki minni jarðspjöll, en að austan. Þar er meir, um það, að breiðar jarðspildur hafi fallið í heilu lagi, frá brún og niður. Sú breiðasta sem ég sá, er yfir 100 m breið. Þar lítur helst svo út, sem vatnsmagnið hafi á svipstundu orðið svo gifurlegt að jarðvegurinn hafi ekki borið það. Víða er jörð sprungin frá brúnum, en hefur ekki farið á stað. Annars er það einkennilegt, við allar hinum mjóu skriður, hve vatnið hefur grafið sig djúpt ofan í snarbrattar skriður og brekkur. Ég held, að margir þessir skurðir eða gjár, séu ekki að vídd nema 1-2 m, en víða jafnvel nokkru dýpri, en barmarnir mjög lödréttir, og sumstaðar holbekkt undir. Þegar horft er upp eftir þessum skurðum, er líkast sem horft sé eftir röð af djúpum hraun- eða jökulgljám (Mbl. 07.08.). ...Hann komst ekki lengra en að Litlu-Bringu. Þar hefðu skriður borið grjót og vikurjarðveg yfir veginn svo að hann væri með öllu ófær. Það kom síðar í ljós að 19 skriður höfðu fallið á Bringuveginn á svo sem 500 m löngum kafla. ...fyrr en kom austur á Flatholt á Núphálsum, en þar opnast útsýn til austurs. Það er þegar auðséð, að Þjórsá hefur ekki vaxið mikið, og bendir það til þess, að þessi stórrigning hafi ekki náð yfir stóran hluta af vatnasvæði hennar. En það er annað óvenjulegt við hana. Hún var dökkmórauð eins og mold á litinn við vesturlandið, sérstaklega fyrir ofan Þverá. ...Á leiðinni inn eftir hafði ég reynt að kasta tölu á skriður þær sem sáust af þjóðveginum og lætur næri að tala þeirra hafi verið þessi: Frá Haga að Líknarlæk 16, frá Líknarlæk að Bringu um 100, eða alls í Hagalandi 136, þegar talðar eru með skriðurnar í Hrafnabjargabrekkum. ...hafi sér sýnst fossa alls staðar fram af Líknarbjörgum, enda munu Líknarbrekkur bera þessa minjar lengi. ...hafa ekki komið skriður og grafgil (fyrr) í hinum annáluðu gróðurbrekkur. En nú eru þarna um 20 þróng og djúp grafgil. ...Nitján skriður eru á Bringuveginum í Ásólfssstaðalandi, en engar stórar. Innsta skriðan er á Bringuflötum, bak við Bringu, og er ekki mjög stór. ...Þessi vegur var áður nýviðgerður og hefur aldrei verið jafngóður. En nú höfðu fallið á hann 50 skriður. Auk þess hafði víða runnið inn á hann og aurbleytur víða á 5 km löngum kafla. ...Þverá óx tiltölulega lítið í samanburði við læki þar fyrir austan. Virðast skýföllin því hafa náð frá Stakkatúnslæknum hjá Haga austur fyrir Litlu-Bringu, en það er 5 km leið. Hlaupið sem kom í Ásólfssstaðalækinn, kom úr gili ofan úr Haukadal í Hagafjalli, en þverlækir á móts við Ásólfssstaði breyttust lítt. Ég geri því ráð fyrir að skýfallssvæðið hafi náð yfir 5x5 km eða lent svo að segja eingöngu á Hagafjalli. En eitt er víst, að önnur eins demba hefur ekki skollið á það fjall um aldaraðir (Lesb. Mbl. 21.08.49).

Heim: Vísir 02.08. Ább. 03.08. Þvl. 03.08. Tím. 03.08. Mbl. 07.08. Lesb. Mbl. 21.08.49. Veðr. ág. Öl. Jóns. '57.

Sumar/Haust. SKAGAFJÖRÐUR (Austurdalur).

Berghlaup.

Um einnar stundar gang sunnan við Árbæ í Austurdal, um það bil, þar sem heita Ófriðarstaðir, varð sumarið eða haustið 1949 undarlegt hlaup úr fjallshlíðinni austan dalsins. Þarna upp í fjallshlíðinni liggur melhryggur, ávalur, upp og ofan hlíðina. ...Í um 160 m yfir dalbotninn hefur melhryggurinn kubbast í sundur, og er brotið um 30 m hátt og skálaga. Hefur svo bergfyllan úr skálinni skutlast niður í brekkuna niður frá henni og orðið þar að mjög upphlöðnu og stórgreyttu urðarhrúgaldi, sem lítið hefur dreifst, þótt einstök björg hafi oltið niður eftir brekkunni, og sum alveg niður í dalbotn. ...Hvernig hlaup þetta, sem virðist hafa orðið snögglega, gat gerst er ekki auðskilið. Ekki er líklegt, að vatn hafi átt teljandi þátt í því, og má í því sambandi nefna, að ekkert, er bendir á vatns- eða leirrennsli í kringum það eða undan því, er sjáanlegt. Verður helst giskað á, að einhvers konar spenna í jarðlögunum, sem snögglega eins og sprenging, hafi valdið þessu. ...Berghlaup þetta er það smæsta, er ég hefi skoðað og líka það yngsta (Ól. Jóns. - Berghaup '76.).

...Hvernig framhlaup þetta sem vafalaust hefur orðið snögglega má verða, er ekki auðskilið. Vafalaust hefur vatnsþrýstingur átt einvern þátt í því, þótt hlaupið liggi þarna milli tveggja gilja. Jafnvel nú eftir langvinna þurrka, seitlar vatn undan því. Vatnið er fleytti því af stað hefur þó verið svo lítið, að hlaupið stöðvaðist þegar, neðan við skálina og engir leirstraumar hafa runnið undan því. Einhverjar hæringar hafa verið á hlaupinu fyrst eftir að það varð og ef til vill enn. Í fina mulningnum ofan á því vottar hér og þar fyrir þversprungum, oft nokkrum saman, sem mulningurinn fyllir jafnharðan. Hlaup þetta, þótt lítið sé, er ágæt smækkuð mynd af sumum þeim framhlaupum margfalt meiri, er orðið hafa einhvern tíma í fyrndinni (Ól. Jóns. - handrit '58.).

Heim: Ól. Jóns. - handrit '58. Ól. Jóns. - Berghaup '76.

ATH: Ólafur hefur greinilega skift um skoðun á tilurð þessa berghlaups. Mér finnst skýringin frá 1958 meira freistandi og tengi þá berghlaupið hinum miklu leysingum vorið/sumarið 1949. Ástæða virðist til að kanna þetta berghlaup nánar.

11.-12. sept. VESTUR BARÐARSTRANDARSÝSLA (Kleifaheiði).

Skriður.

Mikil rigning var sunnan- og vestanlands helgina 11.-12. sept. Urðu miklir vatnavextir og víða vegaskemmdir og heyskaðar. Flóð urðu á Snæfellsnesi, Döllum og Norðurárdal í Borgarfirði og víðar.

Um síðustu helgi urðu miklir vatnavextir á Vestfjörðum. Ollu þeir miklu tjóni á vegum, einkum þó á veginum yfir Kleifaheiði úr botni Patreksfjarðar inn á Barðaströnd. Féllu skriður á veginn, svo að hann varð með öllu ófær bifreiðum (Tím. 17.09.).

Heim: Tím. 17.09.

ATH: Skriður hafa sennilega fallið víðar, enn ekki fundust heimildir um aðrar, en þær á Kleifaheiði.

23. nót. NESKAUPSTAÐUR.

Skriður.

Flesta dagana (þ. 15.-29.) var töluberð úrkoma um austanvert landið og stórrigning á Austfjörðum þ. 22.-23.

...Undanfarna daga hefur verið hér úrhellisrigning og um 07 leyið í morgun (23.11.) kom hlaup úr fjallinu fyrir ofan bæinn og stefndi á bæjarfógetahúsið. Skriðan felldi steinsteyptan garð, sem er fyrir ofan húsið og fylltist kjallari hússins af aur og vatni, ...Varð þarna hið mesta tjón á húsbúnaði og íbúðinni og litlu sem engu bjargað úr henni. Fleiri íbúðir munu og hafa orðið fyrir verulegum skemmdum. ...Skriðan rann áfram og komst mikill aur í sundlaug kaupstaðarins, ...Steinveggir, sem urðu á vegi skriðunnar hrundu og víða eru hús í hættu, þar sem leðjan hefur grafið undan þeim. Í allan dag hefur verið reynt að stöðva skriðuna og beina henni frá húsunum, ...Stórgrýti rann niður fjallið, en ekki hefur það valdið tjóni til þessa (Mbl. 24.11.). ...Í gärmorgun hafi stórkostlegt hlaup orðið í svonefndum Konráðslæk, en hann er í fjallinu norðan kauptúnins. Í undanfarandi rigningatið safnaðist fyrir geysimikið vatn í skál, sem er efst í fjallinu. Er fyrirstaðan rofnaði og vatnsflaumurinn braust fram, féll hann í einum farvegi niður hliðina, en dreifðist síðan og reif með sér aur og grjót. Náði hlaupið yfir ca. 150 m, breitt svæði í kauptúninu og olli óhemju skemmdum. ...Annað hlaup kom kl. 09:30 um morguninn, en minna og olli ekki eins miklu tjóni og hið fyrra. ...Umferð um Miðstræti teptist alveg. Var aurinn þar 75-100 cm, djúpur, og er ekki farandi um strætið nema á klofháum stígvélum (Pvl. 24.11.). ...hús bæjarfógeta varð verst úti. Var aurdýngjan í því hálfur annar metri á þykkt og náði það lag um allt húsið. Mikið af túnum felst undir skriðunni, og eru þau nú grjóturð yfir að líta. Það mun verða margra daga verk fyrir fjölda manna að verka aur úr húsunum og af lóðum í kaupstaðnum (Tím. 25.11.). ...Svonefndur Konráðslækur hljóp úr farvegi sínum í svokallaðan Hóslæk í gær, vegna skriðufalla, sem stífluðu farveg læksins. Við þetta myndaðist skriðuhlaup, sem flæddi um bæinn, einkanlega miðbæinn, og skall þar með miklu afli á íbúðarhúsunum (Aþb. 24.11.).

Heim: Pvl. 24.11. Aþb. 24..11. Mbl. 24.11. 25.11. 27.11. Tím. 24.11. 25.11. 29.11. Visir 24.11. 26.11. Ísl. 30.11. Veðr. nót. Ól. Jóns. '57.

1950

jan. FLJÓTSDALUR.

Skriður.

...seint í janúar. Þar félru nokkrar skriður úr Klausturhæðinni, fjallinu upp af Skriðuklaustri. Mesta skriðan féll vestur og upp frá bænum, norðan við svokallað Hantó, en þar eru beitarhús frá Klaustri og nokkurt túni. Fór skriðan yfir nýrækt þar og mun hafa eyðilagt um eina dagsláttu af túni. Önnur skriða kom niður á Klausturtúnið nyrst, en þó eigi meiri en svo, að hreinsað varð (Ól. Jóns. '57.).

Heim: Ól. Jóns. '57.

febr. BREIÐDALUR (Hvalsnesháls).

Skriða.

Í febr. hljóp mikil skriða úr brún svokallaðs Steinahjalla, sem er sunnan undir Hvalsneshálsi, milli Breiðdals og Stöðvarfjarðar. Skriða þessi var meira en 100 m breið og fór yfir land neðan við hjallann í sjó fram. Hlaupið var mjög þykkt og meginhluti þess mold og leir. Orsök hlaupsins virðist sú, að hjallinn allur hefði sigið. Sáust þess merki, að hjallinn hafði lækkað um 1-2 m, þar sem hann lá að bergstöllum fjallsmegin, og í urðunum þar upp af, niður frá fjallsegginni, mátti sjá breiða bekki, þar sem urðirnar höfðu skriðið til, er þær fylgdu landsiginu hið neðra. Mikil spjöll urðu á símanum, sem lá eftir hjallabréuninni. Tók skriðan línum, og fóru sumir staurarnir kollhnís, svo að aðeins sá á neðra enda þeirra upp úr hlaupinu. Þarna undir hjallanum var gott beitiland (Ól. Jóns. '57.).

Heim: Ól. Jóns. '57.

vetur/vor. VESTUR ÍSAFJARÐARSÝSLA (Hrafnseyrarheiði).

Grjóthrun.

...Enn er varla hægt að segja, að bílfært sé yfir Hrafnseyrarheiði, milli Pingeyrar og Auðkúlu, því að vegagerðin hefur ekki einu sinni látið ryðja af veginum stórgryti, er hrundi á hann í vetur, né heldur látið moka tvo skafla, sem verið hafa til fyrirstöðu (Tím. 23.07.).

Heim: Tím. 23.07.

10. júlí NESKAUPSTAÐUR.

Skriður.

Þ. 8.-15. voru stöðugar og stórfelldar rigningar um austanvert landið.

Stórrigningu gerði hér (Neskaupstaður) um miðnætti aðfaranótt sunnudags og hélst hún stöðugt fram á miðjan dag í dag (10.07.). Mikill vöxtur hljóp í allar lækjarsprænur hér í nágrenninu og flæddi inn í bæinn. Stórtjón varð ekkert, en leðju bar upp að sundlauginni og kjallara í húsi sem er í byggingu, fyllti af vatni. ...Skriður fíllu ekki úr fjallinu að þessu sinni (Mbl. 11.07.). ...Skriðuföll valda enn miklu tjóni á Neskaupstað. ...Sl. nótt hljóp sami lækurinn og mestu tjóni olli sl. haust og rann m.a. yfir sama svæðið. ...Margir aðrir lækir hlupu einnig og mátti heita að ófært væri um bæinn í dag. ...Ófært er nú yfir Oddsskarð vegna þess að vegurinn hefur grafist af völdum rigningarinnar (Pvl. 11.07.). ...en þá brá til rigninga og þeirra svo mikilla, að aurskriður hlupu á vegi á ýmsum stöðum og ollu truflunum á samgöngum. Einig hlupu aurskriður á tunn í Neskaupstað og vatnsagi var mikill á götunum, en skemmdir urðu engan veginn eins miklar og á síðasta hausti. ...hlupu aurskriður á vegi á ýmsum stöðum. Til dæmis var fólk úr Neskaupstað, er farið hafði á skemmtun á Hallormsstað á sunnudag, tólf stundir á leiðinni heim vegna skriðuhlaupanna. ...Skemmdir urðu einig á fjallvegum, en ekki svo, að ekki muni fljótlega hægt að kippa þeim í lag (Visir 11.07.). ...Í fyrrinótt urðu nokkur skriðuföll í Neskaupstað í Norðfirði og ollu skemmdum á girðingum, túnum og kjöllurum nokkurra húsa. ...Vöxtur hljóp í margar ár, svo að þær urðu ófærar bifreiðum, og fjallvegir skemmdust, svo sem vegurinn yfir Fagradal (Tím. 11.07.).

Heim: Tím. 11.07. 12.07. Mbl. 11.07. Pvl. 11.07. Visir 11.07. Veðr. júlí. Ól. Jóns. '57.

ATH: Ekki eru heimildir sammála um hvort það voru skriður eða eingöngu flóð sem ullu skemmdum á Neskaupstað. Skriður virðast hafa fallið annarstaðar í Norðfirði og e.t.v. viðar á Austfjörðum.

15. júlí REYÐARFJÖRÐUR, ESKIFJÖRÐUR (Hólmamatindur).

Skriður.

P. 8.-15. voru stöðugar og stórfelldar rigningar um austanvert landið.

...Í vor hefur verið þurr og kalt austanlands og var mikill snjór í fjöllunum. Nú nýlega brá til hlýinda, á föstudagskvöld byrjaði að rigna. Urðu skjótt miklir vatnavextir, og var leysingin svo ör, að snjórinn bökstaflega sópaðist úr háfjöllunum (Tím. 18.07.). ...Aðfaranótt laugardagsins gerði ofsarigningu við Reyðarfjörð, en sem náði þó ekki yfir nema lítið svæði, aðallega á Hólmamatind og næsta umhverfi hans. Regnið var svo stórkostlegt, að jarðvegur losnaði víða í fjallinu og féll niður í skriðum. Þannig fóllu 20-30 skriður yfir veginn milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar og þar með hafa bifreiðasamgöngur til Eskifjarðar og Norðfjarðar algerlega teppst. ...Pessar skriður, sem þarna fóllu ollu yfirleitt ekki öðru tjóni en því sem varð á veginum. Hins vegar fóll heljarmikil skriða á Hólma, gamla prestsetrið í Reyðarfirði og olli þar verulegum skemmdum. Fél hún kl. 10-11 á laugardagsmorguninn, ofan úr fjallsbrún og alveg niður í sjó. Pessi skriða eyðilagði túnið á Hólmum að miklu leyti, tók burtu hlöðu og geymsluskúr, auk þess sem hún tók burt jarðyrkjuverkfæri, kol og matvæli. Hún fóll á grjótrétt og hlaðinn túngarð fyrir ofan bæinn og sér ekki urmul af því eftir. Hluti skriðunnar skall á íbúðarhúsinu, sem er steinsteypt, og sakaði það ekki. Hins vegar fóll hún inn á gamlan kirkjugarð, og olli skemmdum á hluta af honum. ...Er ekki búist við að unnt verði að nýta jörðina í sumar nema að litlu leyti, þar sem túnið er að mestu eyðilagt. Óhemjuvatnavextir hlupu samtímis í ár og laki (Vísir 17.07.). ...Míklar skriður fóllu á veginn milli Reyðarfjarðar og Eskifjarðar, flestar úr Hólmamatindi. Er vegurinn gereyðilagður á löngum köflum. ...um 30 skriður, sumar breiðar, en auk þess er hann allur sundurgrafinn af lækjum og vatni, sem runnið hefur á hann. ...að bænum á Hólmum myndi hætt og forðaði fólk sér burt úr húsinu og þangað, er minni hætta stafaði af skriðuhlaupum. Horfði fólkid á, er fram brast á að giska 150 m breið skriða, er svipti öllu með sér og æddi niður hlíðina. Tók hún af meginhluta gamla staðartúnsins á Hólmum (Tím. 18.09.). ...Er skriðan svo þykk, þar sem hún liggur yfir því (túninu), að lagið er um 10 m þykkt (Mbl. 18.07.).

...Skriðurnar á Hólmum voru aðallega fjórar. Sú, sem fyrst hljóp, var mest. ...Upptök skriðunnar eru uppi í hátindi fjallsins, og er farvegurinn fyrst í stað eins og örmjótt strik. Skriðufarið víkkar talsvert í miðju fjalli, ...og síðan hefur skriðan lent í bæjarlæknum, er rann niður túnið rétt sunnan við bæinn, og einnig í öðrum læk, er fóll niður túnið nokkru sunnar, ...og hefur verið þar um 150-200 m breið, þar sem hún er breiðust. ...Í skriðu þessari hefur verið mikið af smáu og stóru grjóti, svo að fljótt á litid virðist stórgrytið ráðandi, en það er eins og grjótið hafi flotið ofan á efjunni, og þegar betur er að gáð, sést, að mjög mikið af möl, sandi og leir er innan um grjótið og undir því. ...Þegar sást til skriðunnar, neðan við þokuna, líktist hún geysimikilli öldu, er valt niður frá fjallinu, og stóðu hér og hvar háir vatnsstrókar upp úr henni. Eftir ágiskun var skriðan um 3 mín. að renna, eftir að fyrst heyrðist til hennar. ...Um 10 mín. eftir að fyrsta skriðan fóll, kom önnur skriða dálitið austar. ...Pessi skriða fóll niður í þá fyrstu. Þriðja skriðan kom enn nokkru austar. Loks kom fjórða skriðan talsvert austar. ...Allar fóllu skriður þessar með litlu millibili, og allar breiddu þær mikið úr sér, þegar kom niður í fjallsræturnar, en þar varð þegar mikið af leir og grjóti, og er allt svæðið frá fjalli og fram í sjó þakið skriðuruðningi, þó ekki djúpum, nema þar, sem skriðurnar fylltu lægðir eða farvegi, en þótt mikið af ruðningi yrði eftir undir fjallsrótum, þá rifu skriðurnar jafnframt upp jarðveg og gamlan ruðning á leið sinni niður frá fjallinu,

...Mjög mikill hávaði og glamur var í grjótinu, þegur skriðurnar ruddust fram (Ól. Jóns. '57.).

...Um sama leyti munu einnig hafa fallið skriður úr sunnanverðu Grænafelli á Fagradalsbrautina (Ól. Jóns. '57.).

Heim: Vísir 17.07. 22.07. Tím. 18.07. Þvl. 18.07. Ább. 18.07. Mbl. 18.07. 22.07. Veðr. júlí. Ól. Jóns. '57.

17.-19. ág. EYJAFJÖRÐUR (Dalsmynni, Svalbarðsströnd, Ólafsfjörður, Skíðadalur).

Skriður.

Þetta sumar var mjög úrkamusamt á Norður- og Austurlandi. Í ág. mældist úrkoman á öllu landinu 50% umfram meðallag. Stórrigningar voru tiðar á Austur- og Norðausturlandi.

...Skriður félleu á þjóðveginn í Dalsmynni og utarlega á Svalbarðsströnd í stórrigningunni á dögunum. Var fljóttlega gert við veginn hérna megin Vaðlaheiðar, en talsverðar skemmdir urðu á veginum í Dalsmynni, utan Skarðs, og mun hann illfær (Dagur 23.08.).

...Þann 17. ág. hlupu skriður á veginn milli Þróoddsstaða og Auðna í Ólafsfirði, eyðilögðu hann á nokkrum stöðum og skemmdi engi. Sömuleiðis félleu smáskriður milli Kálfsár og Hóls í sömu sveit (Ól. Jóns. '57.).

...og á laugardaginn 19. ág., sama daginn, sem skriðuhlaupin urðu á Seyðisfirði, félleu skriður milli Dælis og Másstaða i Skíðadal, en tjón af þeim varð lítið.

Heim: Dagur 23.08. Ól. Jóns. '57.

19. ág. SEYÐISFJÖRÐUR, REYÐARFJÖRÐUR, (banaslys).

Skriður.

Mikil úrkoma var austanlands þetta sumar. Á Seyðisfirði byrjaði að rigna upp úr miðnætti aðfaranótt laugardagsins (19.08.) og þegar leið á nöttina gerði stórrigningu og hélst hún fram undir hádegi. Auk þess var mjög hvasst. ...Veðurathugunarmaðurinn hér í bænum mældi 78 mm úrkому kl. 9 um morguninn. En fjöldi manna ber því vitni, að eigi hafi verið mælanleg úrkoma fyrir klukkan 4 um nöttina og hafði því ekki rígt neitt nema í 4-5 klst. Hefur þetta því verið skyfall af verstu tegund (Mbl. 22.08.).

...Að morgni 19. ág. s.l. gerði aftakarigningu með stórkostlegum vatnavöxtum á Seyðisfirði og víðar. Tóku lækir að bera fram aur og stórgrýti kl. 07-08 um morguninn. Tjón af skriðuföllum þessum varð mest á Fjarðarströnd. En nokkuð tjón varð samt einnig annars staðar (Mbl. 30.08.).

...Um morguninn fél hver skriðan á fætur annarri beggja megin fjarðarins, bæði úr Bjólfí og Strandatindi. Urðu skriðurnar norðan megin fjarðarins miklu fleiri, en hinarr sem að sunnan félleu, en skriðuhlaupin úr Strandatindi urðu þeim mun örlagaríkari og orsókuð mest tjón (Vísir 21.08.).

STRANDATINDUR: ...Einkum hafa skriðuhlaupin orðið á Fjarðarströndinni og þar sunnan og utanvert í bænum, og flúði fólk þaðan er það sá hvað verða vildi (Tím. 20.08.). ...Margar fleiri skriður hlupu utar á Ströndinni og voru taldar 17 út að Sörlastöðum (Ól. Jóns. '57.).

...og féll skriðan á áttunda tímanum, lenti á ysta húsinu í kaupstaðnum, færði það í kaf og braut (Vísir 21.08.). ...hljóp skriða á húsið Strandarveg 26 og molaði það algerlega niður. Húsið var tveggja hæða steinhús, en ójárbent (Þvl. 20.08.). ...Sorglegt slys varð, er skriða hljóp á hús Aðalbjörns Jónssonar og jafnaði það við jörðu með þeim afleiðingum, að kona hans, Ingibjörg Magnúsdóttir, fórst ásamt fjórum börnum þeirra.

Sjálfur var Aðalbjörn ekki heima, þegar slysið vildi til, og dóttir hans komst einnig af, nokkuð meidd, úr rústunum (Mbl. 30.08.). ...Feðgarnir á efri hæðinni, ...munu aldrei hafa grafist í skriðunni, heldur lent ofan á henni og ef til vill bjargast á þakinu, því að þegar Gunnar rankaði við sér eftir áfallið, lá hann við brún þakskeggisins. ...var Ingibjörg, ásamt börnum sínum, stödd í gangi í miðju húsinu. Þau voru í þann veginn að fara út, og var Ingibjörg búin að opna útidyrrahurðina, en í því dundi skriðan fram af hömrumerum, og lokaði hún þá aftur dyrunum, en Guðrún opnaði í fátinu hurð inn í herbergi innar á ganginum, og lenti hún þangað inn þegar húsið hrundi. Lá hún þar skorðuð í svarta myrkri og gat sig ekki hrært, en átti örðugt með andardrátt. Tók hún þegar að hrópa á hjálp. Létti henni mikið, er hún heyrði, að farið var að grafa í skriðuna, en hélt þó áfram að kalla, þar til hún náðist eftir þrjár klukkustundir. Hún var mikið marin og lítils háttar brákuð, en ómeidd að öðru leyti (Ól. Jóns. '57.).

...Upptök skriðunnar voru í nær miðju fjalli, en hún náði yfir tiltölulega lítið svæði. Hún var aftur á móti þykk og þunginn í fallinu mikill. ...Vatnselgurinn, sem fylgdi í kjölfar skriðunnar, var mjög mikill. Skriðan braust fram efst í gegnum grjótkambinn, sem var fyrir ofan húsið og beint á það og úthýsi, sem var rétt hjá því. Þá fyrst, er hún hafði brotið það niður skifti hún sér. Það virðist þegar aðstæður eru athugaðar, einkennileg tilviljun, að skriðan skyldi, einmitt falla á íbúðarhúsið, en ekki fylgja alveg lækjarfarveginum. Þá hefði hún ekki orðið að verulegu tjóni, þar sem breidd hennar er ekki mikil (Mbl. 10.10.).

...Á síldarbræðsluna, sem er nokkuð innar en aðalslysstaðurinn fíll skriða, og fylltust þærnar af aur. Liggur stórgrytið á við og dreif í kringum síldarbræðsluna. ...Í húsi áfostu við síldarbræðsluna ...það lenti í hlaupinu og laskaðist og bjargaðist þórir nauðulega, og elsta dóttir hans á nærlæðum einum. ...Rétt ofan við síldarbræðsluna lenti hlaupið á húsi. ...og bjargaðist það (ibúarnir) nauðulega. Skúrar, sem þar voru brotnuðu og íbúðarhúsið mun eitthvað hafa laskast (Tím. 20.08.). ...að hús Sveinbjarnar hefði orðið miklu verr úti, ef staurar háspennulínu, sem er í hlíðinni ofan við það, hefðu ekki hlift því, því að um þá klofnanokkuð (Tím. 22.08.). ...Gífurlegt tjón varð við síldarverksmiðjuna og er þar vafalaust um langmesta tjónið sem orðið hefur á mannvirkjum, ...Hófust spjöllin á því að vatnsflóð hljóp á verksmiðjulóðina og fyllti síldarþærnar, en litlu síðar kom aurskriða ofan úr fjallinu. Fél skriðan fyrst á saltgeymslu, sem stóð ofanvert við þærnar og eyðilagði hana, en hélt síðan áfram niður í þærnar og fyllti þær af möl og stórgryti. Mun þó vera álika magn af grjóti ofan á þeim, sem í þeim sjálfum (Visir 21.08.).

BJÖLFUR: Norðan megin fjarðarins fíllu nær óteljandi smáskriður úr Bjólfinum. Margar fíllu yfir veginn út á Vestdalseyri, en annars ollu þær ekki tjóni að ráði, nema ein sem fíll yfir stakkstæði og fiskhús og eyðilagði það (Visir 21.08.). ...Margar skriður fíllu og úr Bjólfí norðan fjarðarins, en ekki urðu þær að eins miklum skaða (Aþb. 22.08.). ...Einnig fíll aurskriða á tvö ystu hús kaupstaðarins að norðan, sem eru næst byggðinni á Vestdalseyri. Gekk aurinn inn í þau (Mbl. 10.10.). ...Á Bræðraborg, skammt utan við kaupstaðinn, fíll skriða, sem mun hafa valdið skemmdum á húsum, svo að fólk flýði þaðan (Ól. Jóns. '57.).

...Á bæ út með firðinum skemmdist tún og fjárhús, ásamt gryfju og hlöðu (Aþb. 22.08.). ...Á Selstöðum fór skriða yfir 2/3 af túninu, og skemmdirur urðu þar á útihúsum (Veðr. ág.). ...Par flæddi Selstaðaá heim undir bæjarvegg með miklum aurburði. Eyðilagðist mikið af túninu. Fjárhús brotnaði, og súrheysgryfja og hálf heyhlaða fylltust af aur (Tím. 20.08.).

...Inn af fjarðarbotninum fíllu einnig margar skriður þar á meðal fíll ein niður yfir túnið á Firði og orsakaði miklar skemmdir (Visir 21.08.).

...Úr Grænafelli í Reyðarfirði urðu ógurleg skriðuföll, og er þjóðvegurinn, þar sem hann liggur upp úr Reyðarfirði á Fagradal, ein stórgrytisurð á löngum kafla. Er talið að

um tuttugu skriður hafi fallið úr Grænafelli (Tím. 20.08.). ...Úr Grænafelli við mynni Fagradals féllu 18 skriður og fóru flestar yfir þjóðveginn sem liggur upp á Hérað (Vísir 21.08.).

...Í Eskifirði urðu gífurlegir vatnavextir, og brutust ár þar úr farvegum sínum, og urðu verulegar skemmdir á götum í bænum. Bleiksá, sem rennur rétt innan við bæinn, flæddi upp úr farvegi sínum, og rann hún í gærmorgun yfir veginn á eitt hundrað metra löngum kafla. Grjótá braust einnig úr farvegi sínum og flæddi hún inn í hús, ...Lambeyrará tókst að halda í skefjum með mannafla (Tím. 20.08.).

...Í Loðmundarfirði urðu miklir vatnavextir á laugardaginn, sem víðar á Austfjörðum. Tvær ár, Norðdalsá og Kirkjuá, renna niður við túnið á Klyppstað, sín hvorum megin. Hlupu þær á túnið (Tím. 22.08.).

...Gífurleg flóð urðu í Hjaltastaðaþinghá síðastliðinn laugardag. Flæddu Selfljót og Bjarglandsá og fleiri þverár þess yfir geysimikið landflæmi, ...Í stórrigninguunni aðfaranótt laugardagsins hljóp gífurlegur vöxtur í allar ár, sem eiga upptök sín í fjallgarðinum milli Úthéraðs og fjarðanna, ...Eitthvað af fíenaði, er var á láglendi, fórst í þessum gífurlegu vatnavöxtum (Tím. 22.08.).

Heim: Tím. 20.08. 22.08. 25.08. Mbl. 20.08. 22.08. 25.08. 26.08. 30.08. 31.08.

10.10. Pvl. 20.08. Vísir 21.08. Árb. 22.08. Alpm. 22.08. Dagur 23.08. Ísl. 23.08.

Veðr. ág. Gerpir 1959, 4. árg. 10.-11. tbl. Ól. Jóns. '57.

ATH: Ekki er getið um skriður á Eskifirði, Loðmundarfirði, eða Héraði.

5.-6. sept. SÚGANDAFJÖRÐUR.

Skriður.

Þ. 4. nálgaðist djúp lægð suðvesturströndina og þokaðist næstu daga norðaustur yfir landið. Lægðinni fylgdi austan og norðan hvassviðri um allt land. Úrkoma Suðureyri þ. 6. 72.4 mm.

Skriður féllu í nágrenni Suðureyrar þ. 5.-6., en ollu ekki tjóni (Veðr. sept.).

Heim: Veðr. sept. Ól. Jóns. '57.

ATH: Veðr. er eina heimild fyrir þessu skriðufalli.

20. nóv. ÓLAFSVÍKURENNL.

Skriða.

Síðastliðinn mánudag féll skriða úr Ólafsvíkurenni og á símalínuna til Hellissands (Vísir 25.11.).

Heim: Vísir 25.11. Veðr. nóv. Ól. Jóns. '57.

ATH: Skv. Vísí 25.11 átti þetta sér stað þ. 20., ekki þ. 19. eins og Veðr. nóv. og Ól. Jóns. '57. segja.

des. ELDEY.

Grjóthrun.

Þau tíðindi hafa gerst, að nokkur hluti Eldeyjar hefur fallið í sjó og er nú horfinn. Mun þetta sennilega hafa gerst um helgina, eða a.m.k. síðustu dagana, ...að um það bil þriðjungur eyjarinnar myndi hrapaður í sjó. Er þetta á suðausturhluta eyjarinnar. ...lá sprunga í eynni, skammt frá suðaustur brúninni. ...og að annað hafi ekki hrapað en stykki það sem sprungan afmarkaði, er það naumast, meira en áttundi hluti eyjarinnar sem hefur hrapað og horfið (Vísir 06.12.). ...Var austurhluti eyjunnar fallinn í sjóinn, og voru nú komnar urðir og skerjaklasar undir eyjarfætinum þar sem áður var hreinn

sjór. Virðist þeim félögum sem eyjan hefði minnkað um þriðjung. Það er gífurlegt rask sem hér hefur orðið, er eyjan gliðnaði sundur, enda hefur um tveggja dagslátta spilda af yfirborði eyjarinnar hrunið í sjóinn með margra tuga metra undirstöðu. ...Hitt er þó eins líklegt, að frostin og veðrin að undanförnu hafi valdið því, að bjargið gliðnaði til fulls í sundur og stór hluti eyjarinnar féll í hafið (Tím. 06.12.). ...Mönnum ber ekki saman um, hve mikið hrunið sé ...Sjómenn úr Keflavík ...toldu sig ekki geta séð neinar breytingar á klettinum og töldu þess vegna, að varla geti verið um mikið hrun að ræða (Mbl. 07.12.).

Heim: Visir 06.12. Tím 06.12. Pvl. 06.12. Mbl. 07.12. Ól. Jóns. '57.

17. des. EYJAFJÖLL, MÝRDALUR.

Skriður.

Leysing, þ. 16.-18. var töluverð úrkoma, víðast rigning.

Asahláku gerði hér (Vík í Mýrdal) aðfaranótt sunnudags, með skriðuhlaupum og gífurlegum vexti í öllum ám. ...Stór grjótskriða hljóp úr Holtsnúp (undir Vestur Eyjafjöllum), skammt austan við Holtsá, og lokaði allri umferð (Mbl. 19.12.).

Heim: Mbl. 19.12. Tím. 20.12. Ól. Jóns. '57.

SKRÁ YFIR STAÐANÖFN

Akureyri	1926 12. jan.
Akureyri	1946 22.-23. sept.
Almannaskarð	1926 26. des.
Arnarneshrepur/Eyjafj.	1940 maí
Austurdalur/Skagafj.	1949 sumar/haust
Álftafjörður	1936 16. sept.
Árskógsströnd/Eyjafj.	1934 2. júní
Árskógsströnd/Eyjafj.	1946 22.-23. sept.
Barkárdalur/Eyjafj.	1926 24. ág.
Bárðardalur	1935 14.-17. sept.
Berufjörður	1936 16. sept.
Bíldudalur	1931 21.-22. ág.
Bjólfell/Landssveit	1947 8. nóv.
Bleiksmýrardalur/S-Þing.	1935 14.-17. sept.
Bleiksmýrardalur/S-Þing	1946 22.-23. sept.
Bolungarvík	1947 2. okt.
Breiðadalsheiði/V-Ísafjs.	1936 30. júní
Breiðdalur	1936 16. sept.
Brennisteinsfjöll/Reykjanesskagi	1929 23. júlí
Brúarhlöð/Árnессýsla	1934 15.-16. febr.
Dalir	1949 28. júní
Dalsmynni/Eyjafj.	1946 22.-23. sept.
Dalsmynni/Eyjafj.	1950 19. ág.
Djúpidalur/Eyjafj.	1925 9. júní
Drangey	1930 ?
Drangey	1934 2. júní
Drangey	1934 18. sept.
Drangey	1937 jan.
Dýrafjörður	1935 21. jan.
Eldey	1950 des.
Eskifjörður	1935 14.-17. sept.
Eskifjörður	1937 1. sept.
Eskifjörður	1940 29. júní
Eskifjörður	1941 25.-29. sept.
Eskifjörður	1946 5.-7. ág.
Eyjafjarðardalur	1925 9. júní
Eyjafjarðardalur	1933 23. júlí
Eyjafjarðardalur	1934 2. júní
Eyjafjarðardalur	1938 19. júní
Eyjafjarðardalur	1939 21. júní
Eyjafjarðardalur	1946 22.-23. sept.
Eyjafjarðardalur	1949 19. júní
A-Eyjafjöll	1926 26. des.
Eyjafjöll	1933 7.-8. sept.
V-Eyjafjöll	1950 17. des.
Fagridalur	1941 25.-29. sept.
Fagridalur	1941 10. nóv.
Fagridalur?	1946 5.-7. ág.
Fagridalur	1950 15. júlí
Fagridalur	1950 19. ág.

Fáskrúðsfjörður	1927 sept.
Fjörður	1934 20. júní
Fljótsdalur	1927 des.
Fljótsdalur	1941 10. nóv.
Fljótsdalur	1950 jan.
Fnjóskadalur	1946 22.-23. sept.
Fnjóskadalur	1949 19. júní
Garðsnúpur/Aðaldal	1946 22.-23. sept.
Gilsfjörður	1943 10.-11. okt.
Gilsfjörður	1946 30.-31. okt.?
Gilsfjörður	1949 28. júní
Grímsey	1927 4. apr.
Grímsey	1934 2. júní
Hellisheiði/Árnessýsla	1935 9. okt.
Hengill	1931 23. ág.
Hnappadalur	1929 ág.
Hnappadalur	1932 13. sept.
Hoffellsdalur/Hornafj.	1941 12. okt.
Hornafjörður	1936 16. sept.
Hornstrandir	1939 24. ág.
Hólmaströnd	1937 1. sept.
Hólmaströnd?	1941 25.-29. sept.
Hólmaströnd	1946 5.-7. ág.
Hólmatindur	1950 15. júlí
Hrafnseyrarheiði/V-Ísafjs.	1950 veturn/vor
Hrísey	1934 2. júní
Hrunamannahreppur	1940 9. júlí
Hvalfjörður	1932 30.-31. ág.?
Hvalfjörður	1933 7.-8. sept.
Hvalfjörður	1941 25.-29. sept.
Hvalfjörður	1946 13. jan.
Hvalsnesháls/Breiðdal	1950 febr.
Hveragerði	1947 19. maí
Höfðahverfi/Eyjafj.	1934 2. júní
Höfðahverfi/Eyjafj.	1946 22.-23. sept.
Hörgárdalur	1926 24. ág.
Hörgárdalur	1938 6. júní
Hörgárdalur	1946 22.-23. sept.
Ingjaldssandur	1935 24.-30. jan.
Ingólfssfjall	1925 6. júlí
Ingólfssfjall	1926 26. des.
Ingólfssfjall	1929 23. júlí
Ingólfssfjall	1931 23. ág.
Ísafjörður	1934 3.-4. júní
Ísafjörður	1936 13. ág.
Ísafjörður	1942 21.-22. sept.
Ísafjörður	1943 24. okt.
Kaldakinn/S-Þing.	1946 22.-23. sept.
Kamba(nes)skriður	1936 16. sept.
Kaupangssveitarfjall/Eyjafj.	1946 22.-23. sept.
Kinnarfjöll/S-Þing.	1934 2. júní
Kjalarnes	1939 haust

Kleifaheiði	1949 11.-12. sept.
Látrabjarg	1926 16. júní
Látraströnd/Eyjafj.	1926 24. ág.
Látraströnd/Eyjafj.	1934 2. júní
Ljósavatnsskarð	1946 22.-23. sept.
Loðmundarfjörður	1930 5. sept.
Lokinhamradalur/Arnarfj.	1941 vor
Lón	1936 16. sept.
Lón	1940 29. júní
Lundarreykjadalur	1931 14. okt.
Lundarreykjadalur	1933 7.-8. sept.
Lundarreykjadalur	1934 1.-4. febr.
Mjaðmárdalur/Eyjafj.	1935 14.-17. sept.
Mjóifjörður	1946 5.-7. ág.
Mýrdalur	1926 26. des.
Mýrdalur	1929 23. júlí
Mýrdalur	1933 7.-8. sept.
Mýrdalur	1935 1. febr.
Mýrdalur	1942 jan.
Mýrdalur	1950 17. des.
Möðruvellir/Eyjafj.	1926 24. ág.
Möðruvellir/Eyjafj.	1935 14.-17. sept.
Neskaupstaður	1930 20. ág.
Neskaupstaður	1937 1. sept.
Neskaupstaður	1949 23. nóv.
Neskaupstaður	1950 10. júlí
Norðfjörður	1935 14.-17. sept.
Norðfjörður	1946 5.-7. ág.
Norðurárdalur/Borgarfj.	1933 7.-8. sept.
Norðurárdalur/Skagafj.	1925 15. júlí
Norðurárdalur/Skagafj.	1948 1.-2. okt.
Núpstaður/V-Skaft.	1942 jan.
Ólafsfjarðarmúli	1934 2. júní
Ólafsfjörður	1934 2. júní
Ólafsfjörður	1950 19. ág.
Ólafsvíkurenni	1950 20. nóv.
Óspakseyri/Strandir	1943 18. des.
Pétursey/V-Skaft.	1943 12.-13. des.
Rauðisandur/V-Barðasts.	1941 19.-20. maí
Reyðarfjörður	1936 16. sept.
Reyðarfjörður	1946 5.-7. ág.
Reyðarfjörður	1950 15. júlí
Reykjanes	1926 25. okt.
Reykjavík	1936 2. maí
Reynisfjall	1932 14. jan.
Sauðanes/Siglufj.	1934 3. sept.
Seyðisfjörður	1925 veturn
Seyðisfjörður	1935 14.-17. sept.
Seyðisfjörður	1944 17. júní
Seyðisfjörður	1946 5.-7. ág.
Seyðisfjörður	1950 19. ág.
Siglufjörður	1933 19. ág.

Siglufjörður	1934 3. sept.
Siglufjörður	1947 11. sept.
Síða	1943 12.-13. des.
Skíðadalur/Eyjafj.	1929 23.-24. ág.
Skíðadalur/Eyjafj.	1950 19. ág.
Strandir	1932 2. júlí
Stöðvarfjörður	1936 16. sept.
Suðursveit	1936 16. sept.
Suðursveit	1943 12.-13. des.
Súgandafjörður	1935 21. jan.
Súgandafjörður?	1940 20. júní
Súgandafjörður	1950 5.-6. sept.
Svalbarðsströnd/Eyjafj.	1934 2. júní
Svalbarðsströnd/Eyjafj.	1946 22.-23. sept.
Svalbarðsströnd/Eyjafj.	1950 19. ág.
Svarfaðardalur	1934 2. júní
Svarfaðardalur	1946 22.-23. sept.
Svarfaðardalur	1949 26.-27. júní
Sölvadalur/Eyjafj.	1926 24. ág.
Sölvadalur/Eyjafj.	1935 14.-17. sept.
Sölvadalur/Eyjafj.	1946 22.-23. sept.
Sölvadalur/Eyjafj.	1949 19. júní
Timburvalladalur/S-Þing.	1935 14.-17. sept.
Upsaströnd/Eyjafj.	1929 23.-24. ág.
Upsaströnd/Eyjafj.	1934 2. júní
Vaðlaheiði/Eyjafj.	1934 1.-4. febr.
Vaðlaheiði/Eyjafj.	1946 22.-23. sept.
Vatnadalur/V-Ísafjs.	1939 27.-29. apr.
Vatnsdalur	1925 vor
Vatnsdalur	1925 29. ág.
Vatnsdalur	1934 27. júní
Villingadalur/Eyjafj.	1925 vor
Víðidalur/V-Hún.	1934 2. júní
Vopnafjörður	1933 18. júní
Vopnafjörður	1935 14.-17. sept.
Vopnafjörður	1941 11.-18. ág.
Þjórsárdalur	1949 1. ág.
Þormóðsstaðadalur/Eyjafj.	1933 23. júlí
Þorvaldsdalur/Eyjafj.	1946 22.-23. sept.
Pórðarhöfði/Skagafj.	1934 2. júní
Önundarfjörður	1935 21. jan.
Öræfi	1930 1.-2. mars
Öxnadalur	1926 24. ág.
Öxnadalur	1939 21. júní

SKÝRSLUR NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR ÍSLANDS - AKUREYRI

- 1. Halldór G. Pétursson, 1995. Efnisnám á Norðausturlandi.**
- 2. Halldór G. Pétursson, 1995. Skriðuannáll 1993 - 1994.**
- 3. Halldór G. Pétursson, 1996. Skriðuannáll 1925 - 1950.**